

**CIHM  
Microfiche  
Series  
(Monographs)**

**ICMH  
Collection de  
microfiches  
(monographies)**



**Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques**

**©1998**

## Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- Coloured covers /  
Couverture de couleur
  - Covers damaged /  
Couverture endommagée
  - Covers restored and/or laminated /  
Couverture restaurée et/ou pelliculée
  - Cover title missing / Le titre de couverture manque
  - Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
  - Coloured ink (i.e. other than blue or black) /  
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
  - Coloured plates and/or illustrations /  
Planches et/ou illustrations en couleur
  - Bound with other material /  
Relié avec d'autres documents
  - Only edition available /  
Seule édition disponible
  - Tight binding may cause shadows or distortion along  
interior margin / La reliure serrée peut causer de  
l'ombre ou de la distorsion le long de la marge  
intérieure.
  - Blank leaves added during restorations may appear  
within the text. Whenever possible, these have been  
omitted from filming / Il se peut que certaines pages  
blanches ajoutées lors d'une restauration  
apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était  
possible, ces pages n'ont pas été filmées.
  - Additional comments /  
Commentaires supplémentaires:

**Text in Icelandic.  
Various pagings.**

This item is filmed at the reduction ratio checked below /  
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

|                          |                          |                                     |                          |                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|-------------------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| 10x                      | 14x                      | 18x                                 | 22x                      | 26x                      | 30x                      |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input checked="" type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| 12x                      | 16x                      | 20x                                 | 24x                      | 28x                      | 32x                      |

**The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:**



**University of Manitoba  
Winnipeg**

**The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.**

**Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.**

**The last recorded frame on each microfiche shell contain the symbol → (meaning "CONTINUED"), or the symbol ▽ (meaning "END"), whichever applies.**

**Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:**



anks  
ty  
ity  
med  
res-  
tha  
ed

L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba  
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier piat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second piat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, sauf le cas: le symbole → signifie "A SUIVRE", le symbole ▽ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

3

1

2

3

2

3

5

6

# MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street  
Rochester, New York 14609 USA  
(716) 482 - 0300 - Phone  
(716) 288 - 5989 - Fax

THE UNIVERSITY OF MANITOBA  
LIBRARY



PRESENTED BY  
THE JÓN BJARNASON ACADEMY  
1940

54184

staf  
245  
SITI Haf  
1918  
c2

# SÁLMABÓK

OG

## HELGISIÐA-REGLUR

Hins evangeliska lúterska kirkjufélags  
íslendinga í Vesturhelmi.

---

ÖNNUR PRENTUN

---

WINNIPEG 1918 ✓  
A KOSTNAÐ KIRKJUFÉLAGSINS

**THE COLUMBIA PRESS, LTD., WINNIPEG**

## ALMENN GUÐSPJÓNUSTA.

A tilteknunum tíma, eða þegar hringt hefir verið í síðasta sinn, leikur organisti forspil á organ kirkjunnar.

Að því loknu má annaðhvort hafa inn göngubæn og syngja svo salm, eða syngja þegar inngöngusálminn. Söfnuðurinn stendur á meðan salmurinn er sunginn og þangað til að því er komið, að bera fram syndajátninguna, þá fær presturinn fyrir altarið og ávarpar söfnuðinn þannig:

Í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda !

Söfnuðurinn syngur :

Amen.

þá ber presturinn frír a syndajátning :

Beygjum hjörtu vor fyrir Drotti og játum syndir vorar.

Almáttugi Guð, skapari vor og frelsari! Vér sekir syndarar játum fyrir þér, að eðli vort er syndugt og vanheilagt, og að vér höfum brotið á móti þér í hugsunum, orðum og verkum. Þess vegna flýjum vér í faðm eilifrar miskunnar þinnar og biðjum þig og grátbænum um náð, sakir Drottins vors Jesú-Krists.

Pessa málsgrein á vel við að söfnuðurinn  
hafi yfir með prestinum :

Miskunnsami faðir, sem gefið hefir  
eingetinn son þínd ~~K~~daðann ~~f~~or vegna,  
miskunna þú oss og veit oss sökum  
friðhægingar hans fyrirgefning allra  
sýnda vorra; auk þú oss með heilögum  
anda þínum sanna þekking á þér og  
vilja þínum og einlæga hlyðni við þitt  
heilaga orð, svo vér fyrir náð þína  
fáum öðlast eilift líf, fyrir Jesúm Krist,

Drottin vorn. *Amen.*

Pá segir presturinn :

Drottinn, miskunna þú oss !

Söfnuðurinn syngur :

Drottinn, miskunna þú oss !

Presturinn segir :

Kristur, miskunna þú oss !

Söfnuðurinn syngur :

Kristur, miskunna þú oss !

Presturinn segir :

Drottinn, miskunna þú oss !

Söfnuðurinn syngur :

Drottinn, miskunna þú oss !

Pá segir presturinn :

Almáttugur Guð, vor himneski faðir,  
hefir miskunnað sig yfir oss og gefið  
eingetinn son sinn í daðann fyrir oss,  
og fyrirgefur oss hans vegna allar synd-  
ir vorar. Öllum þeim, sem á nafn hans  
trúa, gefur hann einnig mátt til að verða

Guðs börn og veitir þeim heilagan anda.

Söfnuðurinn syngur :

Amen.

pá segir presturinn :

Dýrð sé Guði föður, syni og heilögum anda !

Söfnuðurinn syngur :

Dýrð sé Guði föður, syni og heilögum anda, svo sem var frá upphafi, er enn og verða mun um aldir alda. Amen.

Eða presturinn segir :

Dýrð sé Guði í upphæðum !

Og söfnuðurinn syngur :

Dýrð sé Guði í upphæðum, friður á jörðu og velpókjan yfir mónnunum! Vér lofum þig, vér göfgum þig, vér dýrkum þig, bakkir gjörum yér þér sakir mikillar dýrðar þinnar, Drottinn Guð, himneski konungur, almáttugi fadir. Ó, Drottinn Jesús Kristur, þú eingetni sonur, ó, Drottinn Guð, lamb Guðs, sonur föðurins! þú, sem burtu ber heimsins synd, miskunna þú oss; þú, sem burtu ber heimsins synd, þigg þú bæn voru; þú, sem situr til hægri handar Guði föður, miskunna þú oss. Því þú einn ert heilagur, þú einn ert Drottinn, þú einn, ó, Kristur! með heilögum anda, ert hæst í dýrð Guðs föður. Amen.

pá segir presturinn :

Drottinn sé með yður !

VI. Almenn guðspjónusta.

Söfnuðurinn syngur :  
Og með þínum anda.

Pá segir presturinn :  
Látum oss alla biðja.  
Kollekta dagsins.

Söfnuðurinn syngur :  
Amen.

Pá segir presturinn :  
Pistillinn (eða lexian) á.....(fyrsta sunnudag í aðventu) er skrifaður í.....(bréfi Páls postula til Rómevrja, 16. kapítula) og hljóðar þannig :

Pistill dagsins.

Söfnuðurinn syngur :  
Hallelúja. Hallelúja. Hallelúja.

(A föstunni er gamall síður að syngja ekki Hallelúja, en í stað þess mætti syngja vers úr Passíusálmunum.)

Pá segir presturinn :  
Guðspjallið, sem tilheyrir þessum Drottins degi, skrifar guðspjallamaðurinn ..... (Matteus í 21. kapítula).

Söfnuðurinn syngur :

Guð sé lof og dýrð fyrir hans gleðilegan boðskap.

Presturinn les  
Guðspjall dagsins.

Söfnuðurinn syngur :  
Dýrð sé þér, Drottinn !

Eða :

Sælir eru þeir, sem heyra Guðs orð  
og varðveita það.

Pá stendur söfnuðurinn á fætur og ber  
fram ásamt prestinum hína postul-  
legu trúarjátningu :

Eg trúi á Guð föður almáttugan, skap-  
ara himins og jarðar.

Eg trúi á Jesúm Krist, hans einkason,  
Drottin vorn, sem getinn er af heilögum  
anda, steddur af Maríu mey, þíndur und-  
ir Pontiusi Pilatusi, krossfestur, dáinn og  
grasinn, steig-niður til heljar, reis á  
þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig  
upp til himna, situr við haegri hönd Guðs  
föður, almáttugs, og mun þaðan koma,  
að dæma lísendur og dauða.

Eg trúi á heilagan anda, heilaga al-  
menna kirkju, samfélag heilagra, fyrir-  
gesning syndanna, upprisu holdsins og  
eillist líf. Amen.

Pá er sunginn sálmur.

Svo fer presturinn í préðikunarstólinn,  
flytur bæn og préðikan.

Að því búnu mælir hann fram þessa  
blessunarósk:

Náðin Drottins Jesú Krists og kær-  
leiki Guðs og samfélag heilags anda  
sé með yður öllum. Amen.

Eða:

Friður Guðs, sem er æðri öllum  
skilningi, varðveiti hjörtu yðar og hugs-

VIII. Almenn guðspjónusta.

anir yðar í samfélagini: við Jesum  
Krist. Amen.

Eða :

Drottinleg blessan.

Pá er sunginn salmur.

Pá fer presturinn fyrir altarið og segir:

Skapa í mér hreint hjarta, ó, Guð.

Söfnuðurinn syngur, standandi:

Skapa í mér hreint hjarta, ó, Guð,

og veit mér af nýju stöðugan anda.

Varpa mér ekki burt frá augliti þíau  
og ták ekki þinn heilaga anda

frá mér.

Veit mér aftur fögnuð þins hjálpræðis  
og styð mig með fúsleiks anda.

Eða presturið segir:

Guði þekkar fórnir eru sundurmari-  
inn andi.

Söfnuðurinn syngur:

Guði þekkar fórnir eru sundurmari-  
inn andi,

sundurmarið og sundurkramið hjarta  
munt þú, ó Guð, eigi fyrirlíta.

Gjör vel við Zion sakir náðar  
þinnar,

reis mūra Jerússalem!

Pá munt þú hafa þóknun á réttum  
fórnnum.

Pá ber presturinn frá menna kirkju-  
bæn:

Eilífi, miskunnsamni. Guð... og faðir! Vér biðjum þig í nafni Drottins vors Jesú Kristi:

Lit í náð til kristinnar kirkju þinnar, varðveit þú hana og helga í sannleikanum. Lát orð þitt vera flutt rétt og hreint og sakramentin réttilega um hönd höfð. Blessa þú allta boðendur fagnáðarerindis þíns og alla starfsmenn ríkis þíns, bæði innan kristninnar og hjá heiðnum þjóðum; leiðbein þeim og styrk þá í öllu starfi þeirra með heilögum, anda þíntum. Send verkamenn til uppskeru þinnar, og opna öllum heiðingjum og þjóðflokk Ísraels dyr þíns ríkis. Minst þú í miskunn óvina kirkju þinnar, og lát þá snúa sér til lífsins.

Varðveit þetta land, sem vér hlum í, og blesa þú allan hag þess; lát alt gott hepnað með oss, en kom við veg fyrir öll ill, ráð og óguðleg fyriræki. Halt þú lika verndarkendi þinni yfir, þjóð vorri og ættjárð.

Ver, Drottinn, ekkjum áthvárf og föðurlausini faðir. Veit sjúkum og sorgmæddum líkn og huggun. Hjálpa þú náðarsamlega öllum, sem eiga í baráttu við efasemdir og freistingar. Styrk þá, er þrautir Náðar sökum Jesú náfn. Veit oss friðsemi og farseldi allri samhúð vorri, gott og hentigt tíðarfari, rétt-

lát og kristileg úrslit allra starfsmála vorra.

Blessa þú kirkjufélag vort og alla söfnuði þess, og halt þú náðarhendi þinni yfir öllu starfi þess, að það megi verða ríki þínu til eflingar og heilögum nafni þínu til dýrðar.

Sérstaklega felum vér þennan söfnuð í hendur þínar. Bæg hneykslunum frá oss og sameina oss í heilögum kærleika til þín.

(Hér mega koma sérstakar fyrirbænir.)

Miskunna þig, Drottinn, yfir alla menn, samkvæmt óumræðilegum kærleika þínum í Jesú Kristi, Drottni vorum. Og þegar stund vor kemur, unn oss þá að deyja sáluhjálplegum dauða úr heimi þessum, og á efsta degi að risa upp í dýrð og vegsemd.

Þá segir söfnuðurinn með prestinum:

Faðir vor, þú sem ert á himnum.  
Helgist þitt nafn. Tilkomi þitt ríki.  
Verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.  
Gef oss í dag vort daglegt brauð. Og  
fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og  
fyrirgesum vorum skuldunautum. Eigi  
leid þú oss í freistni, heldur frelsa oss  
frá illu. Því að þitt er ríkið, mátturinr  
og dýrðin að ellifu. Amen.

Síðan ber söfnuðurinn fram offur sitt,  
og leggur presturinn það á altarið.

þá má bera fram kirkjulegar auglys-  
ingar.

Síðan er sunginn sálmur.

Þá segir presturinn :

Drottinn blessti þig og varðveiti þig.

Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig  
og sé þér náðugur.

Drottinn upplysti sínu augliti yfir þig  
og gesi þér frið.

Söfnuðurinn syngur .

Amen. Amen. Amen.

Síðan gjöra allir þær sínar standandi, og  
er svo leikið eftirspil á organið.

(Ef skíra á börn, ferma, eða folk er til  
altaris, þá fara þær athafnir fram, þeg-  
ar sunginn hefur verið, sálmurinn á  
eftir prédikun.

## SKIRN.

(Ætlast er til, að skírn fari fram í kirkju  
ávalt, þegar því verður við komið.)

Fyrst er sunginn skírnarsálmur.

Þá talar presturinn á þessa leis :

Náðin Drottins Jesú Krists og kær-  
leiki Guðs og samfélags heilags anda  
sé með oss öllum.

Guðs orð í heilagri ritningu kentir,  
að allir menn séu fæddir með syndugu  
eðli. Þessa kenningu staðfestir öll  
reynsla og sýnir, að allir menn eru synd-

ugleik háðir frá móðurlifi. En Guðs sonur, Jesús Kristur, er í heiminni kominn til þess að vér, syndugir menin, skyldum ekki glatast í syndinni, heldur öðlast eilift líf í Guðs ríki sem Guðs ástfólgin börn. Og til þess hefir Drottinn vor og frelsari gefið oss skírnina og með henni veitt öllum mönnum og þjóðum aðgang að Guðs ríki og gæðum þess.

Fyrir því hefir hann og skipað fyrir um skírnina og sagt: "Alt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, með því að skíra þá til nafns föðurins og sonarins og hins heilaga anda, og með því að kenna þeim að halda lit, sem eg hefi boðið yður. Og sjá, eg er með yður alla daga, alt til enda veraldarinnar" (Matt. 28, 18-20).

Að Drottinn á dögum holdsvistar sinnar veitti börnunum viðtöku í náð, sýnir oss hið heilaga guðspjall, er svo hljóðar:

"Og menn færðu börn til hans, til þess að hann skyldi snerta þau, en lærisveinarnir ávituðu þá. En er Jesús sá það, gramdist honum það og hað sagði við þá: Leyfjð börnunum að koma til minn, og bannið þeim það ekki, því að skíra er guðstíkið. Sannlega segi eg yður: Hyer sem ekki tekur á móti guðsríki eins og barn, mun alls

eigi inn i það koma. Og hann tók þa-  
sér í fang, lagði hendur yfir þau”  
blessaði þau” (Mark. 10. 13—16).

Vér viljum nú biðja þess, að einnig  
betta barn (þessi börr) verði aðnjót-  
andi blessunar Guðs, og segjum af  
hjarta :

Almáttugi, eilífi Guð, faðir Drottins  
vors Jesú Krists og faðir vor, vér á-  
köllum þig fyrir þetta barn þitt (þessi  
börn þín) og biðjum þig að veita því  
(þeim) skírnargjöf þína og eilifa náð  
fyrir laug endurfæðingarinnar. Drött-  
inn, virztu að taka á móti því (þeim).  
Og eins og þinn eingetinn sohur hefir  
sagt : “Biðjið, og mun yður gefast;  
leitið, og munuð þér finna; knýið á, og  
mun fyrir yður upp lokið verða”, svo  
gef þú nú barni þessu (börnum þessum)  
gjafir þínar, ljúk upp fyrir því (þeim)  
dyrum náðar þinnar, svo að það (þau)  
meigi fyrir þessa himnesku laug verða  
aðnjótandi eilifrar blessunar og hljóta  
inntöku í ríki þitt, sem þú hefir opnað  
oss fyrir Drottin voru Jesúm Krist.  
Amen.

Nú gengur presturinn að “skírnarfón-  
tum og segir:

Lofaður sú Guð, faðir Drottins vors  
Jesú Krists, sem eftir mikilli miskunins  
semi sinni vill endurfæða þetta barn

(þessi börn) til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Krista frá dauðum.

Drottinn varðveiti inngang þinn og útgang héðan í frá og að eilífu. *Amen.*

Síðan gjörir presturinn krossmark fyrir enni og brjósti barnsins með þessum forma'a :

Meðtak þú tákni hins heilaga kross, bæði á enni og brjóst, til merkis um að hugur þinn og hjarta á að helgast fyrir trúna á himn krossfesta Drottin Jesum Krist.

Heyrum nú skírnarsáttmálann, sem barnið á (börnin eiga) að skírast til :

Eg afneita djöflinum og öllum hans verkum og öllu hans athæfi.

Eg trúi á Guð föður almáttugan, skapara himins og jarðar.

Eg trúi á Jesum Krist, hans einkason, Drottin rn, sem getint er af heilögum anda, fæddur af Mariu mey, þindur undir Pontiusi Pílatusi, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heiðar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægrí hönd Guðs föður almáttugs, og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða.

Eg trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrir gefning syndanna, upprisu holdsins og eilift líf. *Amen.*

Síðan spyr presturinn :

A að skíra barnið til þessarar trúar?

Því er svarað :

Já.

pá spyr presturinn :

Hvað á barnið að heita?

Því er svarað :

Presturinn nefnir barnið, eys það þrisvær vatni og segir um leið :

Eg skíri þig til nafns föður, sonar og heilags anda. Amen.

pá leggur presturinn hönd á höfuð barnsins og segir:

Almáttugur Guð, faðir Drottins vors Jesú Kristi, sem nú hefir endurfætt þig fyrir heilagan anda, tekið þig í samfélag síns elskulega sonar og veitt þér fyrirgefningu syndanna, hann styrki þig með náð sinni til eilifs lífs.

Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn. Tilkomi þitt ríki. Verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni. Gef oss í dag vort daglegt brauð. Og fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum. Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu. Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilifu. Amen.

Friður sé með þér. Amen.

pá ávarpar presturinn foreldra barnsins.

guðfeðgin og aðra, sem viðstaddir eru, á þessa leið :

Góð systkin, þér skuluð vera vottar þess, að þetta barn er skírt (þessi börn eru skírð) til nafns föður, sonar og heilags anda. Sem kristinh söfnuður (i heimahústum: fyrir hönd kristins safnaðar) hafið þér tekið á móti því (heim) í félag kristilegrar kirkju. Felið það (þau) í bænum yðar og minnist þeirrar kristilegu skyldu yðar og alls safnaðarins, að annast uni að barn þetta (börn þessi) megi, er það vex (þau vaxa) upp, hálda sér við Krist, eins og það er (þau eru) nú fyrir skírnina gróðursett á honum. Friður sé með yður. Amen.

Síðast er sunginn skírnarsálmur,

### SKEMMRI-SKÍRN.

Sé af einhverjum ástæðum ekki unt að ná til prests til að skíra barn, má hver fullorðin kristin manneskja, hvort heldur er karl eða kona, skíra það skemamri skírn. Fer athöfnin þá fram á þessa leið :

Ná, sem framkvæmir skírnina, segir :  
Himneski faðir, meðtak þú þetta barn í nafni Drottins vors Jesú Krists.

Þá nefnir hann barnið, eys það þrisvar vatnt og segir um leið :

Eg skiri þig til nafns föður, sonar  
og heilags anda. Amen.

Faðir vor, þú sem ert á himnum.  
o.s.frv.

## FERMING.

Fyrst er sunginn fermingarsálmur.

Pá ávarpar presturinn börnin nokkrum  
orðum.

Síðan nefnir hann nafn hvers einstaks  
barns og leggur fyrir það bessar þrjár  
spurningar:

Afneitar þú djöflinum, og öllum hans  
verkum og öllu hans athæfi?

Trúir þú a. Guð föður, son og heilag-  
an anda?

Viltu standa stöðugur? (stöðug) í  
þessum skírnarsáttmála þínum til þín-  
ar dauðastundar?

Barnið svaraði hvernig um sig  
játnað.

Gef mér þá hönd þina bessári játn-  
ingu til staðfestu.

Þegar presturinn hefir tekið í hönd  
barnsins, krýpur barnið, en prestur-  
inn leggur höndina á höfuði pess og  
segir:

Hinn þríeini Guð, sem áður hefir tekið þig að sér sem sitt barn í heilagri skírn og gjört þig að erfingja eilifs lífs, hann viðhaldi þér í skírnarnáð þinni alt til enda; hann gefi þér stöðuglyndi í þinni trú, þér til sáluhjálpar.

Vertu trúr (trú) til dauðans, þá munt þú öðlast **kórónu** lífsins.

Pegar öll börnin hafa unnið heitið, segir presturinn :

Berum sameiginlega fram játning trúar vorrar.

Söfnuðurinn stendur á fætur og segir með prestinum og fermingarbörnum:

**Eg trúi á Guð föður almáttugan, skapara himins og jarðar.**

Eg trúi á Jesúm Krist, hans einkason, Drottin vorn, sem getinn er af hellögum anda, faeddur af Mariu mey, píndur ðir Pontiusi Pílatusi, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi astur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma, að dæma lísendur og dauða.

**Eg trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirferning syndanna, upprisu holdsins og eilfis líf. Amen.**

**Þa ávarpar presturinn fermingarbörnin þessum orðum :**

Kæru ungu bræður og systur! Samkvæmt bessarri sóðu játningu, er þér hafið nú játað í viðurvið margra votta, lýsi eg yfir því, að yður er nú veittur aðgangur að kvöldmáltíð Drottins og heimilus öll þau réttindi er fermðum safnaðarlimum bera, samkvæmt grundvallarlögum safnaðarins.

Fridur sé með yður.

Þa er sungið vers.

[Rétt er við fermingar-guðshjónustu að sleppa trúarjátningunni á eftir guðspjallinu.].

## KVÖLDMÁLTÍDIN.

Pegar sungið, hefir verið altarisgönguvers eða sálmur, ávarpar presturinn altarisgestina þannig,—en þeir standa á meðan:

Svo að þér, kæru Krists vinir! getið réttilega meðtekið hið heilaga kvöldmáltíðarsakraménti Drottins vors, þá ber yður af hjarta að trúá því og treysta, að Jesús Kristur er kominn í heiminn til að gjöra synduga menn sáluhólpna, og að hann enn á þessarri stundu kallað til sín alla, sem erfiða og þunga eru hlaðnir, og vill veita þeim hvíld. Þér eigið að trúá því, að hann

er mitt á meðal vor hvert sinn og hvor sem vér erum saman komnir í hans nafni, og að hann gjörir yður hluttakandi í líkama, sínum og blóði í þessu sakramenti, er hann sjálfur stofnsetti, til þess að viðhalda samfélagi lærisveina sinna við sig og efla kærleiksfélagið milli allra játenda sinna.

Þegar þér því eftir boði Drottins og að dæmi hinna fyrstu lærisveina hans etið af brauðinu og drekkið af kaleiknum, þá gjörið þér það til að játa, að þér séuð og viljið vera lærisveinar hans, og til að minnast hans, sem elskoði oss og gaf sig í dauðann fyrir oss; en jafnframt til þess að sækja hingað styrk sálum yðar og næring guðslífinu í yður. Trúið því af hjarta, að enn sé hinn upprisni Þrottinn nálægur oss, er vét neytum hinnar helgu máltriðar með innilegri þrá eftir fyllra samfélagi við hann og einlægu kærleikspeli til bræðra vorra, og að fyrir samfélagið við hann fái enn hinn syndum hlaðni fyrirgefning, hin órólega samvizka frið og hinn veiki styrk til fullkomnara líf-ernis.

Ef þér því eruð komnir hingað af innilegri þrá eftir samfélagi við hann og finnið til þess, að enn eruð þér of fjarri honum, þá getið þér réttilega

neytt hinur helgu máltsdar, yður til trúarstyrkingar og eflingar í öllu góðu.

Og svo sannarlega sem þér af hjarta iðrist synda yðar og i einlægri trú flýið til Guðs náðar í Jesú Kristi, frelsara vorum, svo sannarlega boda eg yður, safukvæmt Guðs orði og fyrirheitum, fyrirgefningu allra yðar synda, í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda.

Presturinn snýr sér að altarinu og segir:  
Látum oss biðja.

Faðir vor, þú sem ert á himnum.  
Helgist þitt nafn. Til komið þitt ríki.  
Verði þinn vili, svo á jörðu sem á himni,  
Gef oss í dag vort daglegt brauð. Og  
fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér  
og fyrirgesum vorum skuldunautum.  
Eigi leidð þú oss í freistni, heldur selsa  
oss frá illu. Því að þitt er ríkið, mætt-  
urinn og dýrðin að ellifu.

Söfnudurinn svarar:

Amen.

Þá tekur presturinn patinuna með  
brauðinu sér í hönd og segir:

Vor herra Jesú Kristur, á þeirri nöttr  
sem hann svikinn var, tók hann brauðið,  
gjörði þakkir og braut það, og gaf sínum  
lærisveinum og sagði: Takð og etið;  
það er minn líkami, sem fyrir yður verð-  
ur gefinn. Gjörði það f mína minningu.

Því næst tekur presturinn kaleikinn sér í hönd og segir :

Sömuleiðis estir kvöldmáltiðina tók hann kaleikinn, gjörði þakkir, gaf þeim hann og sagði: Drekkið allir hér af; það er kaleikur hins nýja testamentis í mínu blóði, sem fyrir yður úthellist til fyrirgefningar syndanna. Gjörið þetta, svo oft sem þér það drekkið, í mína minningu.

Þá tekur presturinn patínuna með brauðinu, snýr sér að altarisgestunum og segir :

Brauðið, sem vér brjótum, er samfélag um líkama Krists!

Því næst útdeilir hann brauðinu og segir um leið við hvern altarisgestanna :

Petta er líkami Drottins vors Jesú Krists.

Þá tekur hann kaleikinn, snýr sér að altarisgestunum og segir :

Sá bikar blesšunarinnar sem vér blessum, er samfélag um blóð Krists!

Síðan útdeilir hann víninu og segir um leið við hvern altarisgestanna :

Petta er blóð Drottins vors Jesú Krists.

Pegar hann hefir útdeilt hverjum hring, segir hann :

Sá krossfesti og upprisni Jesús Kristur, sem hefir gjört yður hluttakandi í sínum heilaga líkama og blóði og

fullnægju gjört fyrir allar yðar syndir,  
hatin varðveiti yður í samféluginu við  
sig og viðhaldi yður í lifandi trú til ei-  
lifs lífs. Hans náð og friður sé með  
yður. *Amen.*

pá standa þeir upp, sem hafa meðtekið  
sakramentið, og ganga til sæta sinna.  
en næsti hringur, ef fleiri eru, krýpur  
við altarið. Þegar allir hafa meðtekið  
sakramentið, segir presturinn :

Nú lætur þú Drottinn, þjón þinn í  
friði fara.

Söfnuðurinn syngur :

Nú lætur þú, Drottinn, þjón þinn  
í friði fara,  
eins og þú hefir heitið mér,  
því að augu míni hafa séð hjálpræði  
þitt,  
sem þú hefir fyrirbúið í augsýn  
allra lýða,  
ljós til opinberunar heiðingjum  
og til vegsemdar lýð þínúm Ísrael.

pá les presturinn þessa bæn :

Vér þökkum þér, Drottinn, al-  
góði Guð, eilifi faðir, að þú  
hefir veitt oss þessa blessuðu  
náðarstund við kvöldmáltið þíns elsku-  
lega sonar, og mettað oss himnesk-  
um ástgjöfum þínúm. Blessa oss af náð  
þinni nautn hins heilaga sakramentis;  
lát kærleika frelsarans gagntaka hjörtu  
vor; lát trú vora á þig og hann bera sér

vitni í helgun lifernisins og hans sæla frið búa í hjörtum vorum, með fullvissunni um þína náð og velþóknun. Þér og honum sé lof og þakkargjörð um aldir alda.

**Söfnuðurinn svarar:**

Amen.

(Sjúklinga og gamalmenni, sem ekki komast til kirkju, má taka til altaris í heimahúsum, og er þá tilhlyðilegt, að nákomnir ættingjar þeirra eða vinir séu til altaris með þeim.)

## HJÓNAVÍGSLA.

Fyrst er sunginn hjónavígslusálmur.

Pá biður presturinn bæn, og ávarpar síðan brúðhjónin þannig:

Með því að vér erum saman komin til að stofna helgan hjúskap, þá heyrum kenningu Guðs orðs um hjónabandið og kærleikssambúð kristinna manna. Og þá fyrst, hvað frelsari vor, Jesús Kristur, segir sjálfur um hjónabandið:

Hafið þér eigi lesið, að skaparinn frá upphafi skóp þau karl og konu, og sagði: Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og búa við eiginkonu sína, og þau tvö skulu verða eitt hold? Þannig eru þau ekki framar tvö heldur

eitt hold. Það sem Guð því hefir tengt saman, má eigi maður sundur skilja. (Matt. 19, 4-6).

Heyrum enn frenur orð postulans Páls :

Þér menn, elskið konur yðar, að sínun leyti eins og Kristur elskoði söfnuðinn og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir hann (Ef. 5, 25).

Konur læri að elská menn sína, elská börn sín, vera hóglátar, skírlifar, heimiliðsræknar, góðlátar, eiginmönnum sínum undirgefnar, til þess að orði Guðs verði ekki lastmælt (Tít. 2, 4-5).

Íklæðist því, eins og Guðs útvaldir, heilagir og elskoðir, hjartgróinn með aumtin, góðvild, auðmýkt, hógværð, langlyndi; umberið hver annan og fyrir gefið hver öðrum. En íklæðist yfir alt þetta elskunni, sem er band algjörleikans, og látið frið Krists ríkja í hjörtum yðar (Kól. 3, 12-15).

Pá spyr presturinn brúðgumann :

N. N., eg spyr þig: Eftir það einlægur ásetningur þinn, að ganga að eiga konuna, N. N., sem hjá þér stendur, og með Guðs hjálp lífa saman við hana í meðlæti og mótlæti og hverjum þeim kjörum, sem algóður Guð lætur ykkur að höndum bera, eins og kristnum eiginmanni ber að lífa saman við eigin-

konu sína, þangað til dauðinn skilur ykkur?

Sé svo, þá staðfest það frammi fyrir augliti Guðs og í viðurvist þessara votta, með því að segja: já.

Brúðguminn svarar:

Já.

Því næst spyr presturinn brúðurina:

Sömuleiðis spyr eg þig, N. N.: Er það einlægur ásetningur þinn, að giftast manninum N. N., sem hjá þér stendur, og með Guðs hjálp lifa saman við hann í meðlæti og mótlæti og hverju um þeim kjörum, sem algóður Guð lætur ykkur að höndum bera, eins og kristinni eiginkonu ber að lifa saman við eiginmann sinn, þangað til dauðinn skilur ykkur?

Sé svo, þá staðfest það frammi fyrir augliti Guðs og í viðurvist þessara votta, með því að segja: já.

Brúðurin svarar:

Já.

Ef hafður er hringur, þá segir presturinn, um leið og brúðguminn dregur hringinn á hönd brúðurinnar:

Pessi hringur sé sýnilegt tákni þess, að þið hafið í Drottins nafni heitið hvort öðru æfinlegri samfylgd í trygð og elsku.

Ef hafðir eru tveir hringir, segir prest-

urinn um leið og brúðhjónin draga hring hvort á annars hönd :

Pessir hringir séu sýnilegt tákna þess, að þið hafið í Drottins nafni heitið hvort öðru æfinlegri samfylgd í trygð og elsku.

Þá segir presturinn enn fremur :

Gefið svo hvort öðru hönd ykkar þessum hjúskaparsáttmála til staðfestu.

Leggur svo presturinn hönd sína yfir hendur þeirra og segir :

Með því að þið, N.N. og N.N., hafið komið ykkur saman um og heitið hvort öðru því, að lifa saman í heilögu hjónabandi, og með því að þið hafið játað þetta opinberlega í áheyrn þessa kristna safnaðar (þessara votta) og gefið hvort öðru hönd ykkar því til staðfestu, þá lýsi eg yfir því, að þið eruð rétt hjón, bæði fyrir Guði og mönnum, í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. Amen.

Það sem guð hefir tengt saman, má eigi maður sundur skilja.

(Séu fleiri en ein brúðhjón gefin saman í senn, skal hafa þetta alt, frá því spurningarnar byrja, upp aftur við hver brúðhjón fyrir sig)

Síðan kryðpa brúðhjónin og presturinn leggur hönd sína á höfuð þeim og segir :

Látum oss biðja

Herra Guð, himneski faðir, þú sem hefir skapað karl og konu og ákvárdæð þau til hjúskapar, og viðhaldið þessari skipun og blessum þinni alt til þessa, vér biðum þig að varðveita og blesa þessi brúðhjón, svo að alt, sem þú lætur þeim að höndum bera, verði þeim til góðs og þinu heilaga nafni til lofs og dýrðar. Bænheyr það í Jesú nafni.  
*Amen.*

Faðir vor, þú sem ert á himnum,  
o.s.frv.

Þa segir presturinn:

Drottin blessi þig og varðveiti þig  
o.s.frv.

Loks er sunginn sálmur.

## GREFTRUN FRAMLIDINNA.

### I. Á heimilinu.

Áður en lík er flutt af heimili til greftrunar, er lesinn ritningarkafli og beðin bæn og sunginn sálmur eða vers á undan og eftir.

En ef líkið er ekki flutt í kirkju, fer athöfnin á heimilinu fram á sama hátt og ráð er fyrir gjört í kirkjunni.

II. í kirkjunni.

Fyrst er sunginn salmur.

Pá les presturinn ritningarkafla, einn eða fleiri, og biður þessa bæn:

Himneski faðir! Vér þökkum þér þá föðurlegu miskunn þína, að þú hefir með orði þínu tendrað lifandi von i hjörtum vorum og lætur hana lýsa oss í dimmu dauða og sorgar. Vér þökkum þér af hrærðu hjarta að þú lætur oss ekki eina, þegar dauðinn ógnar salum vorum og harmur nistir hjörtu vor, heldur vitið vor i líkn, til þess að styrkja os, og hugga. Óg vér biðjum þig af auðmjúkum hug, miskunnsami faðir, að veita oss vizku og náð til þess, að höndla með trúuðum og þakklátum hjörtum þá himnesku von og huggun, sem þú hefir búið oss í orði þínu og fyrir upprisu þins elskulega sonar, Drottins vors og lausnara, Jesú Krista. Algóði faðir! hughreyst oss svo og hugga á þessi skilnaðarstund og öllum garstum um lífs vors, að vér fáum öruggi. Tað þér og þegar jarðnesku lifi voru lýkur dáið þér, og með tak oss þá í hinari eilífu tjaldbúðir fyrir föðurlegan kærleika þinn í Jesú Kristi. Amen.

Pá má syngja salm eða vers.

Því næst flyttir presturinn líkræðu.

Að endingu er sunginn salmur.

III. Við grófina.

Meðan líkið er látið síga niður í grófina,  
á vel við, ef ástaður leyfa, að sung-  
inn sé sálmur, eða hörfð yfir þessi  
ritningarárð:

Moldin hverfur aftur til jarðarinnar,  
þar sem hún áður var, en andinn til  
Guðs, sem gaf hann.

Jesús sagði: Eg er upprisan og líf-  
ið; sá sem trúir á mig, mun lifa þótt  
hann deyi. Og hver sá, sem lifir og  
trúir á mig, hann skal aldrei að eilífu  
deyja.

Sáð er forgengilegu, en upprís ófor-  
gengilegt; sáð er í vansæmd, en upprís  
í vegsemd; sáð er í veikleika, en upp-  
rís í styrkleika; sáð er náttúrlegum  
líkama, en upprís andlegur líkami.

Lofaður sé Guð og faðir Drottins  
vors Jesú Krists, sem eftir mikilli misk-  
unn sinni hefir endurfætt oss til lifandi-  
vonar fyrir upprisu Jesú Krists frá  
dauðum.

Guði séu þakkar, sem gefur oss sig-  
urinn fyrir Drottin vorn Jesúm Krist!

Því næst segir presturinn :

Með því að algóðum og alvitrum  
Guði hefir þóknast að taka sálu þessa  
látна bróður vors (þessarar látnu syst-  
ur vorrar, eða: þessa látna barns) burt  
úr heimi þessum, þá afhendum vér  
jörðunni likama hans (hennar eða: þess)  
í von um upprisuna til eilífs lífs fyrir  
Drottin vorn Jesúm Krist, sem mun  
breyta lægingarlíkama vorum í sömu  
mynd og dýrðarlíkami hans hefir, eftir  
þeim krafti, að hann og getur lagt alt  
undir sig.

Þá kastar presturinn þrisvar mold á kist-  
una með þessum orðum:


Af jörðu ert kominn;  
að jörðu skal aftur verða;  
af jörðu skalt þú aftur upprísa.

Má þá syngja salmvers. Beygja svo all-  
ir höfuð sín í þögulli bæn og prestur-  
inn segir:

Náðin Drottins Jesú Krists og kær-  
leiki Þóðs og samfélag heilags anda  
sé með yður öllum. Amen.

Ganga síðan allir burt, nema grafar-  
menn.

---



Guðspjónustundin og  
Hymnus til Guðs.

I.

Almenn tilbeiroslar.

1. Guðspjónustundin.

Send oss nú, faðir, anda þinn  
með ástgjöf hans í brjóst vorinn;

Lag: Adams barn, synd þín óvævar stor.

SEND oss nú, faðir, anda þinn  
með ástgjöf hans í brjöst vorinn;  
svo kenning Krists verð trúum.

Þín heilög rækja lát oss lög  
og lífsins örð þín girtast innjög,  
að hug til himma trúum; 20  
Ó, góði faðir, gef þá náð, 25  
að gjörðir, mál og alt vort ráð  
þér hrós og heiður tjá. 30  
Æ, ver þú hjálp og hjástoð vor,  
að hver og einn í Jesú spor  
um lífstíð fetað fái.

2. Ó Guð, i tíma vek oss vel,  
sem vitum eit nær kemur lief

og dagur dómssins stranga.

Að hafna synd oss hjálpa þú,  
i hreinum kærleik, von og trú  
veit öllum oss að ganga.

Oss villukenning forða frá,  
við fláttskap heime oss kenni að sjá,  
að hann eit sálic svíkingi örvb enki  
í gleði og hrygð oss græðinver.

og gef að síðar erfum vér  
þitt heilagt himnaríki.

## 2.

Læsi Læsi Gáss i hana helgidóm.  
**GAKK** inn í herrans helgidóm,  
 þú hjartkær drottins lýður,  
 og lofa Guð með glöðum róm,  
 er gleðihnoss þér býður.  
 Um löndin öll  
 Guðs orðin snjöll  
 af ótal vörum hljómi  
 í herrans helgidómi.

2. Sinn einkason oss Guð vor gaf,  
 svo gleði hans yér nytum;  
 svo frelsi þar vér fengjum af  
 og fyrirgefning hlytum.  
 Því gleðjumst vér  
 af hjarta hér  
 og hrópum allir glaðir:  
 Ó, abba, elsku faðir!

3. Hans blesað orð er boðað nú  
 um bygðir heimsins víða;  
 það vekur kærleik, von og trú,  
 og veitir huggun bliða.  
 Hvern andardrátt,  
 hvern æðarslátt  
 þá ástgjöf látum róma,  
 og hallelúja hljóma.

4. Ó, lofum Drottin, drottins björð,  
 hans dýrð og gæzku játum  
 hans náðarorð um alla jörð,

vér ætið vera látum  
vort ljós á deið og líkni  
og líkni índyð og lækning heima i þrautum  
og huggun heks á brautum orlits.

## 3.

Lag: Sæti Jesu, sja ons þér.

**SJA**, ó Jesú saman vén, ógi  
söfnumast nú þitt orð að heyra;  
opnast látt þú helgum hér,  
himinfraðum sáli og eyra.  
Himin þinn að í sér inni llukur  
og þig sjálfsan hjörtun finni.

2. Myrkri hjúpað hugskot er,  
heitis er æ á vegum reikar;  
andi þinn ef ljós ei lér,  
lángt af veki mannvit skeikar.  
Gott að hugsum, gott að iðjum,  
gef oss styrk; ef hér þig bitjum.

3. Ó, þú ljóminn dýrðar dýr,  
dreif þú villumyrkri svarta;  
veit að sálar sjónin skýr  
sannleiks mæti ljósi bjarta;  
söng voru, bæn og athöfn alla  
elskumerki hréin þú källa.

Lag: Jesu, þínar opnu undir.

**SUNNUDAGS** er ljós tók lýsa;  
lífsins herna teis af gróf;  
sunnudags; hver sókiðri rísa ublik.

sést, því dýrsta flytur gjöf,  
móti dauða boðar bót,  
broddi' hans snýr frá hjartans rót,  
ninnir á með unað blíðum  
æfi drottins hér með líðum.

2. Orðið hans af ótal tungum  
endurtekst um heimsins lönd;  
svefni vakna þú af þungum,  
þigðu lífið nú, míni önd.  
Eyrur hver sem hefir, hann  
heyri; gæt þín, aumur mann.  
Risum upp; sjá, ris á hæðum  
röðull lífs; hans fögnum gæðum.

3. Hver er ljómar Dröttins dagur,  
dauðinn bleikur hörfan frá,  
myrkri skelfast, friðarsfagur  
foringinn því birtist þá,  
Dröttinn sinni í dýrð á storð;  
dýrðlegt hljómar sannleiks orð,  
máttugt orð, sem myrkrum eyðir,  
menn úr dauða frelsta leiðir.

## 5.

Lag: Hjartað, þankar, hugur, sinni.

Ó, minn Guð, hve yndislegir  
eru þínir bústaðir.  
Upp þar ljukast lífsins vegir,  
ljóssins bliðu náðardyr.  
Þar eg leita þin og finn  
þig, minn góði hirðirinn;  
hjarta svala má þar mínu enni,  
mildu af lífsins vatni þinu.

2. Þar er, Guð minn, gott að vera,  
gott að lofa nafnið þitt, fram  
fram að mega bljúgur bera  
bænarandvarp jafnan sitt.  
Æ þar, Jesú, orðin þín  
endúrkveða í hjarta míni:  
"Faðir, þér eg þakkið segi; umi  
þig falst smælingjunum eigi."

6.

Lag: Guði lior skal önd minna.

I Drottins helgidómi  
sé Drotni sungin þakkargjörð;  
um víða veröld rómi  
hans vald og náð hans barnahjörð.  
Hann allir lofi lýðir,  
því líkn hans aldrei þver;  
hann allar tigni tíðir,  
því tign hans frábær er.  
Hver hljóðfæranna hljómur  
æ heiðri skaparann;  
hvert andartak, hver ómur  
um aldir göfgi hann.

7.

Lag: Ofan af himnum hér kom eg.

I kirkju þína kenn þú mér  
að koma, Drottinn, sem mér ber,  
svo hvert sinn, er eg héðan fer;  
eg handgengnari verði þér mihi.

2. Til auðmýktar mitt hjarta hrær,  
þá hönd mér gef, sem brjóstið slær,

og bæn, sem hrópar: Herral kær,  
mér hjálp og miskunn sekum fær.

8.

Lag: Sál, dufti klædd, ei sæmir þér.

**MINN** Guð og herra, hjartað mitt  
þinn helgidóm látt vera,  
og dýrstan unað orðið pitt  
mér alla daga bera.

Eg geng þá fús í heilagt hús,  
að hlýða röddu þinni,  
og heim svo fer, að eftir er  
pitt orð í sálu minni.

9.

Meiðstu lag!

Ó, syng þínunum Drotti, Guðs safnaðar  
hjörð; syngið nýjan söng,  
þér, englanna herskarar, himinn og jörð.  
Öll veröldin vegsami Drottin!

2. Ó, syng þínunum skapara lofgjörðar-  
lag; syngið nýjan söng  
og kunngjorið hjálpráð hans dag eftir  
dag.

Öll veröldin vegsami Drottin!

3. Ó, syng þú um dýrð Guðs á himn-  
anna hæð; syngið nýjan söng,  
hvert hjarta, hver tunga, hvétaug og  
hver æða.  
Öll veröldin vegsami Drottin!

## 10.

Lag. Nú bjósum vér heilagan anda.

1. ÞITT orð og andi', ó Guð, veit nú,  
að oss í réttri saman tengi trú.

Kristið höfum heiti;  
helga Krists lærdoma  
hreinum hann varðveiti  
hjá oss æ i blóma.  
Herra, heyr þá bón.

2. Ó, visdómsandi', oss veit það skyn,  
að vor sé heill að eiga Jesúm vin,  
hans að hoðum hlýðum,  
hans i fótspor fetum,  
hrept með helgum lýðum  
himna-sælu' að getum  
Herra, heyr þá bón.

3. Ó, friðarandi', óröskað veit  
vor bræðra eining verði hvern um reit,  
svo í sæld og voða  
samhuga fram förum;  
einn látt annan stoða  
öllum lífs i kjörum.  
Herra, heyr þá bón.

4. Ó, guðdómsandi', uppfull vort geð  
á andlatsstundu hæstri huggun með,  
að vér einkis metum  
allan heimsins blóma,  
heldur hrept að getum  
himinþýrð og ljóma.  
Herra, heyr þá bón.

## 11.

Lag: Lofis vorn Drottin.

**SANNLEIKAÑS** andi; lát sannleikáns  
ljós þitt oss skíná, send oss í myrkrunum himnesku geisl-  
ana þína; sannleikans sól sjálfs Guðs að hátignarstól  
lát þú oss leiðina sýna.

2. Kærleikans andi, hér kom með þinn  
sólaryl blíða, kveik þú upp eld þánn, er hjartnanna  
frost megi þíða. Breið yfir bygð bræðralag, vinskap og trygð;  
lát það vorn lífsferil prýða.

3. Friðarins andi, á triðarins brautir  
oss leiddu, friða þú hjörtun og sundrunga störmun-  
um eyddu; fær oss þinn frið föður vorn himneskan við;  
heimför til hans loks oss greiddu.

4. Heilagur andi, þér heilagt bygg  
heilagan söfnuð og flekklausan kristn-  
ina gjörðu. Heilagra hnoss hlotnast um síðir lát oss  
Drottins með heilagri hjörðu.

12.

Lag: Sjáðu, siððu, fæðirinn fríði

**KOMUM**, i fögnum; fyrir Drotni;  
 frelsis bjarg vor. Guð er oss;  
 lof gjörð vor og þökk ei þrotni;  
 þegið pristum náðar hnoðs;  
 Guð er drotnum hæstum hærri,  
 hans er dýrðin öllu stærri;  
 gjörvalt er í heiti hans,  
 hafstdjúp öll og bygðir lands.

2. Komum, Guðs á fötskör fölluni  
 fram með bæn og pakkargjörð.  
 Guð er vigi og vörn oss öllum,  
 vét hans eignarþjóð og hjörð.  
 Hlyðum rödd Guðs, herðum eigi  
 hjörtu vor á æfivegi,  
 keppum náð að höndla hans,  
 hvild að erfum säluranns.

13.

Lag: Hver veit, hve nærr er æfi endi.

**PÚ** sendir, Drottinn, dögg af hæðum  
 i dropum smáum nið'r á jörð,  
 að kveykja líf i köldum æðum  
 og klaka leysa böndin hörd.  
 Lát náðardaggars dropa þinn  
 svo drjúpa' í mína lásalu inn!

2. Pú lætur, Drottinn, ljós af hæðum  
 hér lýsa sólargaislum  
 Það grundu skryðir geisla klæðum  
 og gulli faldar himinský.  
 Ó, kát þú náðarljósid þitt  
 svo lýsa skært í hjartad mitt!

3. Þú sendir, Guð, þinn son af hæðum;  
hann sól og dögg var allri jörð:  
Hann lýsir oss i ljóssins fræðum  
og leysir synda böndin hörd.  
Það ljósið prýði líf mitt alt!  
Sú lífdögg þíði helið kalt!

## 14.

Lag: ó Guð, þér hrós og heiður ber.  
**V**ÉR horfum allir upp til þín  
í eilift ljósið Guði hjá,  
þar sem að dásöm dýrð þín skín,  
vor Drottinn Jesú, himnum á.

2. Vorn huga, Drottinn, drag til þín  
í dýrðarljómann jörðu frá;  
því ekkert hnoss í heimi skín,  
sem hjartað friða' og gleðja má.

3. Og ekkert löngun hjartans hér  
af heimsins gæðum seðja má.  
Vér þráum líf, sem eilift er,  
og ætið þér að vera hjá.

4. En styrk oss til að striða hér,  
að striða synd og löstum mótt.  
Æ, veit oss náð, að þóknast þér  
og þig að elska' af hjartans rót.

## 15.

Með minni lagl.

**SPAMAÐUR** æðsti, sem hefir frá  
hæðum  
hjálpræðiskenning oss blessaða fært,  
mentaðu' oss fávísá menni i þeim fræðum,  
mönnum veit öllum, að geti þeir lært.

það, sem i dimmiviðri brauta má lýsa,  
það, sem til himfins má leiðina vísa.

2. Prestur hinn æðsti, sem fyrir oss  
færðir  
fórnina dýrstu, þitt heilaga líf,  
gef þú, að allir af syndunum særðir  
sér til þín snui, þú, volaðra hlíf.  
Bið fyrir öllum, að brot sin beir gráti,  
bið fyrir öllum, að frelsast beir láti.

3. Konungur, æðsti, sem kristnijani  
stýrir,  
kraft henni veit þú, að heyja gott stríð.  
Gef þú, að ávektir dygðanna dýrir  
daglega vaxi hjá kirkjunnar lýð;  
Lát binnar yerndar og líknar oss njóta,  
lát, þér til dýrðar, oss sigurinn hljóta.

## 16.

Með sínu lagi.

PANN signaða dag vér sjáum enn  
með sólunni af djúpi rísa;  
oss alla það yeki, auma menn,  
að oss virðist Drottinn lýsa;  
því lýsi vor verk oss, ljóssins börn,  
að lengur ei myrkrið hysa.

2. Þá signuðu stund, þá í sælu hátt,  
er sonur Guðs blöður feiddist,  
þá ljómaði af degi í austurátt  
og ógúrlegi myrkrið hræddist, þóg sví  
og ljóslega breiddist ljós um heim,  
all lífið að myju glæddist.

3. Þó strá hvært á jörðu' og lilja' á  
og lauf fengi röddu skæra, [lund  
og alt vildi Guði alla stund  
með englunum lofsöng færa,  
sú vegsemdin yrði döpur og dauf  
mót dýrðinni ljóssins kæra.

4. Af grófinni ris með gull i mund  
hinn gloandi morgunblómi;  
með kórónu gullna kyöldsins stund  
loks kemur í góðu tómi;  
þá leikur svo dátt á brá með blund  
hinn blesaði aftanljómi;

5. Til föðurlands vors svo fórum heim,  
þar framar ei rennur dagur.  
Borg lifanda Guðs í löndum þeim  
og ljóminn svo undra fagur  
oss tekur þá við; þar endar ei  
vor innidæli sæluhagur.

## 17:

Með sinu lagi, eiga: Af instu röt,

HVE yndislegt er æ til þín að snúa,  
hve yndislegt, minn Guð, hjá þér að búa,  
laus alira anna elsku þina kanná  
í þinni tjálfbúð, herra herskaranna.

2. Hve langar mína sál í sali þina,  
þar sifelt ljósin orða þínna skína.  
Vor hljóðnar hljómur, himins valnar

ómur; hve gleður mig þinn hái helgidómur  
hve gleður mig þinn hái helgidómur

3. Hve sælit þeir, eit athvarf hljái þér  
og æ i þínu húsi búa mega [eiga

Minn Guð, sú gleði, gæzka þín er léði:  
Að lofa þig með ljútu hjartans geði.

4. I forsal þínum eg sit heldur yztur  
en annarsstaðar, þótt eg sitji fyrstur.  
Hver Drottins dagur, dýrðarskær og  
fagur,  
er þúsund sinnum betri en heimsins  
hagur.

18.

Læs. Ofan az himnum her kom reg.

Ó Drottinn, minnar sálar sól, nái  
nú seft freginn ljóssins hjól, so  
en þegar birtan burtu fer, at óra  
þín blessuð ásján lýsi mér.

2. Gef hjafta minu helgati frið,  
gef hverri sálu líkn og grið;  
ó, fyrirgef oss fall og synd,  
ó, frelsa, Drottinn, þína mynd.

3. Ó, frælsa hvert þitt fáratt barn,  
er fer nú vilt um eyðihjarn,  
og leið það heim í ljós og frið  
og legg það föðurhjartað við.

4. Ó, minstu hvers, er mæðir nauð,  
ó, metta hvern, er vantar brand;  
ó, lækna hvern, er særir sótt,  
ó, sérhvern styrk, er brestur brótt.

5. Ó, lítið á þeina brygðarhag,  
sem heiðin blíndar nótt og dag;  
ó, kveik þeim ljós, ó, send þeim sól,  
ó, sýni þeim Jesú náðarstóli og gildi

16. O, veit hjá þeim að verði ljós,  
um Vaknati sé hver dán rós.  
O, veit oss öllum hjálp og hlíf  
og hér og síðar eillst líf.

19. Lag: Vakna, Síons verðir kalla.

**HALLELÚJA,** dýrð sé Drotni,  
vors Drottins vegsemd aldrei þrotni.  
hann tigni alt sem mest það má.  
Guð voru allir göfgi lýðir,  
og gjörvalt skapað allar týdir  
svo hér á jörð sem himnum á.  
Hann lofi líf og sá  
Hann lofi rödd og mál.

Hallelúja hild mið innan  
Hans gæzkubelli eo leggur  
alt gjörir vel, minnenC laisen  
vor Guð oss bleskar li og hele.

20. Lag: Sjáði, sjáðu, fáði hinn arti.

**HEDAN** burt vér göngum gládir,  
Guð, úr þínú húsi ný, að  
alt vér þökkum, elsku faðir,  
enni er hér oss veittir þú  
Lífsins grða ljósið bjarta,  
læknismedah sjúkulhjarta,  
endugnæring, kressingy, hlífva  
huggun, svölun, kerfti og líf.

## 21.

Lag: Enn i trausti elsku þinnar.

**VIRZTU, Guð,** að vernda' og styrkja  
vora þjóð og gef oss frið,  
þeim, sem vel þinn vingard yrkja,  
veit þú blessun, þrótt og lið;  
gef, að blómgist, Guð, þín kirkja,  
Guð, oss alla leið og styð.

2. Virztu, góði Guð, að náða  
gjörvöll börn þín fyr og síð;  
lækna sjúka, þreytta, þjáða,  
þrenging snú í lífskjör blíð;  
mædda, beygða, hrælda, htjáða  
hugga' og styrk þú allastíð.

## 22.

Lag: Sólin upprunnin er.

**PÍN** kirkja, góði Guð,  
þú gef að standi  
um aldir óbifuð  
af öllu grandi,  
og orðið þitt til enda heimis að megi  
til Jesú lýsa lýð  
sem leiðarstjarna blíð  
á vorum yegi.

2. Lát bygðir blómá' ná  
og blessunhljóta;  
lát réttinn framgang fáð  
og frið ei þrjóta;  
lát samhléiks sól oss sifelt öllum lýsa  
og réttalífsá leið.

um lífdaganna skeið  
oss veginn vísa.

3. Þá dapur dauðinn ber  
að dyrum, faðir,  
veit, hjálp að höldum vér,  
burt heðan glaðir  
í viðsri von um xist í sælu-bygðum;  
um myrku heljárhlið  
oss heim þú leid í frið  
frá háská og hrygðum.

## 23.

Lag: Min hugun og von.

**F**AÐIR andanna,  
frelsi landanna,  
ljós í lýðanna stríði,  
send oss þitt frelsi,  
synda skít helsi,  
likna stríðanda lýði.

2. Lýstu heimana,  
lifga geimana,  
þerðu tregarinda tárin.  
Leyss oss frá illu,  
leið oss úr villu,  
lækna lifenda sárin.

3. Sælu njótandi,  
sverðin brjótandi,  
faðmist fjarlægir lýðir.  
Guðs ríki drotni,  
dauðans vald þrotmi,  
komi kærleikans tíðir.

4. Faðir ljósanna,

lifsins rósannna,  
lystu landinu kalda.  
Vertu oss fáum,  
fátækum, smáum  
líkn í lífsstriði alda.

## 24.

Lag: Heitrum vengðar af hág og sal.

VORS herra Jésu verndin blíð  
veri með oss á hverti tíð;  
Guð huggi há, sem hrygðin slæt,  
hvort heir eru fjær eða nær;  
kristnina eflí og auki við, yfirvöldunum sendi lið;  
hann gefi' oss öllum himna frið.

## 25.

Lag: Adams bár, synd þín svo var stó�.

VÉR biðum þign ó Kristur kær,  
lát kenning þína, fjær og nær  
um heiminn blessun breiða;  
gégn tálí syndar veit oss vörn,  
að verðum Guðs hin réttu börn;  
þinn anda lát orð leiða.

Við hjarta þitt oss haltu fast,  
og hjóttu vor lát gagntakast  
af ástaranda Heitum,  
sem ljóssins börn að lifum vér  
málið 3. Þingjot mæltum nulló sas

88.

Lag: 1. Jesu, þínax orðaðu aðirgundir  
DÝRÐ sé Guði í haestum hæðum  
Himinn syngur i fögrum dýrðome ðú  
Mannkyngrætti á iastu hæðum, ~~um~~ ~~um~~ ~~um~~  
undir tek meði loftöngsarríði he ðing ~~um~~  
Alt Guðs speki, thiskutin, mættillod ðí  
mikli, göfgi, grisi hátt, ~~um~~ ~~um~~ ~~um~~  
Dýrð sé Guði í haestum hæðum! ~~um~~ ~~um~~ ~~um~~  
Hrosi jöfðu hans ástargæðum, ~~um~~ ~~um~~ ~~um~~  
i dag er Kirkjuárið.

2. Ef þú ekki undrest, mældum

ástar Drottins vermtat yl,  
og i auðmýkt gerist glaður,  
Guðs isvo elsku finnir til, hvernig sýn  
hversu mættu í hans mildi þáttor. Þær  
maklegt þaldkari offur atjáð nos níði heg  
og með engla lófsöng lýsa til lösenðu þe  
likn yors Drottins þakka' og prisar?

3. Dýrð, alshierjar Drottini, þina mea  
djúpri' í lotnfing' eg tilbið. Þórvíður óði bo  
Þina elsku' og eymdir innar óði ingil i  
auðmýktur leg kantaastuvis kevið. Ó.  
Hvað var eg ðórvíður miskunar mírovinnit  
minn Guð, gafsi frá hósfirmeþér? og n  
eigi syni þyrnadir hýningum þau tuðði en  
þreifihann mig fsaðar erínum.

4. Alt mitt dagfar yfirlyst, að  
að eg sé heim hræður af undrunni háðar, að þá prisir skissa  
ást, er son þinn heimi gafl. Hvað  
Sú í hlyðni hefgi mig, blinde ðó tilagð  
hans svö fetileg dygða stigðruðu með  
Vegsemið loft og í þakkrum þýðariblsu do  
þér sé; Drottini, sýr ogi sýðar.

5. Dýrð sé Guði! Þaestum heðum, se  
hann gaf soninn fólkum næri Mannkyn, hrætt í inslu æðum, ðin  
aldræi gleymð því, viðitihann þér; t  
almátt, spekiðg elsku þín eniaðið að  
alt mitt líf við frengja mápið díður mi  
unz eg. Guði's w himini i heðum, se  
hef lupp loft með engla kyrrum.

JY 89. JUD 7. EINHORN 1. 1. 1.  
MÆLINT 1. 2. 1. 2. 1. 2.

**S YNG Guði dýrð, hanis dýrkeypt hjórd,**  
heim Drotni, et græddi meinis þitt; og  
gaf eigin son sinn aumri sjörði Þorði  
og opnaði' himnaríki sittí algeir Þóru go

2. Guðs sonur, orðið ellifðer frá, sem  
ungbarn litjó fæddur er, ógjá i  
og föburdyrðar ljóminn lá, i frumhl  
i lágri jötu niðri hér.

3. Ó, hvað hann skifti vel oss við, hann  
vorrin tóku viðin eynd vognryrð, en  
en gaf oss rækum frelsi, frið, mið minn  
sins föður náð og hjónadýrð, huya í ipo

4. Hann verður þjóhn, eg völdin fæ,  
hann vinna má, eg hvíldan nýt, hann  
sætir kyöl, eg sælu næ, hann saklaus  
hann deyr, eg lífjó hlýt.

5. Hann þarg vor þungu glæpagjöld,  
og galt þá skuld, en á oss lá, hann myrkra lagði að velli völd, en mið  
og valdin dæðans dreif oss frá.

6. Nú er því manna bólð blettar, af  
birtu skarri sigruð nátt, nú komist getur Adams, teg umsí  
við æðstan Guði frið og sátt.

7. Nú lengutu eigi lokað er, teg isibla  
oss ljóssins heilög paradís, teg umhau  
nú kerub þeimrei seginni ver, il mu als  
sem vist þarl innihljóta kys, go sunn

8. Nú dæðum sig mán druga hliði

við daudā nággér ifengin þótt, <sup>því</sup> hefði  
því ópin teid vild litsins uté <sup>því</sup> hér  
heim, líf er gernist, blasir mótt, <sup>því</sup> er  
und óflekkord in tilna. <sup>því</sup> 2

90

þrigð munjök ðs teitist go  
Mæg sinu lagi.

**HIN** fegursta rósin er fundin að hér  
og fagnaðarsæl komin stundin, <sup>því</sup> 3  
er frelsarinn fæddist á jörðu, <sup>því</sup> að hún  
hún fanst meðal þyrnarmaðr hörðu. <sup>því</sup> 4

2. Uppstrá því oss saurgáði syndin, <sup>því</sup>  
og syívirkuvan Guðs orðin myndin, <sup>því</sup> 5  
var Heimugoði hárþáði snauður, <sup>því</sup> 6  
og hveneinhver rangketi daudur.

3. Sem þið til til annars er eigi  
en eld i að honum meini fleygjð. <sup>því</sup> 7  
svo var og um vondan heimi þenna, <sup>því</sup> 8  
hann var ei til meins, — nemur að brenna,

4. Þá skaparinn himinflós hreina <sup>því</sup>  
i heiminum spretta lét eina,  
vorn gjörspiltan grður að bæta  
og gjöra hans veiskjtna sæta. <sup>því</sup> 9

5. Nu kirkja Guðs bætum nær blóma  
og borð fær avöxt með sóma, <sup>því</sup>  
því frelsarinn henni veitt hefur  
þá hjúkrun, <sup>þá</sup> frjóteikagefur. <sup>því</sup> 10

6. Nú ætti eigi þakklætt að þagna,  
nú þér bæri, mannykn, að lagna, <sup>því</sup>  
en lítinn þess víða bæti vettih; <sup>því</sup>  
i veröld að rósöjer er sprottin. <sup>því</sup> 11

7. Þér dramblátra hügskotin hörðu,

þér hördustu þyrnars járjörðu; minnið 61  
hví yður svohátt upp þér hreykip, og  
og hreykin til glætunar rekið? til með

8. Æ, snúið af hrokaleið háu  
og hallist að jötunn lágu;  
þá veginn þér ratið hinn rétta,  
því rósit í dölmuni spretta. 71H

9. Þú, fettflætis röðull hinn blidí,  
ert rós míni og heidur og prýði;  
þér sála minn sifelti skal þakka, en nái  
að sætlaik þinn lézehana smakka. 2

10. Þú, rós míni, er ró minni, gedip  
þú, rós míni, er skapti miði og gledi; nái  
þú harmannat beiskju mér heitin, sví go  
þú banyenar, girndin upp ræfir. 8

11. Þótt heimus mig hamingju sneidiði  
þótt harðir mig þyrnarnir meiði, ey  
þótt hjattanu af hrellingur svíði, en nái  
eg held hér, míri rós miði og ei kviði.

91

Læs: **Borlin er sveinn i Betlehem**  
Í Betlehem er barn oss fætt; 6:  
því fagni og gjörvöll Adamst aett, og go  
Halleluja. minnið minnslæti ivl

2. Það harnisðes fæddi og rífaði  
hann er þó dýrkar drottinn skap, 6:  
Halleluja. óðir sesq minnið us

3. Hann var í jöteðr, ðagður 6:  
uðróni lágt eyði attíldumistib 7:

en ríkit þó á himnum hátt. 11. 197  
ur:,: Halleluja. :,: gungot 1.

4. Hanr Veggömludu æ vitr-  
ingar; 11. 20. niom 11. 197. 19  
hami tigna himins henskara. 1. 19  
;,: Halleluja. 1. 197. 20. 19. 19

5. Peir boda frelsi og ;,: frið  
á jörð. 12. 19. 19. 19. 19. 19. 19  
og blessum Drottins barnahjörð.  
;,: Halleluja. 1. 197. 20. 19. 19. 19

6. Ver undir tökum ;,: engla  
söng, ;,:  
og nú finst ei oss höttin lóng.  
;,: Halleluja. ;,: 1. 197. 20. 19. 19

7. Ver fognum komu ;,: frels-  
arans, ;,:  
vér eru systkin orðin hans.  
;,: Halleluja. ;,: 1. 197. 20. 19. 19

8. Hverf fátekti hreysi ;,: höll  
nu er, ;,:  
því Guð er sjalfur gestur her.  
;,: Halleluja. ;,: 1. 197. 20. 19. 19

9. I myrkrum hömat ;,: lífsins  
sól. 1. 197. 20. 19. 19. 19. 19  
Hér, Guð, sé lof fyrir gleðileg jót.  
;,: Halleluja. ;,: 1. 197. 20. 19. 19

10. 1. 197. 20. 19. 19. 19. 19  
AF himnum ólanboðskap ver in  
oss, hörmuin, jagðar, lengðaðen;

## Kirkjuarið.

vér fögnum þeirri fregn í trú;  
af fögnuð hjartans syngjum nú.

2. Í dag er heimi fræsi, fætt,  
er fær vor mein og harma, bætt;  
það barnið þekkjum blesað vér,  
vor bróðir, Jesús Kristur, er.

3. Og oss til merkis er það sagt:  
í aumum reifum finnum lagt  
það barn i jötu', er hefir heim  
i hendi sér og ljossins geim.

4. Því gleðjumst allir, góðir menn,  
og göngum þangað allir senn,  
þá jólagjöf, Guðs son, að sjá,  
er sauða hirðar gleðjast hjá.

5. Æ, velkominn oss vertu þá,  
er vorar syndir tókst þig á.  
Oss, Jesú, kenn að þakka bér,  
að þínir bræður erum ver.

6. Ó, Guð, sem ráð á öllu átt,  
hví ertu kominn hér svo lágt,  
í tötrum lagður hart á hey,  
sem hefðir dýrri bústað e?

7. Þótt verold öll sé við og löng,  
sú vaggan er þér samt of þróng  
og þín ei verð, þótt væri hún full  
af vegsemd þeirri, er skín sem gull.

8. Svo hefir, Drottinn, þóknast þér,  
og þá vilt speki senna mér,  
að heimsins auð og ait hans glys  
þú eigi virðir meira en fisar.

9. Því bú til vögguði bryóst mér,

minn bezti Jesú, handa þér,  
f hjarta mímu hafðu dvol, og  
svo baldi eg þér ígleði og kvöl.

10. Af hjarta og tungu heilög dýrð  
sé herrans Jesú föður skyrð; heyr  
þá barna þinna þær og þökk  
og brjóstin, Guð, sjá glöð og klök.

Lag: Geitakuriskastl greðari minn.

**SJÁ**, morgunstjarna blíð,  
sem þoðar náð og foeksi lýð  
og sanngleiks birtju breiðir.  
Þú blessumu hefms log harmabót,  
þú heilög grein af Jesse zöt;  
mig huggar, lifgar, leiðir, i tungu  
Jesú, Jesú, liknir manna, lífið sanna,  
ljósíð, bjarta, ljósig fræl, loð  
þér eg fagna, hnoss míns hjarta.

2. Þú dásomperla, dýr og skær,  
þú djásnið mankyns, Jesú kær,  
þú eilti alleims gleði, þú erum go  
þú himiolilja, heimínum, um  
þitt heilagt evangelium, um  
er svölm sæðu gediz, eru miði  
Herra, herra, himneskti manag hósianna,  
hátign þinni  
vegsemd, dýrð og lof ei linni.

3. Lát helgah kírleikshita þinn  
i hjartað mitt sérpþrengjai im.

þú kærleikssölini, Kristur sôr minn  
 Þú liknareik og lífsins trú, mið i  
 það lán mér veit, á þér að se  
 eg frjór og fagur kvistur. A. M.  
 Lát mig, látt mig heil, minni  
 vermað hjá þér, veit eg á þér  
 vaxa megi; ist þó miðjini  
 limur þinn ei leyf að deyi.

4. Mér gleðilsós frá Guði skin,  
 ef gtuðleg náðaraugu þín  
 í diskum mig á lítaugum. A. S.  
 bitt heilagi orð, þín árman góð,  
 þíns anda gjöf, bitt holdagi blóð  
 mér hrygð úp hjartar slita. Old uð  
 Tak mig, tak mig niðr golosi, til  
 þina' í vatna ástarma, gur yfir  
 að eg hljóti. Æsel, æsel,  
 hjúkrun þarnagi hvíldan, njónan.

5. Ó, Jesú góði, ég ert þinn góð  
 ó, Jesú góði, þú ert manið, þú  
 hví glæður bölið berdeg; til  
 hjá þér, ó, Jesú, vistuer vísaðu  
 og vegsemd imér í þaradísilinu  
 úr þrautumi þangað fétlegum til  
 Amen, amen. Þog með tigfari til  
 Brátt minn vífja, vifstu' og ölytja  
 veika brúði  
 þína heimá helgu skrúðumini

94. innan  
 innan í fol gengið, ór yfir  
 rauði stinkas; Takkalgo, þarinn. I. S.  
 Sjá, hinnins óþróast hliðust innti

heilagt engla- lið
,<sup>ad ræðan. Þann 1.</sup>  
fylking swiðing fríðal  
úr fagnaðarins sal,<sup>það ófari gal</sup>  
fer með boðum blíðan  
og blessun lýsa skal siglðist rándi  
:: yfir eytmáðalo, : inga, runozi

2. I heimi er dimt og líjótt,  
hjarðmenn sjá um nött  
ljós í lofti glæðast,  
það ljós Guðs dýrar er;  
ljörtu þeirra hræðast,  
en herrans engill té;  
:: "Óttist ekki hér" ::

3. "Með fegin fregn eg-kem:  
Fæðst í Betlehem  
blessað barn það hefur  
er birtir Guð á jörð  
fríð og frelsi gefur  
og fallna reisir bjóðaði aðil myrt  
Pökki sé Guði gjörð." ::

4. Já, þaldo, sál myndar  
þaktað eg hofsyng nái go ðannum  
fæddum friðargjafal, is  
því frelsari' er handapinn; <sup>það er</sup> ða  
seg þú: "Hámi skatihafan; <sup>er</sup> mið  
æ hjá mér bústað sínar, <sup>er</sup> þa sigtrygð  
vinur velkominn." ::

5. Ó, Guði hinn sanan-son,  
sigur, lif og vondum eðin <sup>Guði</sup> minnða  
ris með þér og næst, <sup>minnða</sup> höjd  
þú réttlætisins sól; <sup>það</sup> minnði bliði

alt mitt angur bætist,  
þú ert mitt ljós og nskjól.  
∴ Eg held glaður jöldusins.

6. Á hæstri hátið nýð um með  
hjartafólgin trú við að oldi  
honum fagni' og hneigi,  
af himni' er kominn er;  
sál og tunga segi  
með sélum engla her;  
∴ Dýrð sé, Drottinn, hér.

93.

Lag: Lotis vörn Drottin.

SIGNUÐ skín réttlætissólin frá Isra-  
els fjöllum, augsl. 604.  
sólstafir kærleikans ljóma! frá Betle-  
hems völlum. Blessuð um jól 300.  
Blessuð um jól 300. børnum  
børnum Guðs þessi sól! goðinn  
flytur ljós frelsisins ölkum.

2. Hví er þá dapurt og dinni þér,  
mannlega hjarta? Dimman og hrygðin, guðarsíkis birt-  
unni' ei skárt; Ei má þín syni' is fæst; Ei  
ei má þín fávíska; blindi byrgja þér ljós; Guðs hjarta.

3. Kærleikans líttyniðin fegursta,  
frelsarinn blöður; faðminn Guðs miskunnarenni sem fyr  
hjörtunum byður; hvíld finnur hér;

lver sá, er þjakaður er huggun sá, hrelling er hiður.

4. Kom því, ómaður, og fagnadist  
frelsins lyða, en emiði meðist  
flýttu þér öruggur Drættins í armannahá  
sí i blíða, en ónnar meðist.  
Heit honum trú, en mælti geit se Þóðr um  
hjarta þitt gef honum meðu, meðal annarri  
lát hann ei lengi rópenið býða.

5. Sver honum hollustuðsvík eftir  
þannivástvin í trygðum sinnar  
safrna, þér fíarsjóði, geymdum í himin-  
annabýgðum, en þó vor með æt  
lát hjá þér vágast, en miðrov um ósau-  
lifandi trú, vonn og ástur eigin in mihi  
gakk fram í Gúðs barnabýgðum, en  
en munin tilkomnið eðnuð gáru.

96.

Með sínu lagi.

**G**LEÐINNAR hátið vér höldum í dag,  
hér þótt sé dapurlegt miða; höfum  
höfum þá gleðinnar hátið abrag, hrindum  
hrindum bunt soggum og kviða.  
Gleðin af heðum oss gefin er, en  
gleðinnar höfundi fögnum vér.

2. Friðarins hátið vér höldum í dag,  
hér þótt sé margt við að steða; in-  
stillum, til jörðum stormanna slag  
styttist til sumarsins, bliða, haði.  
Friður á jörðu, nái fluttur er, miðöji á  
friðarins þöfgingja, tignum, hafi, in-

3. Frelsisins hátið vér höldum í dag,

hér þótt vér fjötraná verum.  
Guðs sonur færir það gjötvalt í lag  
glaðir i trúnni því verum.  
Frelsari heimsins oss fæddur er,  
frelsisains konungi lútum vér.

4. Ljósanna hátið vér höldum í dag,  
hér þótt sé myrkur vor dagur; við hafi  
hátiðin boðar oss blíðari hag,  
birtir hann aftur svo fagur,  
ljósið af hæðum oss ljóma ber,  
ljósanna gjafara þökum svér.

5. Barnanna hátið vér höldum í dag,  
hér þótt vér eldumst og mæðumst.  
Annað sinn verðum því ungir í dag,  
aftur af nýju vér fæðumst.  
Barnanna réttur oss bōðinn er,  
barnið Guðs himneska prisum vér.

LXXXVII. 391.

G

JESÚ, þú eitst vort jólaljós.  
Um jölinn ljómar spín stjarna.  
Þér englanir kvega himtieskt hrós,  
það hljómar og raust Guðs barna.  
Skammdegis myrkrið skyggir evart,  
ei i skuggt sjáum þóttoma.  
Þú, ljósið af hæðum, blátt og bjart,  
þú ber oss svo fragan ljóma.

2. Jesú, þú eitst vort jólatté,  
á jörðu plánfauðir varstu; sinni  
þú ljómarliði svóxt lezt földé ennaðin  
og lifandi grelmari barstusalon.

Vetrarins frost þó hér sé hart  
og hneppi lífið í dróma,  
þú kemur með vorsins skrúð og skart  
og skryðin alti nýjum blóma.

þó mun ðeit ge ilmum TTD

Höfðið 98. svöðið erinnus óður

Lag: Að meðan sölín sktera ekkið óður

VÉR, ungur børnín aum og smá, <sup>þeg</sup>  
nú óskum, Jesú kær, að fá <sup>þeg</sup>  
í hjartans ást að heilsa þér,  
ó, hjálpa oss að bíg finnum vér.

2. Með söng yér komum klökk þér  
mótt, <sup>þeg</sup> niðri viðri <sup>þeg</sup> je  
og kyssum duftið þér við fót.  
Ó, blessuð nött er blesstað hnoss  
til blesunar var gefið oss.

3. Kom blesstað heims í haftmadal, <sup>þeg</sup>  
þú, himinbarn, tú dýrðarsak, <sup>þeg</sup> <sup>þeg</sup>  
Ó, hversu þungt að spini hér heidil no  
hin þrónganjata, kross og deyð.

4. Gegn spilling heimis þú vörn  
oss veit, <sup>þeg</sup>  
að vér eru brjótum, skírnarheit;  
til þín, til þín oss langa lát,  
og lát oss hafa á sannleik gat.

5. Um læfibraut oss leið og kyr;  
að loks ín þínini <sup>þeg</sup> parádis, <sup>þeg</sup> leið oss  
á unaðsmálið <sup>þeg</sup> onglævér, <sup>þeg</sup> <sup>þeg</sup>  
um <sup>þeg</sup> allförlögjörg syngjum þús, <sup>þeg</sup>  
þú <sup>þeg</sup> tæsileg, <sup>þeg</sup> <sup>þeg</sup> <sup>þeg</sup>

## 3. Nýar. (Nafn Jesú.)

Lag: Jesðs kallaður Komis til hennar

**PITT** nafn er, Jesú, unun öll,  
 það aumra stöðvar táraföll,  
 það auðgar andan snauða,  
 það gefur sekum von og vægð,  
 það veitir mæddum frið og hægð,  
 það lér oss líf i dýrða.

2. Pitt nafn er, Jesú, heilagt hnoss,  
 að himni lykill fyrir oss  
 og ljós, sem lýsir öllum,  
 ef trúin hrein það horfir á,  
 vér hölgum fétta stefnu þá  
 á leið að lifsins höllum.

3. O herra, nafnið helga pitt  
 á hjartað rita virztu mitt;  
 þar "Jesús" í jafnan standi;  
 en heitið mitt í hjarta þér  
 af hjartans miskunin, þinni ber  
 um eilífð ævarandi.

## 100.

Lag: Að þig, herra, Jesú Krist.

I Jesú nafni byrja ber  
 með bæn af hjartans grunni  
 það ait, er stofna viljum vér,  
 svo vel það blessast kappni;  
 því sé ei nafnins góða gætt;  
 er göngu vorri og stórfum hætt;  
 en ef þess gætt er, eflaust þá

mun alþross hjá sgodlumli mið mi  
til dýrðar Guði framgang fá. 1. 11.  
2. í Jesú nafni seld og sorg  
oss sífellt íber að mæta þessi 1. 8.  
því Jesú nafn er blesstuð borg, 1. 11.  
er bölið sinn oss græta, 1. 11. 1. 12.  
og heims vi láni styrkust stoð 1. 12.  
að stundað getum Drottins boð. 1. 12.  
Það heillagt nafn á, hyverri tíð 1. 12.  
oss hyöt er blíð, 1. 12. 1. 13.  
að, heyja gott í heimi stríð. 1. 13.

3. Í Jesú nafni Þauðans dyr 1. 14.  
vér djarfin nálgast megum 1. 14.  
í lambsins blóði laugadír 1. 14.  
til lífs vér heimyon eignum 1. 14.  
og munum sælu nægtum ná, 1. 14.  
ef nafnið Krists vér trúum á 1. 14.  
Það blesstað nafn er bót við neyð 1. 14.  
og bitrum deyð 1. 14.  
og oss til himins lýsir leid 1. 14.

stundid. Þróulin óist rannosi  
4. Prettandi. 1. 15.  
lausrismanni. Héðokl um 1. 15.  
**101.**

**M**et smáu með alli / 1. 15.  
Ó hve dýrleg er að sjá 1. 15.  
alstirnd himinfesting bla, 1. 15.  
þar, sem ljósin gullnu gljfra, 1. 15.  
glöðu felka brosi og titra 1. 15.  
og oss benda upp til sín. 1. 15.

2. Nöttin helga hálfntið vat, 1. 16.  
huldust næflet stjörnurnar; v H

þá frá himinboga<sup>1</sup> að dragði himi  
birti af stjórnun<sup>2</sup> um fördur lagðir  
:: ljómann hennar sem af sólg;

3. Þegar stjarna<sup>3</sup> á himini hátt  
hauðundlysir miðja<sup>4</sup> um natt<sup>5</sup>, en  
sögðu fornarsagnir viða, tildei  
sá mún fæðast meðal lýða; en ge  
:: skonanigur seinastspur erinn;

4. Vitríngar út austarströnd  
ei því dvöldu, en fóru brütt<sup>6</sup> en  
þess hins komna kongs að leita,  
kongi lotning þeim að ureita,  
:: mestur sem að galinni er;

5. Stjarna skær þeim lyser leið;  
leiðin þangað varð þeim greid, en  
unz þeir sveinninn fundu fríga;  
fátæk módir vafði hinn búa  
:: helgri fæslu að hjarta sér;

6. Stjarna veitt oss eihingi er  
og ef henni fylgjum Vér,  
hennar leiðarljósit bjarta  
leiða um jafðar<sup>7</sup> himið svarta  
:: oss mun loks til lausnarans.

7. Villustig sú aldrei á  
undrastjarnan leiðir há; O  
orðið Guðs hua er hūð skæra,  
oss ei Drottina virtust færa,  
:: svo mun væri oss leiðarljos.

... ma lit qq 102 borgi<sup>8</sup> en go :  
Lag; upp skepna byr, og gúga glöð.

H VE fagur<sup>9</sup> ljóman ljósahet

á loftsns bláa gefin t

Hve milt og blítt bau benda mér

:: i bústað Dröttins heim. ::

2. Hve björt og fögur sú var són,  
er sast um austurgeim.

og fegurst skefn hin fyrstu jól  
:: við fæding Guðs í heim. ::

3. Hve fagurt leiðarljós var það,  
sem lýsti vitringum.

Ó, ljóssins fadix, leyí bú að  
:: það lýsi smælingjum. ::

4. Ó, lát þá stjörnu lýsa mér  
um lífsins eyðisand  
og sýna mér, nær fjöld fer  
:: hið fyrirheita land. ::

5. Ó, lát þá stjörnu lýsa mér  
um lífsins myrka dal  
og leida mig nærs lífið þver  
:: i ljóssins bjarta sal. ::

6. Eg hefi eigi gull nái getsemat,  
minn Guð, aðinsæra þér, ::  
en til er idapurt trúar skar. ::  
Ó, tak það galt af mér. ::

7. Eg get sei meista gefiði þá, Y  
ó, Guð minn, fyrirgefjomi tsumiði  
en astuð gef því meira mér; ó, Guð  
:: því minn, sem begi hef. ::

8. Ó, gef mér lífsins gull i mund,  
svo glaðst eg fái hér,  
og leiði þú mig á lausnarstund  
:: i ljóssins spyrði hjá þér. ::

## 3. Fastan.

103.

Lag: Sólin ljóma sínum skrydd.

GAKK þú með i grasgarðinn,  
gæt að Jesú ströngu þrautuni;  
leiðarvisir það sé pinn  
þróngum lífs á hárabrautuni.  
Bið i auðmýkt, eins og hann,  
allra meina græðaratini!

2. Gakk þú með til Gabbata,  
Guðs son dóm þar varð að líða.  
Auðmýkt Jesú ihuga,  
er hér heimsins dómar svíða.  
Umber hógvær, eins og hafin,  
aðkast heimstins, spott og bánn.

3. Gakk þú með til Golgata,  
Guðs son lit þar sjálfan deyja.  
Andlát hans pér afmála,  
er þú dauðans strið skalt heyja.  
Lær að andast, eins og hann,  
er í dauða sigun vann.

4. Gakk þú með til grafar hans,  
gleymnd er nött, er rennur dagur.  
Yfir legstað lausnarans  
ljómar morgunroðit fagur.  
Guð vill aftur, eins og han, up  
upp þig vekja dýrðlegan.

104.

Med sínu lagl.

Síða "Hversu mig leysasti lengan?" og

Ó, höfuð dreyra drifis,

er drúpir smáð og spíht,  
af höndum þræla þrifið,  
og þyrnum sárum krýnt;  
ó, heilagt höfuð friða,  
er himnesk lothing ber,  
en háðung hlauzt að líða,  
mitt hjarta lýtur þér.

2. Þú auglit allra skærast,  
í upphæð vegsamað,  
þú yndið engla kærast,  
hví ertu hrakt og spjað?  
Hví ertu þannig þjóði,  
að þekkjast mátt ei?  
Hví svo af böðlum blakað,  
að blikna hlytur þú?

3. Af blygð og harmi hreldur  
eg, herra, játa mā;  
Mín synda sekt því veldur,  
hún sárt þig lagðist á.  
Sjá, hér eg er, sem hefi,  
þig hrakið, pint og spjóði  
þín miskunn mér hó gat  
að megi' eg öðr pt ná?

4. Æ, virztu við mig kannast,  
svo vondur sem eg er,  
og sau\* þinn aumanjan hast,  
sem einatt villur fer;  
mér virztu særdum svala  
í sálar þungri neyð; æ, virztu  
við mig tala,  
og vísa' á rétta leið,

5. Eg vil þar vera hjá þér,  
er veit eg þindan þig, i mubnið  
og eigi fara frá þér; a manum go  
æ, fyrirlit ei mig; en til rældi  
er dauðans syefn fær sigið  
á signað auga þitt, en í því er  
eg vil þitt höfuð hnigid, við hjartað leggja mitt.

6. Af hjarta þér eg bákka,  
að þyngstan kvaladeyð  
þú ljúft þér lezt að smakka,  
svo leystir mig úr néyð.  
Lát, Kristur kærleksrikur,  
ei kulna trú hjá mér,  
en loks, er æfi lýkur  
mig lát þú deyja í þér.

105. Lag: Tíu þín egn. Frottins, borga heiti.

MÍN sála, hverff frá heimini og syndi  
þinn herra Jéssum sjá, er telj, mið  
þá helgu skóða hrygðarmynnd  
er hangir krossi. Hver mun nú frámaf mannleg gírnd  
þig mega. Teldan fá? Þín vegna streymir lífins, lífins ova  
æ, lífið höndla spálmus mið önsu.

2. Lít, hve haðs undir sulkari og sár,  
er sekt alls heimis hám bar. Sjá Drottins Jesú výru, þá er talsa i  
hans dreyra' og bénzarnar! Þá er  
Sjá alt það synda ógnasat, sá 'sá' go

er ástrikt hjartasíður.

Unz lífsins herra laðist nár,  
svo leið hann píslirnár.

3. Hann húmið, grafar helga vagn  
og hverja' oss bætti braut.  
Því fagna, lífsins frumgróðann  
ei felur jarðarskauti.  
Þú, eilift líf og arþrisan,  
þér einnig dandinn lant;  
af jörðu heim í himnarann  
þú hefir greitt mér braut.

4. Því hverf, míni sál, frá heims' og  
á himnum Jesum sjá. [synd]  
Par máttu líta hans ljúfu myr  
er leysti oss bōl frá.  
Við hannum eilifð ástli blid,  
þú alt með þeim munt 14;  
hann er hinn sanna lífsins línd,  
sem líf þér veita má.

10. Lag: Heilorum ver Sub et hug og sal.

A.F. hjartans rot eg bakka ber  
hið þunga strið til frelsis mér  
og dapran krossins daudha þinn  
þú dýrstí' og bezti vinur minn.  
Þín heilög elска höndlí mig  
og haldi mér svölast við sig,  
að eigi ég um eilifð þiga.

DYLFINGIN 99

## 6. Páskar.

107.

Lag: í Jesú nafni upp sta.

**SIGURHÁTİÐ** sael og blið  
ljómar nú og gleði gefur;  
Guðs son daudann sigrað hefur;  
nú er blessuð náðartíð.  
Nú er fagur dýrðardagur,  
Drottins ljómar sigurhrós;  
nú vor blómgast náðárhagur,  
nú sér trúin eilift ljós.

2. Ljósíð eilift lýsimenú  
dauðans nött og dimmar grafir,  
Drottins miklu náðargjafir,  
sál míni, auðmjúk þakka þú;  
fagna, Guð þér frelsi gefur  
fyrir Drottin Jesum Krist,  
og af náð þér heitið hefur  
himnað kis dýrðarvist.

3. Drottinn Jesú, líf og ljós  
oss þín blessuð elskar veitir;  
öllu stríði loks þú breytir  
sæluríkt i sigurhrós.  
Mæðu' og neyð þín miskuhni sefi,  
með oss stríði kraftur þinn;  
Sigur þinn oss sigur gefi,  
sigurhetjan, Jesú minn!

108.

Lag: Sa krossþóru Kriscur lifir.

**DAUÐINN** dó, en lífið lifir,

lifs og friðar sólin skær  
ljómar dauðadölum yfir,  
dauðinn oss ei grandað fær;  
lifið sanna sálum manna  
sigurskjöld mótt dauða ljær.

2. Kongur lífs á krossi deyddur  
krónu lífs mér bjó hjá sér;  
dapur númeri dauði neyddur  
dýrðarlif að færa méi;  
þótt hann ætti þótt hauði hræði,  
það ei framar skaðvænt er.

3. Hann, sem reis með dýrð frá  
duft upp lætur risa mitt,  
leyst úr förtum fjötrum nauða,  
fyrir blöðið helga sitt p. anitum,  
hold og aðsleifs á landi gengið  
lifgjafara sinn fá hittrískum.

4. Jesú minni, sem dauðanın deyddir,  
deyja gef mér eins og þú.  
Og við þig, í ljós er leiddit  
lifið, æ að halda trú;  
lát mig þreyja þér og deyja;  
þrá min heit og bæn er sú.

109.

Lag: Gæskurkastri græðari minn.

I austri rís upp ársói skær,  
i austri sólin, Jesús kær  
úr Steinþró. Djúpri stígur þóri tila.  
Sú páskasólin björt log ublíð, hú eit  
er birtist öllum kristnum lýð, fórest  
og aldrei aftur hnigur.

Jesú, Jesú,      sigur er unnið;      sól upp í rúnuin  
sannrar gleði.      vina þinna grátnu geðinduðu hér? Gíði

2. Það ógnarbjárg er oltið frá,      er yfir gröf vers Drottins lá,      og gröfin opnuð aftur,      i tom eini móti  
Ó, hver tók líka burti það bjarg,      á brjósti mér er lá sem farg?      Ílmundur  
Það gjörði, Guð, þinn krafstur,      Jesú, Jesú,      hinn ónnur,      sumit is ónig  
bjargið trausta, hetjan hrausta,      hjartakæra,      ónnar ónnar,      uppi ónnar  
bjarg, sem enginn burt skal fera;

3. Í Drottins gröf var blitti og óljartví  
þar birtust engla síðoss með skart blod  
og ásýnd undurfríða.      sí umis brulrigill  
Í hyrri gröf, sem grafin er,      í gegnum myrkrið trúin sér  
Guðs engla birtast bíða,      virzt heim láta,      er liðna gráta  
Jesú, Jesú,      virkt óhildi ós,      gíði  
legstað yfir,      ós ós undan ós,      minn engla boða,      að láttinn lifir.

4. Þig boða englat upprisinn,  
það endurtekr heimtíðinn,      það ótal tungut tala,      ónni að intesi.      Það ómar glaðvær uppheimstjörð,      það undir tekur þöguljötð,      er ris úr daúðangs dvala,      ónni bæskasölli  
Jesú, Jesú,      minn engla boða,      þá barst wottihús go  
þú, minn Drottinn,

þess, eg megi  
rísa upp á efsta degi.

5. Sem upp rísi són um árdags stund  
og upp rísi blóm á þíðri grund  
úr köldum klakahjúpi,  
svo upp rísi síðar eilift ljós  
og óvisnanleg himinrós  
úr dauðans myrkadjúpi.  
Jesú, Jesú,  
þótt eg deyi', eg óttast eigi,  
æðri kraftur  
leiðir mig til lífsins aftur.

## 110.

Lag: Kom, skapari!, hellagi andi.

SJA, gröfin hefir látið laust  
til lífsins aftur herfang sitt,  
og grátur snýst í gleðiraust.  
Ó, Guð, eg prísa nafnið þitt.  
2. Nú yfir lífs og liðnum mér  
skal ljóma sæl og eilif von.  
Þú vekur mig, þess vís eg er,  
fyrst vaktir upp af gröf þinn son.

3. Á hann í trúnni horfi eg,  
og himneskt ljós í myrkri skín;  
með honum geng eg grafar veg  
sem götu lífsins heim til þín.

## 111.

Lag: Jesú, þínar opnu undir.

HERRANN lifir, höldum pánska,  
hrósum sigri lausnarans.

Synd og dauða, sorg og háska  
sigrum vér í mætti hans.  
Höldum lífsins hátið nú,  
höndlum nýja von og trú;  
upp með Jesú ond vor rísi  
endurfædd og náð hans lýsi.

## 112.

Lag: Lofið vorn Drottin.

LÁTIÐ nú, Adams börn, hátiðleg  
sigurljóð hljóma,  
hefjið með fögnum þakkar og lof-  
gjörðar róma;  
herrann vor hár,  
hann sémi bar mein vor og sár,  
heljar sleit harðspúinn dróma.

2. Látið ei hugfallast, dauðinn  
er fallinn og deyddur,  
dauðlegum vegur til heimkynna  
lífsins er greiddur;  
lysir nú lýð  
líssólin inndæl og blið;  
hræðist ei: háskinn er eyddur.

3. Hvað er nú grófin? Hún  
hvílurún orðin er værast  
herbergi preyttum og ofsóktum  
griðaskjöl kærast,  
svefnhýsi sætt,  
sem fær lífs andvökur bætt  
þeim, er af sorgunum særast.

4. Hvað er nú dauðinn? Hann  
grandad ei Krists vinum getur;

Guðs börnum vorboði kær eftir  
 hörmunga vetur  
 orðinn hann er;  
 öllum, sem veröldin lér,  
 huggunum huggar hann betur.

5. Hver fær nú efað, að hann,  
 sem á krossi leið dauða,  
 hirðir er trúfastur aumstaddrá, frá-  
 viltrá sauða,  
 og að hann er  
 ástvin, sem leiðir og ver-  
 lýð sinn á landinu nauða?

6. Hver fær nú efað, að heilaga  
 fórnin á krossi  
 hafi því valdið, að slöktur er reið-  
 innar blossi,  
 og að oss er,  
 öllum, ef trú höldum vér,  
 braut greidd að blessunar hnossi?

7. Hver fær nú efað, að holdið,  
 sem moldarskaut vefur,  
 hverfur til fulls ei, en að eins um  
 tíma þar sefur,  
 og að sú ást  
 eilíf, sem lýðum ei brást,  
 lífið nýtt líka því gefur?

8. Upprisuljós þitt látt, upprisni  
 Drottinn, oss lysa,  
 eilífs til samfundar með þér oss,  
 leiðina vísa.  
 Deyð sáhma deyð,

deyð vora spillingar-neyð;  
upp lát oss andlega rísa.

## 113.

Með sínu lagi.

**S**JÁ, ljós er þar yfir, sem lagður var  
nár!

Hann lifir, hann lifir, nú ræzt hafa spár.  
Hann rís upp í ljóma, nú lífið er veitt  
og lausn úr þeim dróma, sem mannkyn  
bar þreytt.

Hvert innsigli' er brotið og bjargi velt  
frá,

á burt eru verðir; því hræðsla greip þá.  
Og heljar hlið skjálfa. Hallelúja.

2. Ei myrkrið vann ljósið, þótt langt  
væri strið;

nei, ljóssins varð hrósið um eilífa tíð.  
Burt hrelling er flúin, því himneska von  
oss hefir veitt trúin á Guðs einkason.  
“Hví leitið þér, konur, svo harmþrungn-  
ar hér?

Ei hann, sem nú lifir, hjá framliðn-  
um er;

upp herrann er risinn.” Hallelúja.

3. Til himneskrar gleði nú gröfin  
er hlið,

ei grafar á beði er seinasta mið.

Þér höfuð, sem niður af hrygð voruð  
sveigð,  
upp hefjið nú yður og verið ei beygð.

Kon, hjörð, til þíns hirðis og leiða þig  
lát,  
hann lifir, hann lifir og enn hefir gát  
frá himnum á sínum. Hallelúja.

4. Ei haggast hans kirkja, þótt hret  
geysi stríð,  
hans heilög orð styrkja gegn óvinum lýð.  
ENN víða' eru' á ferðum hans vottar um  
heim,  
þótt viðjum og sverðum sé otað mótt  
þeim,  
og vitna' um hinn heilaga', er hreif oss  
úr neyð,  
um hann, sem á krossinum deyddi  
vorn deyð,  
um hertoga lífsins. Hallelúja.

5. Þér kristnir, hví grátið og kvíðið  
þér enn?  
Af kveinstöfum látið, þér friðkeyptu  
menn.

Það jörðin brátt tekur, af jörðu sem er;  
en Jesús það vekur til dýrðar hjá sér.  
Hann vitjar síns akurs á uppskeru tíð  
og illgresið skilur frá hveitinu' um síð.  
Hann hveiti sitt þekkir. Hallelúja.

## 114.

*Mes sínū lagi.*

PLANTA á leiðið lilju bjarta,  
lífsins mark á dauðans ból.  
Gegnum myrkrið grafar svarta  
glóa blómin hýr mótt sól.

Hyrt eitt blað, á gröf er grær,  
Guðs er engils vængur skær.  
Dauðaklukkur dimt ei hringja;  
dýrðarljóð Guðs englar syngja.

2. Sólin huldist svörtum mökkva,  
sonar Guðs er blóð út rann.  
Gröfin ljómar, dimman dökkyva  
dreifist burt, er upprís hann.  
Syngi Drotni sérhver þjóð  
sigurþaska morgunljóð.  
Jesús uppreis, Jesús lifir,  
Jesús ríkir himnum yfir.

3. Sjálfur Drottinn lífsins lifir,  
losnuð eru dauðans bönd;  
grafir hafinn er hann yfir,  
oss hans blessi líknarhönd.  
Vöknum nú af værðarblund  
vors um fagra morgunstund;  
og með sigursálmi glöðum  
svífi' upp önd á vængjum hröðum.

### 7. Hvítasumma.

115.

Lag: Vakna, Stöns verðir kalla.

**S**KÍN á himni skír og fagur  
hinn skæri hvítasunnudagur,  
er dregur nafn af Drottins sól,  
dagurinn, er Drottins andi  
af dýrðarinnar björtu landi  
hér steig á hels og harma ból.  
Iví syngjum sigurlag

og signum þennan dag.

Drottins andi,

oss heill veit þá, að himnum á  
vér hátið slika megum sjá.

2. Fyrstu vinir sjálfs Guðs sonar  
þeir sátu milli ótta' og vonar  
á þessum Drottins degi fyr;  
allir þó með einum huga,  
semi engin þrenging kunni buga,  
og andans biðu öruggir.

Með einum huga enn  
svo allir séu menn,  
einn sé andi  
og ein sé lund  
um alla stund  
og ein sé von um gleðifund.

3. Skyndilega heyrðist hvinur;  
sem hvast er veður yfir dynur,  
og fylti húsið fljótt hjá þeim.  
Drottins anda kærleiks kraftur  
svo kemur inörgum sinnum aftur,  
hann fyllir enn upp allan heim.  
Ef þungt hann andar á  
þá ekkert standast má;  
en hann ándar  
þó aftur blitt  
og hægt og hlýtt,  
og hjartað gjörir milt og þýtt.

4. Liðu tákni lofti skærū,  
sem leifturtungur bjartar værti,  
og settuð yfir sérhvern þar.  
Tungur enn með leiftri ljóma

og lofstír Drottins þöglar róma,  
 hans veldi' og dýrð til végsemdar.  
 Hvert lauf í lágum dal,  
 hvert ljós í himinsal  
 eru tungur,  
 er tala hátt,  
 þótt hafi lágt,  
 um herrans speki, gæzku' og mátt.

5. Allir fyltust anda hreinum,  
 Guðs andi kendi lærisveinum  
 að tala ókunn tungumál.  
 Fyll þú brjóst vor, friðarandi,  
 og fjötrum swift og sterku bandi  
 af vorri tungu, vorri sál.  
 Ó, lát þinn lausnarkraft  
 vort leysa tunguhhaft.  
 Allar tungur  
 með allan mátt  
 á allan hátt  
 þér alla vegsemd rómi hátt.

## 116.

Lag: Sjáðu, sjáðu, faðirinn fríði.

KOM þú, himins ástgjöf æðsta,  
 andinn helgi, til vor nú;  
 kom þú, sálna huggun hæsta,  
 hjörtun sjálfur uppfyll þú;  
 kom, og eldinn kærleiks sanna  
 köldum glæð í brjóstum manna;  
 kom, og allan kristinn lýð  
 krýn þú blessun ár og síð.

## 8. Trinitatis.

117.

Lag: Kom, skapari!, heilagi andi.

**P**IG, Guð, vor Drottinn, göfgum vér,  
ó Guð, vér þakkar segjum þér;  
þig; faðir æðstur, herra hár,  
öll heimsbygð lofar síð og ár.

2. Þín englasveit og helgra her  
á himni lofgjörð syngur þér;  
þinn kærleik tigna kerúbar,  
þinn kraft og vísdóm serafar.

3. Þú heilagur ert, herra Guð,  
þú heilagur ert, mikli Guð,  
þú heilagur ert, góði Guð,  
þú, Guð alsherjar, Drottinn Guð,

4. Um jörð og himin hátign þín  
í hæstri dýrð um aldir skín.  
Við hástól lambsins himnum á  
þér helgir spámenn lofgjörð tjá.

5. Þar prísa þig og postular,  
þig píslarvottar göfga þar;  
en heilög kristnir hér á jörð  
þér hljóma lætur þakkargjörð.

6. Þig, faðir hár á himnastól,  
og hirðinn góða, Krist, vort skjól,  
og andann helga, huggarann,  
þitt heiðrar fólk, sem bezt það kann.

7. Þig, góði Jesú, göfgum vér,  
þér Guðs son, Kristur, dýrðin ber;

þú vorri klæddist veikri mynd,  
að vora kvittað fengir synd.

8. Þú hefir, Jesú, dauðann deytt,  
híns dýrðarhimins erfð oss veitt;  
þú situr Guðs við hægri hlið  
og heldur ríki sannleiks við.

9. Þú kemur, Drottinn dýr, um síð  
og dæmir fallinn Adams lýð.  
Ó, herra, veit, að héðan vér  
í himina dýrð þá fylgjum þér.

10. Ó Drottinn, þjóna þína styð,  
er þú með blóði keyptir grið;  
veit umsjá þínum eignarlýð,  
og arf þinn blesa fyr og síð.

11. Úr synda snörum sérhvern hrif,  
í sálum glæð þú trúarlíf;  
í myrkrum heiðs oss lys og leið.  
og likn oss veit í allri neyð.

12. Þú mikli Guð, oss miskunn sýn,  
vér mænum, Guð, i von til þín;  
ó, þyrm oss, Guð, og glötun ver,  
ó Guð, vort traust er alt á þér.

## 118.

Lag: Hétður sé Guði himnum a.

**GUD** faðir, lof og þökk sé þér,  
er þín vilt börn oss kalla,  
og veikum styrk og vörn oss lér  
og viðreisn þeim, er falla.  
Þín vizka, náð og vald er hátt;  
þú vægir oss, þótt hrópleg þrátt  
oss hendi hrösun alla.

2. Ó Jesú, Guðs hinn góði son,  
er gjörðist bróðir manna,  
svo eilifs lífs oss veittist von,  
þú virtist dauðann kannu.  
Ó, dýrð sé þér; vort ljós og líf,  
ó, lof sé þér, vor stoð og hlíf,  
þú líkナルindin sanna.

3. Guð helgur andi, huggun trú,  
þín hjálp við oss ei linni;  
þér stað í vorum brjóstum bú,  
og blessun krýn oss þinni;  
vor hjörtu ljós og frið lát fá,  
og freusting þegar ræðst oss á,  
gef sérhver sigur vinni.

## 119.

Lag: Hve gott og sagurt og inndælt er.

Ó, lofa skaparann, lífsins hjörð,  
ó, lofið, prísið hann alla vega,  
þér allir lýðir á allri hjörð,  
því alt hann gjörir í svo dásamlega.

Já, lofið Dröttin,  
já, lofið Dröttin,  
já, lofið Dröttin,  
ó, lofið Guð !

2. Ó, lofār frælsarann, lífsins her;  
han líf og sigur og frælsi gefur;  
hanst náð og miskunnin eilifser;  
og aldrei trygðin hans brugðist hefur.

Já, lofið Dröttin,  
já, lofið Dröttin,

,:, já, lofið Drottin, :,  
ó, lofið Guð !

3. Ó, lofa huggarann, lífsins fjöld;  
hann lífið styrkir og dauðann þíðir;  
hann leiðir kynslóðir öld af öld,  
og alla leiðir í dýrð um síðir.

Já, lofið Drottin,  
já, lofið Drottin,  
,:, já, lofið Drottin, :,  
ó, lofið Guð !

### 9. Aðrir helgídagar.

#### 120.

*Lag:* Vakna, Síons verðir kalla.

VAKNIÐ, raust af himni hljómar,  
sem hátiðlega' og kröftugt ómar  
um grafir degi dómsins á.

Risið upp úr gleymdum ḡ fum,  
og gangið út úr djúpum höfum;  
nú dynja lúðurhljóðin há:

Ó, vakna, dáin drött.  
nú dimm er liðin nótta;  
lítið daginn,  
hinn efsta dag,  
hinn æðsta dag,  
er gjörir út um yðar hag.

2. Jörð og haf og himinar skjálfa,  
er heyra Drottins engla sjálfa  
um heiminn kalla hvellum róm.  
Djúpið opnast, fjöllin falla  
og felmtur mikill grípur alla,

er safnast fyrir Drottins dóm.

Nú byrjar guðmóms gjörð,  
hann greinir sína hjörð  
eins og hirðir.

Þeir góðu þá  
sitt frelsi fá,  
en hinum verður vísað frá.

3. Jesú, mig þín koma kætir,  
þú kross og raunir mínar bætir,  
hjá þér eg frið og frelsi hlýt.  
Þyrnum breytir þú í pálma  
og þungum ekka' i gleðisálma;  
því glaður mína gröf eg lit.  
Og þá eg þreyttur er,  
eg þangað halla mér;  
bráðum aftur  
mig vekur þú;  
í von og trú  
eg því vil glaður þreyja nú.

## 121.

Lag: Óvinnanleg borg er vor Guð.

Ó nær mun linna harmahríð  
og hvenær birta tekur?  
Nær kemur afturelding fríð,  
er oss af svefni vekur?  
Þá vonzka' og viðurstygð  
með vélar, fals og lygð  
á helgum stendur stað,  
þá stundin liður að,  
er heljar myrkrin hrekur.

## 122.

Lag: Einn herra eg hezt sétt  
 Ó, hversú gott að ganga  
 í Guðs vors húsið er  
 og lífs í stríði stranga  
 þar styrks að leita sér!  
 Í herrans helgidómi  
 er hverjum syölun veitt,  
 er bliðum barnarómi  
 þar biður Guð sinn heitt.

2. En—æ, hve oft og tíðum  
 hins æðsta húsið nú  
 er litils virt hjá lýðum  
 og lítið hirt um trú!  
 Hve margir stunda minna,  
 að mæta Jesú þar,  
 en syndar idn að sinna  
 í solli veraldar.

3. Nótt komið hafi Kristur  
 og kirkjur gnæfi hátt,  
 hann einatt er sem mistur  
 og eigi fundinn þrátt.  
 Ó, syndug sál, þín gættu  
 og sannleik mundu þann:  
 Þú ert í ógnar hættu,  
 ef ei þú finnur hann.

4. Æ, flýt þér hann að inna,  
 sem fyrst hans leita ber;  
 og lát ei bænum linna,  
 svo leitin hepnist þér.  
 f Drottins húsið háltau,  
 en hug ftá veröld snú;

þá fljótt hann finna skaltu,  
ef fund hans girnist þú.

5. Ó, Kristur, kom og sýndu  
með kærleiks ásýnd þig  
heim öllum, er þér týndu,  
svo aftur betri sig;  
og veit heim styrk að vera  
í verki Guðs með þér,  
og okið blesсаð bera,  
sem bezt og hollast er.

## 123.

Lag: Þann signaða dag vér sjáum enn.  
VÉR týnum oft Jesú í heimi hér  
í líavaða lífs og glaumi;  
vér leitum hans þar, sem ei hann er,  
og oftlega' i leiðslu' og draumi.  
Vér hyggjum hann fjær, þá hann er nær,  
og hrekjumst af tímans straumii.

2. Vér leitum að Jesú, en hann er hér  
í líusi síns föður kæra.  
Í helgidóm bent oss hingað er  
með hljóminum klukkna skæra.  
Hér lýsir hans orð, hans blesсаð bord  
hér blessun oss hefir að færa.

3. Guðs musteri' er öll veð old víð,  
þar vist er hann meðal sinna.  
Í hverjum helzt stað og hverri tíð  
má herrann vørn Jesúm finna.  
Í því, honum ber, hann enn þá er  
oss elsku síns föður að vinna.

4. Vort hjarta sé musteri heilagt það,

er herrann i bústað eigi;  
og hvenær, sem leitum honum að,  
þar hann ætíð finna megi,  
svo vizkan og náð þar verði sáð,  
er vaxi með hverjum degi.

5. Eg síðar til Jerúsalem kem  
á sólþjörtu gleðilandi;  
í inusteri dýrðar Drottins nem  
hans dásemadir óteljandi.  
Hve gleðst þá míin lund við Guðs míns  
sú gleðin er ævarandi. [fund;

## 124.

Lag: Sælir eru þeim sjálfur Guð.

Ó, þú, sem breyttir vatni' i vin  
i veizlusalnum forðum,  
ó, góði Jesú, minstu míin,  
og mæl þú líknarorðum.  
Breyt synd i dygð, breyt táli' i trygð,  
gjör trú úr vantrú minni;  
breyt reiði' i líkn, breyt sekt i sýkn;  
gjör sælu' úr refsing þinni.

2. Þinn tími kominn enn ei er  
mér unað fullan veita;  
en þangað til eg þreyi hér,  
að þú vilt kjörum breyta.  
Hið góða vin vill gæzkan þín  
oft geyma seinni dögum.  
Þá sólin skín, er skúrin dvín;  
svo skiftir vorum högum.

3. Og þótt vér göngum þrautaspor,  
vilt þú oss gleðjast láta.

i mæðunni þú minust vor,  
það megum vér æ játa.

Já, góðan hag og glaðan dag  
oss gafstu mörgu sinni,  
og kættir lund við kærar fund  
með kærri návist þinni.

4. Ef vér þig höfum, Guð, sem gest,  
þá ganga vel oss hlýtur;  
þú getur sérhvern bætt vorn brest,  
og bætt upp hvað sem þrýtur.  
Ó, gist hjá mér í heimi hér  
i hrygð og gleði minni.

Kom hingað fyrst, svo geti' eg gist  
í gleði síðar þinni.

5. Já, fyrst í þessum þrautadal  
oss þvílik gleði veitis;  
hve mun þá Guðs í gleðisal,  
til góðs er sérhvað breytist?  
Fyrst miskunn þín lét vatn í vín  
á vorri jörðu breytast,  
ó, hvort mun þá ei himnum á  
úr hörmung gleði veitast?

## 125

Lag: Hvar mundi vera hjartað mitt.

**P**A mæðubára minsta rís,  
ó, maður, hvert eitt sinn,  
þér sýnist bráður bani víz  
sem bátur sökkvi þinn;  
þú kveinar hreldur: "Hvar ert þú,  
sem hafssins öldur bazt?"

Þú, Drottinn, ert mér dulinn nú,  
þú, Drottinn, **sefur fast.**"

2. Nei, þótt hann sýnist sofa fast  
og sinna þér ei hót,  
lát ei að heldur hugfallast,  
en hraustur statt á móti.  
Ei sefur hann, þótt sofum vér,  
hann sigrast ei af blund.  
Ó, gætum vér í veröld hér  
svo vakað eina stund.

3. Sjá, Drottinn vakir, vakir **æ**,  
og veit hvað bjarga má;  
hann stillir vind og stöðvar sæ  
og stýrir skerjum frá.  
Ó, vak þú sjálfur stutta stund,  
hvort strið er eða greið,  
því stórt er pund, en stirð er mund,  
og stutt er æfiskeið.

4. Ó, lát þér ant að vaka vel,  
en vert ei hræddur þó,  
er hörð að dynja háskael  
á heimisins ólgusjó.  
Þótt völt sé skeið og vánt um ráð  
og veik þín lífsins bönd,  
er stýrið gott. því stór er náð  
og sterk er Drottins hönd.

5. Þótt boðar skelli' á þátinn þinn,  
ei byljótt hræðstu él,  
því stendur sa við stjórnvölinn,  
er stýrir öllu vel;  
og yfir kalda dauðans dröfn  
frá djúpi hörmungar

hann leiðir þig í lífsins höfn  
á landi sælunnar.

## 126.

Lag: Hver, sem að reisir hæga byggð.

**PÓTT** æði stormar heims um haf,  
ei háski granda má oss;  
þeir bát vorn fært ei fá í kaf,  
því frelsarinn er hjá oss;  
ei öldur skaða oss hót, því mann,  
er haf og vindar stöðva kann,  
þeim bægir burtu frá oss.

2. Þótt vantrú sjái' af hættum her  
og hugsi: "Drottinn sefur",  
og hræðslan kvæjni: "Hjálpin þver,  
oss herrann yfirgefur,"  
eg þreyja vil i traustri trú  
og treysta, Jesú minn, að þú  
mig örmum verndar vefur.

3. Mitt hjarta, Jesú, vantrú ver,  
þótt volki heims ei linni;  
en þá mig hels að boða ber,  
þú bjarga sálum minni;  
þá virztu hasta á vind og sjó,  
og veittu mér í sælli ró  
að lenda i lífshöfn þinni.

## 127.

Lag: Sólin upprunin er!

**PÓTT** holdið liggi lágt  
og læst í dróma,  
fær andinn hafist hátt

í himinljóma;  
 hann fylgir Drotni fjalls á tindinn  
 þar fögur útsjón er. [bjarta:  
 Guðs undra djúp þar sér  
 hið hreina hjarta.

2. Hér niðri' á láði' er lágt  
 og ljósi fjærri;  
 í trúarhæð er hátt  
 og himni nærrri;  
 þar er svo hátt, að hverfur alt hið  
 hið lága færist fjær, [smáa;  
 en færist aftur nær  
 hið helga' og háa.

3. Hér niðri' í djúpum dal  
 er dímmán svarta,  
 þar uppi' í svölum sal  
 skín sólin bjarta.  
 Þar er svo bjart, að birtast huldir  
 í gegnum grafar húm, [vegir;  
 í gegnum tíma' og rúm  
 þá augað eygir.

4. Ó, hér er hark og stríð  
 og hávær glaumur;  
 en þar er þögn svo blið  
 sem þögull draumur.  
 Þar er svo hljótt, að hverfur tímans  
 Guðs hjarta heyrist slá, [niður;  
 í hjarta minu þá  
 býr fró og friður.

5. Þar tignartindi á  
 eg tjald vil gera;

þar góðum Guði hjá  
er gott að vera,  
og ummyndast og búast björtum  
og öðlast eilift skart [klæðum,  
með andlit sólarbjart  
á helgum hæðum.

6. Eg bjart lít bлиka sky  
á banadegi;  
raust heyri eg þar i:  
“Minn elskulegi!”

Pá skyggir dauðans sky á lífsins  
mig enginn ótti slær, [blóma.  
mér einn er Jesús nær  
í ljóssins ljóma.

## 128.

Lag: Guð miskunni nú öllum oss.

Þú, heimsins ljós, fékst myrkva af  
er mína læging barstu; [mér,  
en fagra birtu' eg fékk af þér,  
er forkláraður varstu.

Hve undur dýrðlegt andlit þitt  
í ummyndun var þinni;  
þess bjarmi skíni' í brjóstið mitt  
og breyti mínu sinni;  
þar ljómi ljós þitt inni.

## 129.

Lag: Hver, sem ljúfan Guð lætur rata.

Um sólarupprás æfi þinnar  
þig árla kallar Drottinn þinn.  
Í árdögg skærri skírnarinnar

hann skírir þig' sem verkmann sinn  
og vígir þig til víngarðsinatins,  
að vinna fyrir ríkið hans.

2. Um þriðju stundu þig' hann  
er þinnar æskuð sólin skín; [kveður,  
þá segurð lífs og glys þig gleður,  
ei gleym, að Drottinn sér til þín;  
í víngard sinn hann vísar þér,  
að vinna meðan dagur er.

3. Um sjöttu stund til starfs hann  
kveður  
er starf hans ríkis'engjur tregt;  
þú hefir mikið höndum meður,  
en heyr þú, eitt er nauðsynlegt :  
Að höndla dýrðar hnossið það,  
sem hefir Guð þér ákvarðað.

4. Um hinztu stundu hann þig  
er hnigin sem er æfisól; [kallað  
þá degi lífs að húni hallar,  
er hálf gjört enn það, Guð þér fól.  
Par til hin hinxta dagsbrún deyr,  
í Drottins nafni vinn þú meir.

5. Og þegar síðast kvöldið kemur,  
hann kállar sérhvern verkmann heim;  
hann geldur engum öðrum freimur,  
en öllum saman gefur þeim.  
Ó, met sem gjöf, en gjald ei það,  
sem Guðs son hefir verðskuldað.

## 130.

Lag: Einn herra; eg bezg ætti.

Ó, Guð, þin kenning góða.

bitt guðlegt orða-sáð,  
um heim til hjálpar þjóða  
i hjartna jarðveg stráð,  
þeim kjörum sífelt sætir,  
er sorgleg telja má;  
það hindrun margri mætir,  
svo má ei vexti ná.

2. Á götu' og grýtta jörðu  
hið góða fellur sáð,  
og þrátt hjá þyrnumi hörðu,  
svo þroská fær ei náð;  
en sjaldnast fundið fær það  
þá frjóu' jörð, sem er  
þess eðlis að þar grær það  
og ávöxt mikinn ber.

3. Þú, herrann hæsti, þekkir  
hver hjartans jörð mínn er,  
og veiðt hvað henni hnekkir,  
svo hún ei ávöxt ber;  
Ó, hættu' ei, Guð, að hirða  
um hárðan akut mínn;  
en þess hann virztu virða,  
að verða reitur þinn.

4. Frá þyrna þróng og steinum  
virfst þú að hreinsa mig,  
og gírð mig náðar greinum  
frá guðleysingja stig.  
Minni hjartans akur yrktu,  
gef andans dögg og sól;  
til gróðurs góðs hann styrktu,  
ó, Guð, hans vertu skjöl!

## 131.

Lag: Faðir vor, sem á himnum er.

**M**INN Jesú, kunnugt það er þér,  
hve þrátt sá óvin ræðst að mér,  
er vill í glötun svíkja sál,  
frá sannleiks orðum beygja mál,  
frá verki réttu hefta hönd  
og hneppa líf í synda bönd.

2. Eg veikur eigi verjast kann,  
í voða brátt mig leiðir hann,  
ef þú ei, herra hár, mig ver  
og honum skipar burt frá mér;  
af bljúgum hug því bið eg nú,  
að burt frá mér hann rekir þú.

3. Lát hann ei geta hindrað mig,  
ó herra, frá að lofa þig;  
lát aldrei því fá hamlað hann,  
að heyrta eg geti sannleikann;  
lát hann ei blekkja sálar sjón  
og svik hans önd ei búa tjón.

4. Ef fellir hann mig, fljótt mig reis:  
ef fjöstrar hann mig, brátt mig leys;  
ef yllir hann mig, blítt mér bend;  
ef blindar hann mig, ljós mér send;  
ef skelfir hann mig, legg mér lið;  
ef lokkar hann mig, þú... mig styð.

5. Ó, lækna, Jesú, líf mitt alt.  
ó, lát það vermast, sem er kalt,  
það vökvá fá, sem visna fer,  
það verða hreint, sem flekkað er,

það auðgast, sem er aumt og snautt,  
það endurlifna, sem er dautt.

## 132.

Lag: Kross á negldur meðal manna.

**HVERT** það ríki þver og þrotnar,  
þar sem stríð og sundrung drotnar,  
mótstríðandi sjálfu sér.

Minsta ríki' er mannsins hjarta,  
mjög þó skift í ótal parta  
það af vendum öndum er.

2. Virztu illa anda' að reka,  
eigingirni' og vantrú freka,  
Jesú, burt úr brjósti mér.  
Illum girndum burtu bægðu,  
brotum eyð; en sekum vægðu,  
lát mig ætíð þjóna þér.

3. Hreinsa þú svo, herra góði,  
hjarta mitt með þínu blóði;  
herra, gjör það hreint og prýtt,  
svo eg láti' ei illa anda  
illra girnda', er sálu granda,  
aftur fá þar athvarf nýtt.

4. Bú þar aftur bústað handa  
blíðum föður náðaranda,  
hreinum anda helgunar.  
Mér i brjóst sá andi andi  
ódáins af fögru landi  
lífsins blæ og blessunar.

5. Andi trúar, andi vonar,  
andi Jesú Krists, Guðs sonar,  
andi dýrrar elsku hans.

Lát þú sannleiks ljósið bjarta  
lýsa skært í mínu hjarta,  
fyll það krafti kærleikans.

## 133.

Lag: Heimili vort og húsin met.

**A** eyðimörk hér erum vér,  
svo oft er mannhjálp fjarri,  
en þó ei neitt að óttast er,  
ef oss er Drottini nærrri.  
Þótt lítil séu söng að fá  
og fólkid margt og brauðin smá,  
hann getur gjört þau stærri.

2. Á eyðimörku "mettaði" hann  
á "manna" lýðinn forðum;  
á eyðimörku mannfjöldann,  
er minna var á borðum;  
á eyðimörku einnig hann  
á enn há minna seðja kann  
með að eins nokkrum orðum.

3. Úr litlu mikið gjört þú gatr,  
ó, Guð; með veldi háu;  
lát mína blessta margfaldast  
og mikið gjör úr smáu.  
Það litið gott, sem í mér er;  
gjör einnig stórt og bú í mér  
þér höll úr hreysi lágu.

4. En fyrst þinn guðdómsmáttur  
í mikið litlu breyta, [má  
hvort munt þú eigi mikið þá  
af miklu kymna að veita?  
Af miklum sjóði miskunnar

gei miklar gjafir, bléssunar;  
um likn ei nokkrum neita.

## 134.

Lag: Loflð Guð i hans helgídóm.

NÚ gleðifregn oss flutt er ný  
úr fögrum himinsölini:  
Sá Guð, er hæst, býr hæðum í,  
vill hér í jarðar dölum  
oss búa hjá; um blessum þá  
og birta leyndardóma  
Guðs engla raddir róma.

2. Ein kyrlát mær þá kveðju fær,  
sem kætir bæði og hrædir:  
Að hennar sónur hjartakær,  
er hún á síðar fæoir,  
það veldi fær, er voldugt nær  
um viðar heimsins álfur  
og hærra en himinn sjálfur.

3. Við mey þá engill mæla réð:  
"Pú miunt af himnum þiggja  
Guðs anda gjöf; þig mun þar með  
Guðs máttur yfirskyggja.  
Og lífs þíns von, þínn ljúfa son,  
þú lausnara skalt kalla;  
hann endurleysir alla."

4. Lát kraft þinn, Jesú, Jesú minn,  
mig jafnan yfirskyggja,  
og lát þitt orð og andu þinn  
mér æ í hjarta byggja,  
svo ég sé þinn og þú sért minn

og þinn æ minn sé vilji  
og okkur ekkert skilji.

5. Þitt himnariki' í hjarta mér  
þinn helgur andi búi,  
á hverjum stað þar er hún, [hér,  
sem orðið krossins kunngjört er,  
og krossins merki ber hún.

3. Hún stöðug jafnan standa kann,  
þótt stormur æði byrstur;  
því hún er bygð á hornstein þann,  
er heitir—Jesús Kristur.

4. Þótt grimmir fjendur flykkist að  
og falli Gnðs borg hóti,  
Guðs engla vörður á þeim stað  
er æ til varnar móti.

5. Og staðinn helga straumur ver,  
er stöðvar árás fjenda;

sá straumur blesað blóðið er  
vors bróður himinsenda:

6. Í örvaenting þótt hamist hel  
og heift ei vilji gleyma,  
í Guðs borg liður lýðum vel,  
því lifið á þar heima.

7. Það unað borgarbúum lét  
og býr hvern dag þeim glaðan,  
á friðarhöfn að útsjón er  
hin inndælasta þaðan.

## 178.

Lag: "Old Hundred."

**VOR** Guð, oss lýsa látt Pitt orð,  
er linna þeirra brögð og mord,  
er fela vilja friðarsól  
og fella Jesú veldisstól.

2. Pú, Kristur, drótna drottinn ert,  
Pitt dýrðlegt vald gjör ölluini hert,  
og kristni þína voða ver,  
að vegsemd æ hún gjaldi þér.

3. Pú, andinn helgur, allá tíð,  
í eining trúar styrk þinn lýð;  
hjá oss þú dvel í andláts neyð  
og oss til lífs úr dauða leið.

## 2. Trúboð:

## 179.

Með sinu lagi

FRA Grænlands is-gnúp yztum,  
frá Indlands kóral-strönd,

frá landi stúnnan sólat  
 við silfurlinda-bönd,  
 frá fljótum frumsköganna  
 og fríðri pálma-hlíð  
 berst hróp til vor að hrifa  
 úr hlekkjum viltan lýð.

2. Mun oss, er orðsins njótum  
 og allrar náðar, tjá  
 þeim synja lampa lífsins,  
 er langvinn myrkur þjá?  
 Ó, boðum Jesúm, boðum  
 hans blessað hjálparráð,  
 unz fólk fjarstu landa  
 er frelsis-orð hans tjáð.

3. Pér, vindar, blítt það berið  
 og bárur sævargeims,  
 unz alt skín í bess ljóma  
 til endimarka heims,  
 unz lambið laúshat kemur,  
 er leið og dö á kross,  
 í veldi vegs og dýrðar  
 til verndar frelstum oss.

I fornöld á jörðu var frækorni sáð,  
 það fæstum var kunnugt, en sumstaðar  
 smáð;  
 það frækorni var Guðsríki, í fyrstunni  
 smátt,  
 en frjóvgadist óðum og proskadist  
 brátt.

2. Þá dundu<sup>1</sup> yfir stormar og hret-  
viðrin hörd  
og haglél og eldingar geysuðu' um jörð.  
Það nistist af frosti, það funaði' af  
glóð,  
en frjóvgaður vísir þó óskemdur stóð.
3. Og frækornið smáa varð feiknar  
stórt tré,  
þar fá mátti lífsins í stormunum hlé;  
það breiddi sitt lim yfir lönd, yfir höf  
á lifenda bústað, á dáinna gröf.
4. Í skjóli þess þjóðirnar þreyta sit  
skeið  
og þreyttur fær hressing á erfiðri leið  
í skjóli þess hrakinn og vesall fær vörn  
þar velja sér athvarf hin saklausu börn.
5. Það vantar ei enn þá hin ískoldu é  
og orma, sem vilja þess rót naga' í hel;  
en hvernig sem fella það farið er að,  
þeir fá því ei grandað né eyðilagt það.
6. Það blóm gast og vex og æ blóm-  
legra rís,  
í beiskjandi hita, nístandi ís;  
af lausnarans blóði það frijóvgaðist  
fyrst,  
þann frjóvgunarkraft eigi getur það  
míst.
7. Frá heimskauti einu til annars það  
nær,  
þótt önnur tré falli, þá sífelt það grær;  
þess greinar ná víðar og víðar um heim,

unz veröldin öll fær sitt skjól undir  
þeim.

8. Og sú kemur tíðin; að heiðingja  
hjörð

þar hælis sér leitar af gjörvallri jörð; sú tíðin, að illgresið upp verður rætt og afhögna límið við stofninn sinn grætt.

9. Hve gleðileg verður sú Guðsríkis  
öld!

Um gjörvallan heim ná þess laufskálatjöld.

Úr hvelfingu myndast þar musteri frítt, þar mannkynið alt Guði lof syngur blitt.

### 181.

Lag: Guð miskunni ná öllum oss.

I miskunn, Guð, vor minstu nú,  
veit milda blessun þina;  
þitt auglit blitt og orð lát þú  
til eilifs lífs oss skína.

Pinn helgan veg og hjálparráð.  
gef heimur allur sjái,  
og herrans Jesú heilög náð  
til hverrar þjóðar nái  
og alla frelsað fái.

2. Þig lofi, Guð, þín himnesk hjörð,  
þér heiður mannkyn rómi;  
Því fagni sérhvert fólk á jörð  
með fögrum söngva hljómi,  
að réttinn hönd þín voldug ver's  
og valdi syndar eyðir,

en lif og kraftur orð þitt er,  
sem öllum veginn greiðir  
á réttar lífsins leiðir.

3. Ó, Guð, hver lýður þakki þér  
og þínnum syni kæra;  
að jörðin æ sinn ávöxt ber,  
en orð þín sálir næra.  
Guð einn og þrennur ár og síð,  
ver aumra miskunnari.  
Þig allur tigni alla tið  
þinn engla' og manna skari.  
Því allir "amen" svari.

## 182.

Lag: Jesú, þínar opnu undhi

LÁT þitt ríki, ljóssins herra,  
ljóma skært um jörð og sjá;  
láttu meinin þjóða þverra,  
þerðu tár af hverri brá;  
sannleiksordið sigurbjart  
sigri villumyrkrið svart.  
Synda fár og fjötrar víki  
fyrir þínu náðarríki.

2. Tendra þjóðum eld í anda,  
efldu Jesú Kristí hjörð;  
láttu hana styrka standa,  
stríð þótt herji viða jörð;  
orðsins þjónum auk þú hlíf,  
afl og fjör og heilagt líf,  
anda Krists og elsku heita,  
ótal sálum hjálpað veita.

## 3. Prestsvígsla.

183.

Með sinu lagl.

**A**NDINN Guðs lifanda', af himnanna  
hæð,

heimi' er til bles sunar keinur,  
ljósið er hatað og lygin er skað.  
lymskan sín myrk raverk freinur.

Æ, ver tu því hjá oss nú i náð,  
nóttin er voðaleg, hættan bráð,

2. Eldlegar tungur og ástheita sál  
öllum þeim gef, er þú sendir,  
hjálpræðis bitrast og mildast þó mál,  
munni sem postula kendir.  
Heimskauta meðal á hverjum stað  
himnesku' af afli þeir boði það.

3. Fögnuð og ljós þeir æ fyltji sér  
með, frjóvgist hvert spor, er þeir ganga.  
Hugprýði' og þrek styrki hugfallið geð;  
huggun lát grátendur fanga.  
Föðurorð nildiríkt, leynt sem ljóst,  
liknarhug gagntaki sérhvert brjóst.

4. Skin þú sem árgeisli' um ilmandi  
grund  
ómandi' í vormorgunroða.  
Orðið þitt lífgandi lýð veki' af blund,  
líkn Guðs með þakklæti' að skoða.  
Unaðar-raddanna undurdjúp  
áorki', að steinhjörtu verði gljúp.

5. Heilagrat skírnar veit háleitast hnoss,

hvarvetna nýir menn fæðist.

Frelsarans blesaða kenning um kross kröftugleg blómgist og glæðist.

Lifstreð frá krosstrésins láttu rót limar, sem faðm, breiða Drotni mótt.

6. Sælunnar unaðsemð alla lát fá ást fyrir lausnarans þjóða; föðurráð eilift og andans verk þá eitt verði' í syninum góða.

Enginn svo giatist í herrans hjörð, hættan þótt mörg sé og dimt á jörð.

#### 184.

Lag: Hver, sem ljúfan Guð lætur ráða.

**S**END liðsemð, Drottinn, þjónum þín er þína geyma skulu hjörð; [um, af eigin maðti enginn sínum því orkar maður þess á jörð. Styrk þá að bera byrði þá, er baztu þeirra herðar á.

2. Gef þeim, er öðum veginn vísa, að veginn sjálfir þræði rétt og séu fogur ljós, er lýsa og ljóma skært í sinni stétt; gjör verkin þeirra vegsamlig, svo vegsamlegan gjöri þig.

3. Ó, lífsins Guð, á lífsins végum leiða kenn þú börnin þín. Svo hirðar bæði' og hjörðin megi, nær hérvist fallvölt eitt sinn dvín,

þér, yfirhirðir æðsti, hjá  
í unað himna safnast fá.

## 4. Kirkjuvígsla.

185.

Með sínu lagl.

INNDÆLAN, blíðan, blesstaðan,  
bústaðinn þinn, [fríðan  
Drottinn minn, þrái' eg, þar kýs að fái  
þrátt komið inn. [eg  
Lifandi Guð, í þíns helgidóms hús  
hugurinn stefnir til lofgjörðar fús.

2. Alheimi kunnur algæzku brunnur  
ertu, Guð hreinn;  
fuglum þú skýli fær, svo þeir hvíli  
fullrótt hver einn;  
húsið þú opnar mér heilaga þitt,  
hjartað svo friðarinns njóti þar mitt.

3. Hingað að snúa, hér inni' að búa  
hagsæld er mest;  
tungunni' er kæti, Guð ef, hér gæti  
göfgað sem bezt.  
Sæll er sá maður, sem fögnuð þinn fær  
fundið, þú guðsbarna lofsöngur skær.

4. Þúsundir daga, holdið er haga  
hyggur bezt sér,  
geta líkst eigi Guðs einum degi,  
glaðir þá vér  
lyftum í hæðir með heilögum söng  
hjörtum úr veraldar umsvifa þróng.

5. Heimsdrotna' að vitja heimboðs og  
háborð við mitt, [sitja

einkis það met eg mótt því, ef get eg  
musteri þitt fengið að sækja; þótt sæti' eg þar neðst,  
sit eg þér nærrí, minn Drottinn, og  
gleðst.

## 186.

Lag: Til þín eg, Drottinn, huga ker;

Ó maður, hvar er lílifðarskjól  
á heinssins köldu strönd?

Hvar leiftrar Drottins dýrðarsól  
á dauðans skuggalönd?

Hvar stöðvast tímans hála hjól,  
en hnýtast eilif bönd?

Og hva er sael und sólar stóli  
vor sjúk og dauðþreytt önd?

2. Vort hlífðarskjólið heimi i  
er húsið, Guð minni, þitt;  
ei hret né stormar hreyfa því  
né hræða brjóstið mitt;  
bar gefur náðin herrans hlý  
mér himinljósið sitt;  
í hjartans unun hér eg bý,  
því hér er sekum fritt.

3. Og hræðslu' og sektar húmið svart  
úr hjarta mínu fer;  
því svo er lífsins ljósið bjart,  
sem leiftrar til míjn hér.  
En blygðast þín, ó, hjarta hart.  
því herrann til þín sér,  
og ber þú ætlid brúðkaupsskart  
að borði Drottins hér.

4. Ó, mikla hnoss, að hitta þig  
og helga svölun fá,  
minn Guð, þá syndín særir mig  
og sorgin dynur á.

Mitt duft er fast við dauðans stig,  
en dýrð þín, Guð, svo há,  
og samt mitt hjarta hefja sig  
til himnaríkis má.

5. Guð heigur andi, hingað snú  
og helga þennan sal;  
Guð helgur andi, hjá oss bú  
og helga munis vors tal;  
Guð helgur andi Hjartans trú  
þá hljóma til þín skal,  
umz oss að lokum leysir þú  
til lífs úr táradal.

## 187.

Lag: Hér straumur tímhans fráin hjá fer.

I þennan helgá herrans sal  
vort hjarta leita griða skal,  
því úti herjar heift og stríð,  
en hér er eilif blíðutíð.

2. Svo kom þú hingað, kristin sál,  
ó, kona með heilög lofsöngsmál;  
kom hingað klökk og hjartans fús,  
í heimi finst ei betra hús.

3. Og þetta húsið helgum vér,  
ó, himna Drottínn, einum þér;  
í Jesú trú með Jesú frið,  
í Jesú náfní halt því við.

## 5. Kirkjufundur.

188.

Lag: Þann signaða dag vér sjáum enn.

**V**ÉR komum saman á kirkjufund,  
vér komum í Jesú nafni.

Nú vakni sérhver af værðarblund  
og veraldar lysting hafni.

Ó, biðjum Guð að blesa vort ráð,  
svo blómgist hans kirkja' og dafni.

2. Vér komum saman á kristinn fund  
og Kristur sé með oss öllum;  
hann rétti' oss nú sína mildu mund,  
er miskunn hans vér áköllum;  
hann styðji með krafti kristinn lýð  
og kristnina verji föllum.

3. Vér komum saman á kærleiksfund.  
í kærleika saman iðjum.

Pótt mörg sé skoðun og margbreytt  
vér móður samhuga styðjum; [lund.  
því ein er vor trú c ein vor von  
og einn vér föðurinn biðjum.

4. Vér komum síðar á Kristí fund,  
er kallar hann oss að dómi;  
af hverjum sitt þá heimtar hann pund  
með hvellum og snjöllum rómi.  
Ó, notum þau, áður vekjumst vér  
af voldugum lúðurhljómi.

189.

Lag: óvinnanleg borg er vor Guð.

**V**ORT kirkjufélag framleið þú,

vor faðir elskulegi,  
 í sönnum kærleik, sannri trú,  
 á sáluhjálpar vegi.  
 Halt krossins kenning við;  
 gef kristni þinni frið;  
 þitt ríki' í heimi hér  
 með heilagt lif í þér  
 gef hvern mann helga megi.

## 190.

Lag: Þín miskunn, 6, Guð, er sem himininn há.  
**Ó**, leið þú oss, Guð vor, á ljósanna  
 braut,  
 er liggur til hásala þinna.  
 Vort félag vér leggjum í lausnarans  
 skaut,  
 þar lát þú oss séluna finna.

## V.

## Náðarmeðulin.

## 1. Guðs orð.

## 191.

Lag: Gjörvöll kristnir skal gleðjast nú.  
**H**VE sælir allir yrðum vér,  
 af orði lífsins blíða,  
 sem Guðs af náð oss gefið er,  
 vér gættum rétt að hlýða!  
 Það blesstað orð er hjörtum hnoss,  
 það heims í myrkrum lýsir oss,  
 það veitir styrk að stríða.

2. Um sannleik þann, sem æðstur er,  
oss orðið Drottins fræðir;  
í hverju, sem að hondum ber,  
það huggun beztri gæðir.  
Það veikri sálum veitir þrótt;  
að verði hjarta mæddu rótt,  
það heimvon helga glæðir.

3. Ef vegi Guðs vér víkjum frá  
á villustiginn breiða,  
þess heilög. Ódd oss hvetur þá  
hjá háska þeim að sneiða.  
Það áminnir oss alla þrátt,  
að oss til sáluhjálpar brátt  
vér Guðs náð látum leiða.

4. Veit oss, ó Guð, að orð þitt dýrt  
oss alla vakið fái  
og þannig hjarta hverju stýrt,  
að hæstu gæðin þrái.  
Það hverja deyfi harma skál.  
það hverja styrki veika sál  
sælum sigri nái.

5. Lát orð þitt, Guð, um alla jörð  
svo öllum þjóðum lýsa,  
að allir verði að einni hjörð,  
sem eigi sælu vísa.  
Lát alla blessum orðsins fá  
og alla síðar himnum á  
þitt náðarnafn æ prísa.

þann arf vér beztan fengum.  
 Oss liðnum veit til lofs það sé,  
 að ljós við þess vér gengum.  
 Það hreystir hug í neyð;  
 það huggar sál í deyð.  
 Lát börn vor eftir oss  
 það erfa blesstað hnoss.  
 Ó, gef það glatist engum.

## 193.

Lag: Kom, skapari!, hellagi andi.

HÚN er mér kær, þú blesstuð bók,  
 sem boðar mér það líknarráð,  
 að sjálfur Guð að sér oss tók,  
 hin seku börn, með föðurnáð.

2. Eg heyri þaðan hljóma blitt  
 af himni rödd, er segir mér:  
 Guð vill, að sérhvað verði nýtt,  
 sem veikt af syndaspilling er.

3. Eg horfi þar é 1. alga mynd  
 míns hjartakæra lau... ans,  
 er leysti mi... ra se... g synd  
 og sælu bjó mér hitina ranns.

4. Eg sé þar dýrsta sigurgjöf,  
 eg sé þar friðarnerki reist,  
 eg sé þar bjargi swift af gröf,  
 eg sé þar heljar böndin leyst.

5. Sér ljóss og ráða léitar þar  
 í lífsins vanda sál míni hrædd  
 og sér þar aflar svölunar,  
 er sárt hún stynur, þyrst og mædd.

6. Þú, heilög ritning, huggar mig.  
mér heilög orðin lýsa þín;  
sé Guði lof, sem gaf mér þig,  
þú gersemin hin dýrsta mínn.

## 194.

Lag: A meðan sölun skæra skín,  
eða: "Old Hundred."

Ó, herra Jesú, hjá oss ver,  
því heims á vegum dimma fer;  
þitt orðaljósið látt oss hjá  
með ljóma hreinum skinið fá.

2. Þótt ill sé tíð og öldin spilt,  
lát oss, þinn lýð, ei fara vilt,  
en hjá oss æ þitt haldast orð  
og helga skírn og náðarborð.

3. Ó, Kristur, þína kirkju styð,  
þótt kuldí' og svefn oss loði við,  
og kenning þinni götu greið;  
um gjörvöll löndin hana breið.

4. Það náði, Guð, þín miskunn  
mild,  
hvað margir kenna' að eigin vild  
og hærra meta hugboð sitt  
en heilagt sannleiksorðið þitt.

5. Ó, læg þú hvern þann lærðomis  
við, .  
er leiðir vilt, og brátt þeim hrind,  
er treysta fremst á fróðleik sinn,  
en falsa hreinan lærðom þinn.

6. Ei oss ber heiður, heldur þér,  
en heiður þinn, ó Jesú, er,

mig.

að sigri haldi Hjörðin sú,  
er heiðrar þig með réttri trú.

7. Þitt orð er sálar æðsta hnoss,  
þitt orð er sverð og skjöldur oss;  
þótt annað veltist veröld í,  
oss veit til enda' að halda því.

8. Þitt heilagt orðið heims i nauð  
sé, herra kær, vört daglegt brauð,  
oss leiðsogn holl um harmadal  
og himins inn í gleðisal.

## 195.

Lag: Hjartar, þankar, hugur, sinni.  
**GUD**, lát orð þitt ætið standa  
óumbreytt á meðal vor;  
lát oss rekja í réttum an-  
rétttrúaðra feðra spor.  
Dögum hallar, hjá oss ver,  
höndum á oss veika bér;  
himinleið oss leið þú rétta,  
lífsins brauði sálir metta.

## 2. Skírn.—Ferming.

## 196.

Lag: Jesu, þínar ópnu undir.  
**E**G er skírður, huggun hæsta  
hjarta mínu veitir það;  
þótt mín sekt sé þungbær næsta,  
bekki' og á eg griðastað;  
barn míns Guðs eg órðinn er,  
allrar gleði fær það mér;  
ekkert heims um gnöttir gef eg,  
gæðin æðri nóglegi haf eg.

2. Eg er skírður, skal mig ekki  
skelfa, synd né myrkra völd;  
hjálparráð eg hef og þekki,  
hann, sem bar mínn syndagjöld;  
fyrir skírnar blesað bað  
benja Drottins nýt eg að;  
lausnarans Jesú dýru blóði,

## 197.

Lag: Jesú, þínar opnu undir.

FADIR, sonur og friðar andi,  
fót minn leið þú hrösun frá;  
skírnarheit að vel eg vandi,  
virztu náð og styrk mér ljá.  
Lát mig jafnan lífa þér;  
lif á meðan veitist mér,  
unz á himnum fæ eg finna  
fögnuð meðal barna þinna.

## 198.

Lag: Guðs vors ná gæzku prísum.

VOR Jesús börnin bliður  
að brjósti leggur sér,  
og þeim hið bezta býður,  
það borgarréttur er  
með himins helgri þjóð;  
hann erfð þérn æðsta veitir  
og allri sælu heitir  
sitt fyrir blesað blóð.

2. Til Krists því koma látið,  
þér kristnir, börnin smá,  
og hæsta heill það játið,

að hans þau fundi ná;  
 ó, berið börn til hans;  
 hann virðist við þeim taka,  
 þau voði má ei saka  
 i faðmi frelsarans.

## 189.

Lag: Ofan af himnum hér kom e.  
**Ó,** bliði Jesú, blesa þú  
 það barn, er vér þér færum nú;  
 tak það í faðm og blitt það ber  
 með lörnum Guðs á örnum þér.

2. Ef á því hér að auðnast líf,  
 því undir þinum vængjum hlif,  
 og engla þinna láttu líf  
 það leiða' og gæta slýsum við.

3. Ó, gef það vaxi' í vizku' og náð  
 og verði þitt í lengd og bráð  
 og lifi svo í heimi hér,  
 að himna fái dýrð með þér.

## 200.

Lag: Þín miskunn, ó, Guð, er sem himininn há.  
**GUD** faðir sé vörður og verndari þinn,  
 svo veröld ei megi þér granda;  
 hvert fet þig hann leiði við föðurarmi  
 og feli þig sér milli handa. [sinn

2. Guðs sonur sé fræðari' og frelsari  
 ei frá þér hans skírnarnáð víki; [sinn  
 hann opni þér blesaðan ástarfaðm sinn  
 og innleiði þig í sitt ríki.

3. Guðs andi sé hjálpari' og huggari  
 þinn,

i heimi þín vegferðar-stjarna;  
hann hjálpi þér síðan í himininn inn  
að hljótir þú frelsi Guðs barza.

---

## 201.

Lag: Óvinnanleg borg er vor Guð.

LÁT þennan dag, vor Drottinn, nú  
oss dýran ávöxt færa.  
Ó, bezti faðir, blesa þú  
vorn barnahópinn kæra.  
Nú frammi fyrir þér,  
vor faðir, stöndum vér,  
þín eldri' og yngri börn,  
þín elska liknargjörn  
vor hjörtu virðist hræra.

2. Þeim ungu legg þitt orð i munn,  
þess afl i sálum brenni,  
svo hreina trú af hjartans grunn  
þau hreinlynd viðurkenni;  
þau voru færð þér fyr,  
þú faðm þeim opnaðir;  
þú blesuð börnin smá  
lézt blessun skírnar fá;  
ó, gef þau glati' ei henni.

## 202.

Lag: Sérhvert ljós um lífsins nöttr.

BLESSUN yfir barnahjörð;  
ljúfi faðir, legg nú þína,  
lát þeim æfinlega skína  
þinnar likrar ljós á jörð.  
Astuð hreinnar elsku' og trygðar

ætið hjá þeim varðveit þú;  
þú þau skarti dýrrar dygðar,  
dauðans til þau gjör þér trú.

## 203.

Lag: Gæzkurkasti græðarl minn.

**P**Ú lambið Guðs, er leiðst hér pin,  
um lömbin veiku sjáðu þín  
á heimsins hættuvegi;  
í þína hjörð þau, herra, tak  
og heillum yfir þeirra vak  
frá æsku' að dauðadegi;  
styrk þau, styð þau;  
og er hriðar æfi stríðar  
allar dvína,  
virztu lífs þau krónu krýna.

## 204.

Með sínu lagi.

KONUNGUR lífsins kemur hér til sala,  
kveður til fylgdar börnin jarðardala,  
undan þeim fer hann, friðarmerkið ber  
frelsari er hann. [hann,

2. Hertýgi ljóssins lífsins konung  
skrýða,  
lysir af bitru orðsins sverði víða,  
konungs á höfði kostuleg mun skarta  
kórónan bjarta.

3. Alvæpni Guðs hann æskumönnum  
gefur,  
eðalstein lífsins hann á skjöldinn grefur.  
skeyti þá engan skaða mega vinna,  
skjól er hann sinna.

4. Fermingarbarn, til fylgdar þig hann  
krefur,  
segurstu kosti eilfs lífs hann gefur,  
sakleysið verndar, sorg í gleði breytir,  
sigurinn veitir.

5. Styrki þig Guð, að velja veginn  
réttar,  
vizkan og náðin sveig úr rósum flétta,  
undan þér fer hann, friðarmerkið ber  
frelsari er hann ! [hann,

### 3. Kvöldmáltiðin.

#### 205.

Með sínu lagi.

TUNGA mína af hjarta hljóði  
helgan leyndardóm um þann,  
likam Krista og blesstað blóðið,  
hót sem öllum heimi vann,  
konungs þjóða þá hins góða  
það á krossi' úr æðum rann.

2. Siðstu nótt, þá sat að borði  
sjálfur Kristur bræðrum með  
lögmáls gjörla eftir orði,

— engin máltið dýrri er séð, —  
höndum hreinum sínum sveinum  
sig til fæðu gefa réð.

3. Hold i brauði, blóð i víni  
bauð sitt væri, Drottinn kær;  
miskunr slík þótt manna' ei skini  
myrkum skilning; trúum vær;  
trúin eina hjarta hreina  
huggun, gleði' og styrkleik fær.

4. til Helgidorðið sverið háttí allir  
heiðra skulnum bæru díðið í falli 7.  
Gamlar dögumálsagförmör í falli 7.  
fyrir Dróttis nýjum síðum til 206.  
Trúin mæta þeim límaða bætan til 206.  
brestinni með krisiðum 206.

LÁTE SÍ, SÍONGJÓSGJÖRÐIBESTA, ÞEÐ  
leiðtоганн og hirðlanti besta, <sup>þeð</sup>  
Jesúm, lýðarlaugsnarann, <sup>þeð</sup> er að fá  
heiðra, þú innfæði Hjólmr, snjólfum; <sup>þeð</sup>  
hugfest þú, <sup>þeð</sup> langt er i öllum <sup>þeð</sup>  
manna lofstir meiri hann.

2. Pitt í dag sé bakkarefni  
þjóðum náðarpantur gefni, H  
blessað lífsins braupin það  
er hann knúður kærleik hreimum,  
klökkus bytti læriseinum,  
síðst er borgi sat hann að.

3. Ástar, ihneipu-<sup>1</sup> skoluði-<sup>2</sup> skartas  
skyklegt-<sup>3</sup> væri ðverju-<sup>4</sup> hjattavil <sup>5</sup>  
bessum degi-<sup>6</sup> dýrumgáos-<sup>7</sup> stisísl <sup>8</sup>  
og með ihásöngs hóigranljóða-<sup>9</sup> <sup>10</sup>  
höfundinum, Kristi góða,  
náðarmáltíð <sup>10</sup> bakka pá.

4. Kristur veitist allur öllum  
æfinlega, þa ver fallum,  
fram vid blessad bordið hans.  
Kristur eydist ei næ þrýtur.

alla blessun hver einn hlýtur,  
þó að neyti þúsund manns.

5. Þessi dýr og guðleg gæði  
góðir fá og vondir bæði;  
þó er munur mikill á:  
Góðir æðstar heillir hljóta,  
hinir miskunn af sér brjóta,  
þar eð herrans hold þeir smá.

6. Allir, sem til Guðs borðs ganga,  
gæti að halda rannsókn stranga  
högum sálar sinnar á;  
Krists með trú og tárum leiti,  
til þess sér til lífs þeir neyti  
og hans friður faðmi þá.

## 207.

Lag: Guð miskunni nú öllum oss.  
Hér kem eg, seki syndarinn,  
af sálar þorsta neyddur,  
og flý i liknarmaðminn þinn,  
sem fyrir mig varst deyddur.  
Ó, Jesú, tak á móti mér  
að málтиð helgri þinni,  
og hvild mér bú við hjarta þér,  
að hjarta-sorg mín linni  
og hjartans frið eg finni.

## 208.

Með sinu lagi.

Ó, Guðs lamb synda sýkná,  
er særði krossþínan megna,  
þér svo var ljúft að likna,  
að léztu sjálfum þér hegna.

Pú einn barst allra syndir;  
 vér án þín værum týndir.  
 Oss veikum væg þú, ó Jesú.

## 209.

Lag: Jesú, þín minning mjög sæt er.

**ÞÍN** minning, Jesú, mjög sæt er,  
 sú minning hjörtum fögnuð lér;  
 en að þú sjálfur ert oss hjá  
 er unun hæst, er veitast má.

2. Ei heyrist fegra' í heimi mál,  
 ei hugsað æðra getur sál  
 og engan söng að eyra ber,  
 sem unaðslegri' en nafn þitt er.

3. Pú einka-von ert angráðum,  
 þú athvarf traust ert biðjendum,  
 þú likn og hjálp ert leitendum,  
 þú lífið sjálft ert finnendum.

4. Pú, Jesú, lífsins lindin bezt,  
 þú ljós og yndi sálna mest,  
 þú betra hverri býður þrá,  
 já, betra' en alt, sem hugsast má.

5. Ei orð finst það, er því fær lýst,  
 um það fær tunga borð sízt,  
 hvað, Jesú, þig að elskar er,  
 það einn veit sá, er lifir þér.

6. Pú ætið, Jesú, ert hans þrá  
 i einverunni' og mönnumi hjá;  
 i verki' og hvíld, i vöku' og blund  
 hans von til þín er alla stund.

7. Ó, Drottinn Jesú, Drottinn miðn,  
 er dýrstan vanst oss sigurinn,

þú sætleikum er sálum með minni mið  
og svölun hízta; hjörtuminiq nái ræv

8. O, verlþú osq. yor heili; híjá, o  
að hverfi myrkrið sálum frá.

Í hjörtun lýsi ljós Pitt inn, —  
þú ljósið heims, — með unad. sinn.

9. Er sækil. þú vor hjortu heim  
skin himnesk sannleiks birta þeim  
og lýsi heims þáu hafna skjótt  
og helgri verniast kærleiks gnott.

10. Þú Hknardjap, Gíðs ljári són,  
vort líf, vort traustog sálu vora,  
minn anda hrfið elskan þin.  
Þú, ævsturit Herra, vitjað minn.

11. Þíve sætur eru, emni veit sa,  
þin ast er lengið heim, hísvindu nái  
hve säll er hver, er seður þú,  
hans sál með flægtum gledum þú.

12. Þú libnigla myrðinu wést og hezt  
ert eyrum söngöldu blóðungestöði nái  
í munni humang Óðinninlegi, erið nái  
í hjartarbaðam gaððm legt.

13. Þú vþrygðas eknuðu róðheyri míni,  
í hæð er leitari uppsíði þingið ósí mi  
þú öll minn sérlög felugfájast, ósí mi  
er til þin efnaini eg, Drotteinari hárþví

14. A hovri estndi og i hvart deg. Þer  
mitt hjarta þyrtimefir hér umvini e i  
Minn wést yr sálar, að legið høg flimur i  
mín æðsbræragleði, ræði þú færti manns

alda. Min komi þús híjartar blessad bá  
og brennheit þráðu minnarsáðstæði.

Ó, Kristur, Guðs son, kom til mig id  
með kærleiks undrin helegu þín. qðeijl

16. Ó, kom þú, hezti konungur,  
ó, kom þú, dýrðar höfundur;  
ver sálar minnar sólin skýr,  
ver svölun mín og vonin dýr.

17. Þú sigur vánst a vónzku her,  
er vora líking bafðu hér,  
en ert nú föður æðstum hjá  
í upphefð dýrðarl böni himiná: ЯУЛН

18. Eg fylgi, Jesú, þangad þér,  
ei þig fær skilið nestrí frá mér;  
þú hefir tekjöd hjartað mér  
það hjá þér dvenir og er bitt

19. Þig lofar allur himins her  
og helga yggsemd greiðir þér.  
Þú, gleðin heims, þú gafst oss fyrð  
vorn Guð og föður sjálfan við

20. Þig lofi, Jesú, líf og sái, ölöd  
þig lofi tunga, þig hjartans mál  
í trú vér biðjum: til spínum inn oss  
oss tak þú alla í himin þinn.

þnð C umim ð 210 umim ð 8

Lag: Jesú, þínar opnuðid 29

JESÚ, setti að dauðann deyðan,  
dauðlegum gafst lífið mér,  
þú að vordi His mng leiddi  
lausnarpantur lengiðum týðog níðan  
efl þa miha ast og trú, nekkil  
aukil mér ilsalar hreyfum H.

þig mitt lífið heiðri' í heimi;  
hjálp veit, þér eg aldrei gleymi.

## VI.

## Synd og náð

## 211.

Lag: Avt. avt. mig tauman mann.

**H**EYR míن hljóð, himnal Guð,  
hjartað mitt  
harmar þjá, hrópa' eg á  
hljálpráð þitt.  
Gjör við brotin brjóstið kvitt,  
barni þínu' að verði fritt;  
fyrir soni þinn :: sorgir stytt. ::

2. Neyðin míni nú og þín  
náð mig knýr;  
bið eg þig, bænheyr mig,  
bölið lýr;  
trúuð sál, er til þín flyr,  
tapast aldrei, faðir dýr;  
mér ei virðist :: von sú rýr. ::

3. Ó minn Guð, ó minn Guð,  
eg þig bið:  
Sorgin sker, send þú mér  
sálarfrið.  
Freistni' ei staðist fæ eg við,  
faðir góður, veit þú lið;  
heyr þú barnsins. :: kvein og lið. ::

4. Hugann synd hrellir blind,

herra minn;  
 skelfir neyð, dapur deyð,  
 dómurinn.  
 Bót og líkn mér, faðir, finn,  
 freistaing í mig leið ei inn,  
 heldur frelsa :: þjóninn þinn. ::

5. Lækna mig, lífs að þig  
 lofi' eg hér,  
 hjartans grunn, hug og munn  
 helgi þér.  
 Dýrð þér enginn, Drottinn, térf,  
 dauðanum, sem haldinn er,  
 heldur sá, er :: líf þú lérf. ::

6. Veika trú viðrétt þú,  
 veg minn greið;  
 lit til mín, léttu pín,  
 leys úr neyð.  
 Gef mér, herra, góðan deyð,  
 Guð, í himnafríð mig leið,  
 mitt er linnir :: lífsins skeið. ::

## 212.

Með sínu lagi.

HJARTKÆRI Jesú, af hjarta eg þrái,  
 hjálpræðið blesað, að innlifast þér;  
 drag mig til þín, að eg fundið þig fái,  
 fjarkæg það alt, er þig skilur frá mér;  
 eynd irína ljóst fyrir sjónir mér settu,  
 sýndu mér spillingardjúpið mér í;  
 holdsviljann deyð og til hjálpar mér réttu  
 hönd, svo að verði eg skepna þín ný.

2. Styrk mig í anda, láti ástgjafir  
þínar svæb meqsb. Þóen tillokk  
ástvinur bezti, mér snaudum á tóðin  
helga hér, mið höfð og hugsanir gáinast;  
halt mér og styrk mig! þótt breyxistus eg sé.  
Fari sem vill hér um mig og hvad mitt  
er,  
mér er í líffartanti að eiga þig nóg;  
eigi eg, Drottinn minn, þig og hvad  
þitt er,

bá lifi' eg glaður og andast  
3. 'O, að eg fengi til fornár sem væri  
fært þér mitt hjárrað i kærleik og trú;  
ó, að minn Jesú mér ált sífellt væri;  
æ, ég er hópum við þarlegar nái!  
Jesú, er himin binn vélais mér veita,  
veit mér í heimi, þátt uskilling og lífáði,  
að eg sem helguðum hænaði breyta  
hegði mér jafnað gsvandi, rásor

**213.** Lag: Fordum har, sem herran hreint.

JESÚ, fyrir fætur þina  
fram eg krýp <sup>sí</sup> og hrösun græt;  
synda þyrnaf <sup>an</sup> <sup>sáft</sup> <sup>mig</sup> pina.

sympetrætægðs og sappið **R**AET. **H**  
Lædar geðslai læstuðskáls, 214  
Líkheit kólmibba, ða umhá lit gumi gvat  
Táta döggi, lík aðlara þróðuð ystis í  
Táta döggi, lík aðlara þróðuð ystis í  
Lædar geðslai læstuðskáls, 214  
**S**YNDLIGI magntöðja sú þér, hnöd

sál þín svo | hópnar | verðþgættungis. Ó  
heillid lífi býppat græðsá næf, innrælt í  
hreinfa iðsum sem gafði tilgang. EK. 6

2. Hvar sú hin hreina iðsund er,  
er þær og skvittans syðða; nu er Guður  
en sú kvittan hins afslaristir inni ór þeim  
elsku. Guður til innanhverfis. Margrúðr go

3. Í aðalhlíðar sállr ællist að fregn  
sem lyfirðis syðða. Guður  
en aðalartjóð og myndakissi. EK. 4

iðrunatflausi finna. Því go búa með  
2024. 2. Drottinni vild Jéssus að skross,  
að deyja synðum aðalstí, en  
látum því ekki ríða skross. Guður  
festi með vondum aðalstíl annars

5. Gef mér, herra, í hjarta mitt  
hreinanilóðunafanda. Guður  
svo að min sál, af synðum aðalstí,  
synigíþér aðalstí undanskil gengi  
úlfott.

Æ, vissir þú sem við jarðalegum synna,  
hvæt vða leg erilsátar-ákvæðum tillega te  
þú myndir slikt þér eigi láta lynda,  
en leita hans, er byður þér til sín.  
Ó, heillastund, er Myrti þú,  
ef hans á fundi dagnpóð snátagöldik nú.

2. Æ, sær þú lífe ðæt að aðalstí lundir  
er sála þess, sem Jéssum aðalstí lieit;  
þú vinskap hans réi hattia lengið mandir,  
er hjálp færð eru og allar gætu veitt.

Ó, sigurfrægð, er fengir þú,  
ef flýttir þér í dag og bættir ráð þitt nú.

3. Æ, gættir þú, hve gott er þar að  
búa,

er Guðs son hefir sínum búið stað,  
við heimi brátt þú baki mundir snúa  
og bljúgur flýja krossi Drottins að.  
Ó, engla Guðs þíns gleddir þú,  
ef Guðs í barna flokk þú snúa vildir nú.

4. Æ, vildir þú nú aðeins algjörlega  
með önd og lífi Drotni helga þig,  
þú fengir bót við böli hverju' og trega,  
í brjóst þitt myndi gleðin fá sig.  
Ó, sæla hvíld, er hlytir þú,  
í herrans líknarskaut ef bljúgur flýðir  
nú.

5. Æ, gætir þú, — þú gætir, ef þú  
vildir, —  
við Guð þig sætt og höndlað náð hans  
fljótt.

Það tekizt fær, þú fresta því ei skyldir,  
því fyr en varir kemur dauðans nótt.

Vorn góða Jesúm gleddir þú,  
ef gæfir honum þig með lífi' og sálu nú.

## 216.

Lag: Upp hef eg augun míin.

I dag er dýrmæt tíð,  
í dag er náð að fá;  
vor Guð enn líknar lýð,  
ef löstum víkur frá,  
Kom, aðgæt, aumur þú,

bitt ásigkomulag,  
og Kristi í nafni nú  
tak nýja stefnu' í dag.

2. Sjá, lífs- og liknar-sól  
enn ljómar yfir þér,  
og sekri skepnu skjól  
enn skautið náðar lér.  
Ó, lít þín synda-sár,  
ó, sjá þinn eymdar-hag;  
þú veizt ei nema nár  
þú nefnist strax í dag.

3. Í Jesú faðm þú fly,  
hanu fús þér opnar sig,  
og hafna hverju því,  
er hefir svívirt þig.  
Þú fær ei sælu' að sjá  
með saurugt hjartalag;  
því vík nú vondu frá  
á veginn Guðs í dag.

4. Enn hljóta hjörtu frið  
er herrans miskunn þrá;  
enn opnast himna-hlið,  
og hnoss er æðst að fá;  
enn kemstu', ef keppir þú,  
við Krist í samfélög;  
til þoða næg er nú  
þér náðin enn í dag.

5. Er línnir lífsins stund,  
þér lokast himna dyr,  
ef Kristi ei komstu' á fund  
með klökku hjarta fyr;

því bættu brátt þitt ráð, nái  
og betrun eigi drag; en þó  
þigg Drottins dýrstu náð  
i dag, i dag, i dag.

217. minni

Lag: Jónas er manna heimskildur.

**K**OM til Jesu, egyptiske sái,  
sár þín vill han ni mykja og græda;  
lát þig heims ei lokka tál,  
lát þig gjálfst spott ei hræða;  
haf þú veikleik holds í minni,  
hygg, þú vel ráð spilling þíoni.

2. Krjápiþró Jesu krössin hjá,  
klökk og auðmjuð vsteg af hjarta:  
Læknir beznir sér minn isjá, to  
sjúkleikun reguhlyt i aðkvarta;  
helgri dreystu dögg með spinni,  
Drottinn, eyði þú spilling minni.

218.

Lag: Auðmjuð vsteg amalia, eg þig.

**Ú**R hrygðar hýrpi hatt til þín,  
ó herra Guð, eg kveina,  
þitt blesðað éyra bæygð til minn, to  
two bót eg fari meðma. Ef  
Ef reikna viltu illsgjörð manns  
og muna gjörvöll drottin hans,  
hver stund fari stafist einna?

2. Afnást, seiði í ræðurileið hjá þér,  
þú illgjörð, kibittarn minnaskol to  
Ei gildir í neitt, sem gjörvarin hér,  
vor góðverk lögskleik Isýria.

Hjá þér voru hróðan engin í er, 21  
 þig óttast, Drottinn, hverju mörðer  
 og miskunn þigja þina id umdeittu n  
 3. Eg ait mitt traust set æ a þig,  
 en ei á verðung minna; 22  
 misti hjartab sæfðal Huggar sig  
 við hjartans elsku þina, 23  
 þini blesstis náð, sem elif er, 24  
 og ófitt bitt bitt mér gleði jer, 25  
 finn zefidagar dvína.

4. Pött dragist, Guð, þín hjasþ um  
 og hagseld lífs mig blesti, 26  
 i trú og von þínas líma, eg bið, 27  
 þinn timi er æ himfi veitti, 28  
 hú veitz, nær hjálpin höfust er,  
 i hverri neyð þá yissu mér  
 i huga fast eg festi.

5. Pött mörg og stór sé mannlegi  
 þín miskunn bó er staetri, 29  
 þín tæmist aldrei liknarlind, 30  
 þín liðsemd æ er nærrí, 31  
 hú barna gætir veikra vel, 32  
 og vottar skyrta bitt föðurbel, 33  
 þín náð er hūmpum hærrí, 34

21. Minnbarz 20.  
 Hag, Hygg hefin bæst mynn hjerðager dæsa, brotta?  
 O, Drottinn Guð, mego nánabtit usvinda 21  
 minnagoy ðs öflis mi ge iði on  
 en meira þó til velegfoshinga þínum, 22  
 Pött séu öll minnafðræði gollum hærrí,  
 þín ást er staetri, 23

2. Eg móti þér hef mörgum sinnum  
brotið,  
en miskunn þína ótalsinnum hlotið.  
Ó, virtz þú enn að hylja misgjörð mína,  
og miskunn sýna.
3. Mig hreinan þvo úr liknar þinnar  
ar lindum,  
og lauga mig af öllum mínum syndum,  
svo hreinn eg verði' og hvítur eins og  
sem hjúpar fjöllin. [mjöllin,
4. Nú skapa, Guð, mér, hreint í  
brjósti hjarta,  
svo helga þína mynd eg spegli bjarta;  
og styrk að nýju afl í anda mínum  
með anda þínum.

## 220.

Lag: Far, heimur, far sæll.

EG þrái fund þinn,  
eg þrái' að sjá dýrð þína, frelsari minn;  
því hégómi' og reykur er heimsins glys  
alt,  
og hverfult hans lán og hans ágæti valt,  
og eymdanna þyrnum er æfi- stráð -leið,  
::: unz endar lífs skeið. :::

2. Og syndanna sekt,  
hún særir og þjáir æ hjarta mitt frekt;  
eg likama dauðlegum frelsast vil frá,  
svo fái' eg um eilífð að vera þér hjá;  
en hræðist þó dauðan og dómsúrskurð  
::: ó, Drottinn, Guð minn. ::: [þinn,
3. Mín þreytt sál, og þjáð

hjá þér leitar athvarfs og biður um náð;  
 því miskunnar-faðminnn æ þú breiðir  
 þinn mótt heim, sem að játa þér misgjörning  
 sinn og trúandi' og iðrandi tilbiðja þig.  
 ::Æ, tak að þér mig.::

4. Æ, legg þú mér líð,  
 svo lifi' eg þér, Drottinn, en synd  
 skiljist við;  
 á meðan að náðarfrest mér veitir þú,  
 svo mig undir burtfararstundina bú,  
 að feli' eg þá öruggur frelsaða önd  
 ::i föður míns hönd.::

## 221.

Lag: Upp hef eg augun míni.

**M**EÐ iðrun, auðmýkt, trú  
 vor afbrot játum vér  
 í hjartans nauðsyn nú,  
 ó, náðarfaðir, þér.  
 Æ, sýn oss sekum vægð  
 og sálar meinin græð;  
 æ, veit oss hugarhægð  
 og huggun þinni gæð.

2. Ó, Guð, hwe sæll er sá,  
 hvers synd er burtu máð  
 og frjáls því fagna má,  
 að fundið hafi náð;  
 þú ert háns einkahlíf  
 í öllu stríði' og neyð,

hans athvægð hjós og líf, ísl. Þótt eftir  
náð pályktar afiskeid.

3. Vér sælu þráum þánnið  
en **þína hýðtum náð**; með minnið  
æ, lát oss frið þinn fá, minn  
**svo fagudi hýðtum þíj gð**; línsins go  
og veit oss, líkimgæðið ós slai.

**Í lífsins stríði hér,** en eilift frelsi og frið  
og fársæld loks hjá þér.

**En** til vínar tertið er ós  
árið 1791.

**Lagði Ríkisupplandum** og öræf go vildari.

**E**G fell í auðmýklu **Háttur náður** föl  
á fótskör þina, Drottinn minn;  
mitt hjarta bljúgt **og** heitt þig biður  
um hjálp, og náð og kraftinn þinn,  
ad sigra hverja synd og peyði. M  
er særir mig um, æfiskeid.

2. Á hjartamínusárinu veit **þíu** i  
er synd og mæða í þungum ósíðum þíu; ó  
þú veitzt, hvemargunum hag miðan hrella  
og helgri svifsa romi **og** ó, tilge go  
ó, snert þú miðan augu önd **þíu**; ó  
með elskuríki **fjölmáhöfðingum** go

3. Mér sendost hjálp afuðinum þinum,  
og helgan láttu landa þanhverf **stevni**  
með guðdómsvarma i vekja **stórungo**  
hinn veika trúartieistai **miðnum** ó  
og helga þannig **hugning** stóð **þíe** mi  
ad hegðun lofi **þig** og omálinus allt.

anníð um ókorti i 2200 tréb i yngri yfir mihi

Lag: Far, heimskirjarit, 10. 1.

Ó, sál míni er særð,  
því syndanna hrethi mig geigvænleg  
særð.

Þær hóta mér sketting og hegning og  
neyð, ikkss hún sé sín búur minn  
og hættan er mikil og tóftast míni leid.  
Eg get mér er þjárgad og gleði míni  
þver; veldi sín nái fáði tætumini  
mér, Guði hjálpi mér.

2. Þú volaðra vin, kyn,  
semí vorti Hefir fríkkeypt hín sakfallna  
og blómigad og frílsad og lífgað og  
geði gretim gilblim ginn nið 310  
með: æsti með hinneská, auk með semildvini,  
eg enni flyðen þú, jönsið vinni með

3. Ó, Kristfríði hinn kær, miðið  
þú kærleikans eilfi brunlinni miskær,  
að líkn þínus afmá þú sékt nánálogi  
synd,

og svata mér hýrstunum af rúskunnar  
lind; anníð tu öji i srossi ginn illi  
e, betra mitt hýrni með blesstaði náði,  
svo bæstir eginni far. 2200 tréb lit veldi  
1400 Unarlfagdaðleiði ginn ekkið  
mig leidi þú undreg styrð þrófligdeði fróglis  
neyð; hnili snið til sigred 1800 tréb  
veit mér aðstrandasi vóstridinu hérjá  
styrk hringi svó tillegan fylgineg þenni-

unz eg þig í dýrðinni frelsaður finn,  
,: ó, frelsari minn. :,: . . .

## 224.

Lag: Aví, aví, mig auman mann.  
JESÚ minn, Jesú minn, ég kem hér;  
á þinn fund alla stund æski' eg mér.  
Marga þunga byrði' eg ber,  
bót, semi dugir, hvergi er,  
annarsstaðar :,: en hjá þér. :,: . . .

2. Hættan veg hræðist eg, hvert sem  
sný,  
syndga þrátt, safna brátt sekt með því.  
Æ er búin neyðin ný,  
nálgast dauðans þrumuský;  
Drottinn, því til :,: þín eg flý. :,: . . .

3. Orð þín mig mildilig minni' eg á.  
Kýs hjá þér kærsta mér kveðju þá:  
"Kom, hinn þjáði, þín mér hjá  
þreytta sálin hyild skal fá."  
Eg er þreyttur, :,: líkn mér ljá. :,: . . .

4. Líf er yalt, lán þess alt laust eg  
finn;  
hugdirfð flýr, háska býr heimurinn.  
Vill mig færa' i fjötur sinn  
frelsa lát mig kraftinn þinn  
þér til dýrðar, :,: Drottinn minn. :,: . . .

5. Aumka mig og við þig einan bind,  
svala þrá, sjúkleik frá sálu hrind.  
Gef mér bergja lífsins lind,  
lát mig ekki deyja' i synd,  
skrýð mig þinni :,: skírri mynd. :,: . . .

## 225.

Lag: Ris upp, minn sál, að nýju nú.

TIL himins upp eg augum lit,  
því ofan þaðan hjálpar nýt,  
minn Jesú, bliði bróðir;  
Ei ómaklegan af þér slit,  
ó, Jesú, Jesú góði.

2. Því vötnin æða voðalig  
og vilja' i djúpið sveigja mig,  
minn Jesú, bliði bróðir.  
Eg alla voh á eim set þig,  
ó, Jesú, Jesú góði.

3. I hörmungunum, hierra minn,  
upp horfa' eg við á krossinn þinn,  
minn Jesú, bliði bróðir;  
Par Guðs, míns elsku' eg alla finn,  
ó, Jesú, Jesú góði.

4. Mín sál er hungruð, hrygg og  
þjáð, og hjartað þyrstir eftir náð,  
minn Jesú, bliði bróðir;  
en einn ert þú mitt athvarf þráð,  
ó, Jesú, Jesú góði.

5. Mitt hjartað þyrsta svalar sér  
og saðning öndin fær hjá þér,  
minn Jesú, bliði bróðir;  
og friðarskjól þar eilift er,  
ó, Jesú, Jesú góði.

6. Mig langar heitt, því þrautir  
með þér að vera himnum á. [þjá,  
minn Jesú, bliði bróðir,

og auglit þitt, ~~þitt~~ eilifð sjá,  
Ó, Jesú, Jesú góði!

7. Því stytta mér innstíði  
þrantgleiði neðsq nistó in  
mér stýrðu: ~~þó~~ idéttu lídigur þó hauktum  
minn Jesú, blíði i bróðir ~~í~~ kæmði i  
þitt inn í friðarlegli frískauðel. Ó  
Ó, Jesú, Jesú góði.

8. Þar vil eg glesji-sætan; söng  
þér syngja: ~~þú~~ óðiði dægur löng,  
minn Jesú, blíði bróðir ~~í~~ sills ~~þú~~  
sem eymd barst minna og öll verk röng.  
Ó, Jesú, Jesú góði.

Lag: ~~Seiði~~ ~~om~~ mið hópur að fyrstu  
SONUR Guðs vor astvín er

Orð er það, seiði ~~háði~~ verat.  
go Hæfir býðun ~~hann~~ i hjasér, M. A  
heljar neyð er skelfa ~~teiknir~~.

Fly þú insálai hnælir ydl ðánsid go  
hann er vinum syndarlausar ~~í~~ unum  
M. 2. Sonur Guðs vor astvín er

Oss til lífs hatt ~~deginn~~ gretdir,  
1920goss með ~~er~~ ~~þar~~ innistíðir, A  
miskuninsathus ~~í~~ fallmungi bréðingi  
Fly þú, sálðótteldjildi ~~háls~~, unum  
hann ~~es~~ vinum syndarlausar ~~í~~ go

3. Sonur Guðs vor astvín er  
Oss ~~í~~ helgum sínum ~~na~~ ~~baði~~ gi M. A  
. siðlagði ~~hann~~ naði hjasasta ~~þær~~ qd ~~ðem~~  
hann oss, ~~Guði~~ ~~sam~~ ~~naði~~ ~~í~~ unum

Fly þá usálaðbrogð, til hans uell  
hann er i vínusýndaradum umit'gi

**4.** Sonur Guðs mynd ástæð er,  
oss er dagsins lofti ei algæðungríkið  
Jesús, líf ðessar manna séð gumi nöf  
sæma. Jézus kallaðo aðbrigðugumins  
Fly, ihu, sála, dreid, til ihags, nöf  
hann er býjanus gyndarans gumi að trib

**5.** Að svinið bezt, bokk líf, myll  
þú oss líkhar auðri hñorður,  
vald um eitnðupitu eo þær. +  
þú ert Guð, og minn ogi fóður.  
Sálhá i vinur, aðsíðolt tleyt, mihi. I  
sé þér aieg semð vlos og slyður, ensu

Winnu er Læs us it mér einu.

227. Læs us mihi leitgerium.

Lagi. Hattar, hánkar, hugur, sinni.  
**JESÚS** er minn hollur hirðir,  
hann fyr' mig sett líf út gaf;  
vonarlaus, eg kannar yrði.

Örvæntinghi aðdþipesst af  
Saklaus minra sekti hann bar,  
særður fyrir þróð minn ydusins.  
Hverjum, sem um huggun, þing  
herrans Jesu veitist fríður.

2. Jesús með minni thólmum hirðir,  
hann miðu stecki, verndargumur.  
Hver mér myndi ögra mynd, til  
eda slita' hans ydusins. Nogin nigu  
Allra fenda, verð og veld um ekki  
víkja fyrir þessum skjöld.

Hetjan sú, er sigrað hefur,  
sig'rinn mér í hendur gefur.

3. Jesús er minn hollur hirðir,  
hjálpin góð i rauma þrá.  
Þótt mig þyrnar stundum stirðir,  
stingi, græðir hann mig þá.  
Þótt eg ráfi' um dauðans dal,  
dirfa mig sú huggun skal:  
Hann vill mig, þá heim skal kveðja,  
himna' i sælu' um eilifð gleðja.

4. Jesús er minn hollur hirðir,  
hvergi neitt mig bresta má.  
Lítt um glysið heims eg hirði,  
hans af táli' eg vel má sjá.  
Minn er Jesús alt mér einn,  
orðin hans minn leiðarsteinn,  
dauði' hans huggun hreldu geði,  
hans mér vegsemd eilif gleði.

## 228.

Lag: "Rock of Ages."

**BJARGIÐ** álda, borgin mín,  
byrg þú mig í skjóli þín.  
Heilsubrunnur öld og árt  
er þitt dýra hjartasár.  
Þvo mig hreinan, líknarlind,  
lauga mig af allri synd.

2. Heilög boðorð, herra, þín  
hefir brotið syndin míni;  
engin bót og engin tár  
orka míni að græða sár;

ónýtt verk og ónýt trú;  
enginn hjálpar nema þú.

3. Titrandi með tóma hönd  
til þín, Guð, eg varpa önd;  
nakinn kem eg, klæddu mig,  
krankur er eg, græddu mig,  
óhreinn kem eg, vei, ó, vei,  
væg mér, herra, deyð mig ei!

4. Þegar æfi-þrautin dvín,  
þegar lokast augun míni,  
þegar eg við sælli sól  
sé þinn dóms og veldis stól;  
Bjargið alda, borgin míni,  
byrg mig þá í skjóli þín!

## VII.

## Kristilegt líf.

229

Lag: Jesú, þínar opnu undir.

JEG er kristinn, jeg vil leita,  
Jesú, þín af hug og trú.  
Jeg er kristjan, jeg vil breyta,  
Jesú minn, sem kendit þú.  
Jeg er kristinn, jeg vil þig,  
Jesú, biðja að leiða mig.  
Jeg er kristinn, jeg vil mæna,  
Jesú, til þín augum bæna.

2. Jeg er kristinn, jeg vil láta,  
Jesú, orð þitt lýsa mér.

Jeg er kristinn jeg óvigráða, til Þó  
Jesú, mina syniðiða þáriðið miðið  
Jeg er kristinn jeg óvigráða, til Þó  
Jesú minn óvigræða, til Þó  
Jeg er kristinn jeg skal óvera miðið  
Jesú, ok þitt óbbaðið bera.

3. Jeg er kristinn, jeg vil breyja,  
Jesú, til Þór Þóðar, til Þó  
Jeg er kristinn, jeg minn fá,  
Jesú, þín dýrlæða, til Þó  
Jeg er kristinn, jeg manig gálaði  
Jesú pris um dalkaldar.

## 230.

Lag: Nú gildi Guði þökk.

MED Jesú byrja jeg,  
med Jesú vil eg enda  
og æ um æfingar  
hvert andvarp honum senda.  
Hann er það markið miðið  
er mæni og sifeldið is miðið  
med blessum, bót og fáni til að  
hann býr miðið með jánum miðið

2. Því Jesúr hefur, til að er  
um jörðið minna hirði  
um hefjissins gæt er ger  
og glaufi hans umkis virði;  
miðið bætige Jesúr höfði  
mér byrðan mér hafið

3. viii **H**efðim með hjáttarétdvölz um  
mig Ó hrettan meitt að kaanis mi

3. Med Jesú væki sjeg, mi  
gi med Jesú völsegð salag. O. 5  
mies Jesú setniði veg, ægðað  
og vil nūna Þróðun þofa; en  
mig, Jesú fotsjánfestaði að ekka  
ægði fúr, ó hinrar heild; ísl  
það sízt mið segfast ghelyr ova  
mi sjálft með völsegðimeti. O. 8

4. viii **M**elk! Jeg, ó gengjungreld, ó  
um götu. Ætisnargallago þid, ó  
þróður, ó gefileiðir, ó rísa, ó  
eg attihöldilýði, ó dættalarjed, ó  
ef einn egnihekningar hér til  
eg hrektist villur i;  
en ef þú erði hér mér,  
er aldeinu hætt við því.

5. viii **A**fslárlitugliðið V  
mig allan þér egaði, ó  
mitt lifartar, ó með minni Höndu  
hér helga' egaði kærði, ó  
Ó, tak þá! Guðinn, gila,  
og gef eg æ stórhinni, ó  
gjör við mig, ó það vilja  
pinn vilji æ. 5. Hinn vorðið  
Lag: Guðs son-kallaði k. 1898 till min.

**M**INN Guð, á, rísta lífins, leid  
mig leið þín fyrir, Jesú, gengi  
með hjástoð heilags andas.

Gegn svíkum heims mér hjálpa þú.  
lát hjarta mitt í sannri trú  
um æfi stöðugt standa.

2. Ó, gef, að aldrei ginni mig  
það glys, er skilur sál við þig,  
en veit eg voðann sjái;  
á elsku þína mig þú minn.  
lát mér ei gleymast dómstól þinn,  
svo vel eg vakað fái.

3. Ó, lát mig, Guð minn, lifa þér.  
ó, lát mig stöðugt halda mér  
við þig og vegu þína..  
Gef, herra, frið í hjarta mitt,  
og heim mig leið í ríki þitt,  
er reynsludagar dvína.

## 232.

Með sínu lagl; eða: f fornöld & jörðu

**V**ID freistungum gæt þín  
og falli þig ver,  
því freistung hver unnin  
til sigurs þig ber.  
Gakk öruggur rakleitt  
mót ást; iðu-her,  
en ætíð haf Jesúm  
í verki með þér.

2. Hinn vonda soll varast,  
en vanda þitt mál  
og geymdu nafn Guðs þins  
í grandvárrí sál;  
ver dyggur, ver satinur,  
því Drottinn þig sér,

haf daglega Jesúm  
í verki með þér.

3. Hver sá, er hér sigrar,  
skal sigurkrans fá;  
í trúnni vér vinnum,  
þótt verði margt á;  
því sá, er oss hjálpan,  
við hrösun oss ver.  
Ó, hafðu þinn Jesúm  
í verki með þér.

## 233.

Lag: "Nearer, my God, to Thee."

HÆRRA, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin míni;  
hljóma skal harpan míni:  
::: hærra, minn Guð til þín :::  
hærra til þín.

2. Villist eg minun frá  
vegmóður, einn  
köld nött sé kringum mig  
koddi minn stein, :::  
heilög sé heimvon míni:  
::: hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

3. Sofanda sýn mér þá  
sólstigans braut,  
alfaðir, upp í þín  
eilifa skaut;  
hljómi þá háti míni.

;;: hærra, minn Guð, æg þín; :; sed  
hærra til þín. :; verki með þér.

4. **A**ngla og glatetur. Hverið er  
ungur af beð; :; sín enstaktingi Isala  
guðshús úr grynnivbránum innanum i  
glaður eg hléð. Tíðin í óró þótt  
Hver og einsfjöldina eng minn sín  
;;: hefur mig, Guðskálfur þótt, þín  
hærra til þínum sel umið undical. Ó

5. Lyfti mér fengst í hað  
lukkunnar hjóla  
upp yfir stund og stað  
stjörnur og sól,  
hljóma skal. Hárattiflin. **H**  
;;: hærra, minn Guð, æg þín; :;  
hærra til þín.

**LÆRDÓMSTÍMI** æfni er, :;  
ó, minn Drottinni, veit, ægji geti  
numið alt, sem þóknast. Þó  
þína spækkindyrastimetið nái blök  
Gef eg sannleiksugullið súra, ibbor  
gef i vizkunum manni eg dafni.

2. **V**inntutimi æfni er, :;  
Ár og síð á lífstíð miðinni, lit enni  
Drottinni, tóldyndar þér. :;  
dyggilega gef eg vínatð ensgitalðs  
Gef minn störf tiligðs queleis sils  
gef þau út þitt ríki broður, :;

3. **R**eynslutimi æfni er, :;

Ó, miðan! Guðji mig niðikar! leiddu;  
gegnum böf seart að eftir mér; ò  
mína leiðum hafið grieiddu. 169  
Veit, i trú ~~sig~~ vakaði gagn; en sáusab go  
veit, eg sigrið góðum óðum alva. 170

4. Náðartinn læfir er! 171  
Að því, Drottinn, lát mig hyggja,  
sú að nauðsyn <sup>dag</sup> mest er mér,  
miskunn þíná i tima að higgja. 172  
Yfirþóttunni mér, herra, 173  
æfidagar fyrir <sup>dag</sup> bverta; 174  
nivð <sup>dag</sup> innar <sup>dag</sup> 175  
innis <sup>dag</sup> 285 us í borga geym

Lag: Hver, sem ~~gummi~~ Guð hefur rænti

Ó, þú lífgjafinn Adams sona, 176  
þú ástríkasti Jesú <sup>dag</sup> manan, 177  
mín trúarlangur <sup>dag</sup> þig <sup>dag</sup> vona; 178  
og endurlausnarkastangur þingið. 179  
Æ, lát þingxandar leita mig, 180  
um ljóss, og náðar brjantan, stigiril go

2. Lát þú ei heimsins glysingar gíma,  
a, geym þú mig í <sup>dag</sup> fáðum þér, 181  
mér innræt sannleik, og <sup>dag</sup> pinnar, 182  
er eymd og kvíði dýrða <sup>dag</sup> skær, 183  
svo ljósið <sup>dag</sup> þeirra lytilhet, i <sup>dag</sup> megi 184  
þá leiðin myrkileg tönyggðegrá. 185

3. Mitt hold er ~~vætti~~ heimsins ströti,  
mig herklæð, Drögnins þínum vörn. 186  
Svo þinni rödd <sup>dag</sup> til <sup>dag</sup> tigasta <sup>dag</sup> hafi, 187  
þin hönd mig <sup>dag</sup> til <sup>dag</sup> liknafugðen. 188  
Ó, herra, vernt þú hjartan mitt  
við helga náðar-brjóstid þitt.

4. Lát elsku þinnar í mynda skina,  
ó Jes' sert í hjarta mér;  
og 'ur eynslu-dagar dvína  
og ans bylgjur hreifa sér,  
æ svala náðærþyrstum þá  
mér pinnar liknar straumum á,

## 236.

Með sínu lagi.

EG geng í hættu, hvar eg fer,  
ó, haf það, sál, í minni;  
við fót mál sérhvert óvin er  
með egndri snöru sinni;  
hans vélráð vœðalig  
í voða fella mig,  
ef Guð, mitt vígi, gleymist mér;  
eg geng í hættu, hvar eg fer.

2. Eg geng í hrelling, hvar eg fer,  
og hlýt við synd að striða,  
og hirting, sem er makleg mér,  
eg marga hlýt að liða.  
oft felmtri fyllist heg,  
sé færan hvergi veg;  
þá grátheims þokan geigvæn er;  
eg geng í hrelling, hvar eg fer.

3. Eg geng móti heli, hvar eg fer,  
á hverjum æfidegi; te þótt mið  
æ, fyrir dyrum dauðinn er,  
mér duga varnir eigi.  
Fyr vonum, vettfang eitt  
úr veröld fær mig leitt,

svo geigvæn opnast gröfin mér;  
eg geng mótt heli, hvar eg fer.

4. Eg geng í heimi, hvar eg fer,  
með helgum englaskara;  
ei þorir djöfull móti mér  
og myrkra völd að fara.  
Burt, sorg og sút, mér frá;  
mér sveitin öflg er hjá,  
er grandi mig og gjötun ver;  
eg geng með englum, hvar eg fer.

7. Það kennir herrans þögnin fróm  
þar næst í annan máta:  
Hann vill ei sinum helgidóm  
fyrir hunda kasta láta;  
Drottinn forsmáir drambsamt geð,  
dárlega margs þó freisti,  
og frekt sér treysti.  
Hugstoltum niður hrinda réð,  
hógværa sál við reisti.

8. Heródes og hans hoffólk litt  
um herrann akta vildi,  
færðu hann í eitt fatið hvitt,  
jorsmán það heita skyldi;  
til Pilatum síðan sendur var,  
svo komst í friðarstilli  
ofstopinn illi;  
drambsöm öfundin áður bar  
óvinskap þeirra' á milli.

9. Hvít klæði gjörði háðung þér,  
herra minn, Jeú sæti,  
dýrðarskrúða svo skenktir mér,  
skinandi Guðs réttlæti,  
sakleysis merki þetta pitt  
þíns föður gæzkan kreina  
þá þekti' aliena;  
hann sér og prófar hjattað mitt,  
hvað sem illgjarnir meina.

10. Heilagrá sálna hópur skær  
á himnum með skíkkun fríða  
til heiðurs þér, Jesú, herra kæt,  
hvítum klæðum sig skrýða;  
eins hér á jörðu upp frá því

n fróm

geð,

litt

ng þér,

ér,

itt,

kær

et,

eflaust í minning slíka  
 með röksemd ríka  
 birtust snjóhvítum búning í  
 blesaðir englar líka.

11. Veittu, Jesú, þá miskunn mér,  
 meinleysis skrýddur klæði  
 þjóni' eg tállaust í trygðum þér,  
 með trú, von og þolinmæði.  
 Réttlætis skrúða skartið þitt  
 skíni á sálu minni,  
 þó lif hér linni,  
 eins láttu holdið einnig mitt  
 afklæðast þrjózku sinni.

12. Forlíkast gjörðu fjandmenn tveir,  
 þá fórstu þar, Jesú, milli;  
 eg veit mér gefst því miklu meir  
 miskunn og friðarstilli,  
 hjá Guði föður svo til sanns  
 sést engin reiði lengur,  
 né stygðar strengur;  
 daglega milli míni og hans  
 minn trúr frelsari gengur.

13. Hvar sem ófriður hreyfir sér  
 af holdsins veikleik bráðum  
 millum kristinna manna hér  
 móti Guðs vilja' og ráðum,  
 gaktu þar, Jesú, milli mest  
 með þínum friðaranda  
 og varna vanda;  
 hjálpa þú svo vér hugsum bezt  
 í hreinum kærleik að standa.—*Amen.*

## 344.

## (XXII.) Um krossfestingar-hróp yfir Kristó.

Lag: Faðir vor, sem á himnum ert.

**F**RA Heródes þá Kristur kom,  
kallar Pilatus snjöllum róm  
Gyðinga-lýð, og ljós gaf rök,  
lausnariinn hefði enga sök,  
samþykkur væri' og sér til pess  
sjálfur kóngurinn Heródes,

2. Sannlega Drottinn sakleyseð,  
sér, elskar bæði' og styrkir með;  
hjarta og munnur hvers eins manns  
hlýtur að þjóna vilja hans.  
Málefnið gott fær góðan róm,  
gæt þess, míن sál, og vertu fróm.

3. Siður Gyðinga sá var þá,  
sakaniann einn heir skyldu fá  
um páskatimann frá þíslum fri  
(Pilatus átti' að gegna því),  
i frelsis minning úr Egyptó;  
aldrei bauð Drottinn svoddan þó.

4. Sjá til, mín sál, að siðvaninn  
síst megi villa huga þinn,  
forðast honum að fylgja hér  
framær en Guðs orð leyfir þér.  
Góð minning enga gjörir stoð,  
gilda skal meira Drottins boð.

5. Pilatus Júðum sagði svo:  
Sjáið nú glögt um kosti two,  
eg býð hér Jesúm yður fram  
eða morðingjann Barrabam.

Hanu meinti' yrði helzt með því  
herrann frá dauða gefinn frí.

6. Þú fær nú glögt af þessu séð,  
þar sem Dröttinn er ekki með  
verki, áformi' og vilja manns,  
verða til einskis ráðin hans;  
sérvizka holdsins svikul er,  
svo sem Pilatum skeði hér.

7. Yfirmennirnir allra fyrst  
óskuðu' að Dröttinn krossfestist,  
almúgann svo i annan stað  
eggjuðu mest að biðja' um það,  
Barrabas útlausn skyldi ske,  
skilinn Jesús frá lífi sé.

8. Veraldar dæmin varast skalt,  
voga þú ekki að gjöra það alt,  
sem höfðingjarnir hafast að,  
þó heimurinn kalli loflegt það;  
þá blindur leiðir blindan hér,  
báðum þeim hætt við falli er.

9. Hver þig eggjar á illverk bráð,  
aldrei gaktu með þeim í ráð;  
vinn þú það ei fyrir metorð manns,  
að missa Guðs náð og yinþkap hans;  
hvorugur annars bætir ból,  
þó báðir rati í straff og kvöl.

10. Yfirmönnum er því vant,  
undirsátarnir hínýsa grant  
eftir því, sem fyrir augun ber,  
auðnaðast þó hið vonda er;  
hvað höfðingjarnir hafast að,  
hinir meina sér leyfist það.

11. Ill eftirdæmi' á alla grein  
eru samlikt við mylnustein;  
viljir þú vera' af fári frjáls,  
festu hann aldrei þér við háls.  
Í Guðs ótta frá þér glæpum hrind,  
góð vertu öðrum fyrirmynnd.

12. Húsfrú Pilatí holl gaf ráð,  
hefði hann betur að því gáð;  
góðar kvinnur þess gæti mest,  
gjarnan ástundi dæmin bezt.  
Abigail fær æru' og sæmd;  
illa Jessabel verður ræmd.

13. Set eg það nú í sinni mér,  
sæti Jesú, að gá að þér;  
allir hrópuðu alt um kring  
yfir þig dauða' og krossfesting;  
sem lamb meinlausast þagðir þú,  
þar af stendur mér hugun trú.

14. Lögmálsins bölván bitur og sterk,  
banvænn djöfull og öll mín verk,  
þó hrópa vilji nú hvert um sig  
hefnd og fordæming yfir mig,  
nýt eg, minn Jesú, þín í því,  
frá þeirra klögún verð eg fri.

15. Áfellisdómsins ógnahróp,  
yztu myrkranna vein og óp  
aldrei mun koma að eyrum míni,  
eyrun blessuð því heyrðu þín  
kalls og háreysti kring um þig;  
frá kvölk og angist það frelsti mig.

-16. Hrópar nú yfir mér himinn og helgun, frið, náð og sáttargjörð [jörð hvort sem] eg geng nú út eða inn í þínu nafni; Jesú minn, i ariðið bænaþróp mitt í hreiðni trú enni himneskum! Guði þóknast húmu.

-17. En þér til heidurs allan tíð englar, Drottins og kristnins fríð hrópar nú bæði á himni og jörð: Hósanna, lof og þakkargjörð. Amen segir og upplá það miðið önd mína glaðver í hverjum stað — Amen.

Enn er ófállið um ófállið miðið

345.

(XXIII.) **Uin-Kristi húðstýking.**

Lag: Oss lutt þinn andi styrkja.

**P**ÍLATUS kertann hæsta  
húðstýkja lætur þar, <sup>þar sem</sup>  
nakinn við stólpann stærsta  
strengdur þá Jesus vor.  
Striðsmenn með svipum hröktu hann.  
Sál mín, hér sjá og skoða,  
hvað sonur Guðs fyrin þig vannit.

2. **H**elgasta haldid fríða var frá hvinfli óljum að innan ova ræksug Drottni varð sárt að svíða, svall alt af benfust það; illis siv hver hans líkama límur og goð af sárum sundur flakti; sú hirting mjög var skæð.

3. Blessaðun dreyrinn dundi  
Dröttins lífs; æðum húr,

sem regn það hraðast hrundi  
himins í dimmu-skúr; blánaði hold, en hólgnaði und;  
sonur Guðs sárt var kvalinn  
saklaus, á heirri stund.

4. Eg var sem fjötrum færður,  
fangelsi þungu í, á önd og samviku særður,  
syndin miní ölliþví; sú daudleg gálar óttin hér  
um hverja' æð út sér dreifði, ekkert fanst heilt á mér.

5. Svipan lögmálsins lamdi  
líf og sást heldur trekt, óttinni kvalanna kramdi  
kominn var eg í sekti, banvænlegt orðið mitt var mein  
hjartað af hrygðum stundi, hvergi fékst lækning nein.

6. Sástu þá, Jesú sáli,  
sár míni óbærlig, til lausnar þínum þráli  
því léztu binda þig, gekst svo undir þá grímdarkvöl,  
að eg kvítaðun yrði ðar, við eilift hrygðarböl.

7. Þáukdom minn sjálfur barstu  
svo varð eg heill, með því hörmungum hláðinn varstu,

frá hrygðum er eg nú fri;      21  
 hegning þú leiðst, svo hefði legðið;  
 benjar þinarkmér bætni,      22  
 bót sú þar átti við.      23

8. Hræðslan vill hjartad krenkja  
 með hörðum i sorgarstiing,      24  
 þegar eg gjöri að þenkja,      25  
 um þína húðstrýking.      26  
 Aví, eg gaf þar efnitil;      27  
 þú elnni gálz þrjózku minnar,      28  
 þess nú eg iðrast vil.      29

9. Því fell eg nú til fóta,      30  
 frelsarinn Jesú, þér,      31  
 láttu mig nafns þíns njóta,      32  
 náð og vægð sýndu mér;  
 eg skal með hlýðni heiðra þig  
 nú og upplifð alla,      33  
 þá huggar þú, herra, mig.

10. Gleðstu, minn sál, mig græddi  
 Guðs sonar heilagt blóð,      34  
 þó synd og stórgin mæddi,      35  
 sjá, hér er lækning góð,      36  
 náð fyrir reiði ná en yis;      37  
 brot þrælsins herrannit bætti,      38  
 bar því síns föður i hrísinum (39)

11. Skoða þú skyldu þína      40  
 skýrlega, sál minn,      41  
 Sonur Guðs sigr léti þína,      42  
 svo læknud yrðið þú;      43  
 heilbrigð þjóna; þú hönnum rætti      44  
 með trú, heilustu og hlýðni,      45  
 haf lgátsá spinnu stétt, go mánemot

12. Þóknist honum að þjaka  
bitt hold örbumslum með,  
þýðlega því skalt taka;  
þolinmótt hjartageð  
á sér. Drottinn og elskar hezt;  
lausnara að likjast þinum  
lof er hér allra mest.

13. Ekkert má sóma síður,  
síká tur þrællinn er,  
þá herrann hörnungar líður,  
haf slikt i minni þér;  
hrygðar-mynd hans er heiður þinn.  
Lát mig það læra' og halda,  
ljúfasti Jesú minn. — Amen.

## 346.

(XXIV.) Um purpuraklæðin og þyrniskórónuna

Lag: Till þín, hellagi herra Guð; eða:  
Hver, sem að reisir mega bygg.

ILLVIRKJAR Jesúni eftir það  
inn i þinghúsið leiddu; og þeir óf  
afklæddu fyrst, og fljótt þangað  
fólkið alt koma beiddu; umiðan  
purpuraklæðis u forna flik (slik) rönd  
(fást mátti varla hábunga slik) und  
yfir hans benjar breiddu.

2. Helgunarklaðið hafði eg mist,  
hlaut því nakinn að standa; Adam olli því aíhra fyrst, arf sét mér þann til haþda; syndanna flik eg færðist í forsmán og minikanin hlaðt af því

með hvers skyns háska' og vanda.

3. Burt tók Jesúss þá blygðun hér,  
beran því lét sig sína;  
réttlætis klæðnað keypti mér,  
kann sá fagurt að skina;  
athvarf inntjafnan er til sanns  
undir purpurakápu hans;  
þar hyl eg misgjörð mína.

4. Þyrnikrónu þungri þeir  
þrengdu að herrans enni.  
Báleldi heitum brendu meir  
broddar svíðandi' i henni;  
augun hans bæði' og andlit með  
alt í blóðinu litast réð;  
slikt trúi' eg kvala kenni.

5. Fyrir óhlýðni Adams var  
öll jörðin lýst í banni;  
ávoxt því slíkan af sér bar;  
orð Guðs trúi' eg það sanni;  
þessum bölvuhara þyrnikrans  
þrengt var að höfði lausnaráns  
til huggunar hrelduma manni.

6. En Jesúshlýðni aftur hér  
allri jörð blessun færir,  
heilnaeman ávoxt hún því ber,  
hverja skepnu yelgnærir.  
Fyrir gæzkunnar og gjörning þannan  
gjarnan lofi og prisir hann,  
hvað sig um heiminn hrærir.

7. Bölvan mér eyfir höfði hékk,  
hótuð í lögnáls bræði;  
en Jesúss hana undir gekk,

svo aftur eg blessun nœði.  
Guð minn kófónu gaf mér þar  
gæzku og dýrðar eiliftrár  
hér og á himnum bæði.

8. Reyrtarf hónum í hönd með s  
hirðstjóra s brælar fengu;  
heilsuðu kóngi og krupu á kné,  
(kallsorð á víxl þá gengu),  
reyrnim hröktu um höfuð hans,  
hrækta i andlit lausnarans,  
með kvala kappi ströngu.

Pá þú gengut í guðshús inn  
(gæt þess vel, sál min fróma);  
hæð þú har ekki herra þinn  
með hegðun líkamans tóma;  
beygðu holdsnsi og hjartansi kné,  
heit æn þín ástarkveðja sé,  
hræsninnum sízt þar sóma.

10. Sjálfs min verðskuldan sé eg he  
svoddanu áttih eg að tilda od um  
um eilifð pá, sémi áldrei þver,  
með ógnuog sárum kviða;  
hefði mér ekki háðung þín  
hjálpað, Jesú, frá þeini piñ;  
Blessað sé nafn þitt blíða.

11. Öll þín læging er upphefð mi  
ástkæri Jesú mildi, þú er vilið  
heiður er omér að háðungi þín;  
hver sé mi mér niðra vildi  
höggin, sémi leiðstu, thressa mig,  
á himnum verð rega ná fyrir þig  
metinn i næsta gildi.

12. Meðan lífs æð er í mér heit,  
eg skal þig, Drottinn, prisa  
af hjartans grunni, í hverjum reit  
heidur þins náfn auglysa;  
feginn vil eg í heimi hér  
hlýða' og fylgja í öllu þér;  
lát mér þína liðsemd vísa! — Amen.

## 347.

(XXV.) Um atleiddu Kristi frá blinghóalnu.

Lag: Konung Davið. Mæta kendur  
**LANDSDÓMARINN** þá leiddi  
 lausnarann út með sér, með usrovit  
 Gyðingum, andsuör greiddi  
 glögglega og svotér;  
 Hér sjáð pennan hér; vij  
 sannlega yður eg segi,  
 sök finst með honum eigi,  
 sem dauðadóms verð er.

2. Hágekk Jesús út þannino,  
 þyrni og purpurann bar;  
 sagði: Sjáð hér manning  
 sjálfur dómariju bar.  
 Gyðingar gáfu svar:  
 Burt með hann, svá heir segja,  
 sá skal á krossi dægja;  
 ósk heirra ein, sú var.

3. Ord og aftsökum gildum  
 engin í þessum stað, verði  
 heftin svo hugann; fylti siv munt  
 hjartað varð forblindað; sognið lít

siðast þeir sögðu það:  
Ljóslega lfsstraff krefði  
lögmálið; því hann hefði  
gjört sig Guðs syni að.

4. Rétt lög, sem rituð finnast,  
rangfærðu Júðar hér;  
oss ber þar á að minnast;  
ill dæmi forðumst vér,  
dómurinn Drottins er,  
hinn þó með heiftum klagi  
og hreinán sanhleik aflagi;  
sjái valdsmenn að sér.

5. Þá eg heyrí, minn herra,  
hversu þú kvalinni vårt,  
gjörvöll vill gleðin þverra,  
galztu míni næsta hart,  
því eg braut mikil og margt;  
en þá mér guðspjöll greina  
glögt þitt sakleysið hreina,  
hjartað fær huggun snart.

6. Athuga, sál míni, ættum  
útgöngu Drottins hér,  
svo við rétt minnast nættum,  
hvað miskunn hans veitti þér;  
hygg a n að, hann út bet  
þyrniköröntu þetta,  
þar með purpurann léttu,  
blár og blóðugur er.

7. Með blóðskuld og bölván strang  
beiskum reyrð kvalahnút,  
ættum við greitt að ganga  
frá Guðs náð rekin út;

hrakin í heljar sút,  
íklædd forsmánar flikum,  
frá skúfuð Drotni ríkum,  
nakin og niðurlút.

8. Ó synd, — ó syndin arga,  
hvað ailt kennur af þér.  
Ó, hversu meinsemd marga  
má Drottinn líða hér.  
Þitt gjald alt þetta er;  
blindað hold þig ei þekti,  
þegar þín flæð mig blekti.  
Jesús miskunni mér.

9. En með því útvær leiddur  
alsærður lausnatinn,  
gjörðist mér vegur greiddur  
i Guðs naðar ríki inn  
og eilift líf annað sinn;  
blóðskuld og bolvan minna  
burt tók Guðs sonar sína.  
Dýrð sé þér, Drottinn minn.

10. Út geng eg ætild síðan  
i trausti frelsarans,  
undir blæ himins bliðan  
blessaf; til sanns  
nú fyrir nafn Þórs  
útborið; lík mitt, líkis  
legst og hyldist í fniði  
sál fer til völurnar.

11. Dýrðar kórðu dýra  
Drottinn mér gefur þá;  
réttlætis skrifðann skira  
skal eg og lika fá.

upprisudeginum á  
engi i mælast  
hæstum heiðri tilreiddur,  
af heilögum englum leiddur  
i sælu þeim sjálfum hjá.

12. Svo munu Guðs englar segja  
Sjáið nū þeinnan mann,  
sem allskyns eymd réð beygja  
áður i heimsins rann;  
oft var þá hreldur hann  
fyrir blóð lambsins blóða  
búinn er nū að stríða,  
og sælan sigur vann.

13. Þá muntu, sál min, svara,  
syngjandi fögrum tón:  
Lof sé mínum lausnara,  
lamb Guðs á hæsta trón,  
sigur gaf sinum þjón,  
um blesсаðar himna halfir  
honum segjum vér allir  
heiður með sætum són.

14. Son Guðs lertu með sanni,  
sonur Guðs, Jesú minni, son Guðs,  
syndagum manhi medju  
sonararf skenktir þinn, ne leggi  
son Guðs, einang eingetinh, leið  
Syni Guðs syngi glaður, sérhver lifandi maður  
heiður i hvert eitt síðu, Amen.

Eftir skili go go Isra

an 348. srued níðugnið

(XXVI.) Samtali Pilats vld Kristum.

Lag: Hæsti Guð, herra mildi.

HÉR þá um Guðs son heyrði  
heiðinn landsdómare, ldi svj. kóngur  
hann spyr (þau hraðast gjörði),  
hvaðan vor Drattinn sé, málmann  
en Jesús, þýður þagði (það og vel maklegt var);  
Pilatus brát að bragði, byrstist og aftur sagði;  
Viltu ei veita svar?

2. Minser, þaði máttu ljóta, enis  
makin svo itigadrígninorð testið  
eg má vel dausar ljóta, go tek kenn  
og lika krossfestavþig. mæltou með  
Jesús segrar, og is segir; ÍA.  
Sírt áttu vald á mér, enstilt miðota  
ef þér veri það sigri lit man er  
að ofan gefið, sva megar iðenskist  
heiðri þeim, holda hér.

3. Sá hefir synið enn meiri, en  
er seldi mig þér að hönd. nígol óð  
Pilatus hygg egs það keyri, þáinsd  
hann grunntar ekki til vond. Gjörði  
gáfu prestarnir meðan engi leng  
Vægð ef þaði mælt veita, jubi til  
vist, máttu ekki heita að orð laði  
kær vinu ríksansins, gildi til annan

4. Heidiðigjarð haldað gjörðu, hér

hjáguðir þeirra senn  
börn ættu alin á jörðu,  
eins og holdlegir menn;  
hann óttast, hér ef væri  
herrann goðanna kyns,  
hugði því helzt að bæri,  
hentuglega fram færí  
rannsókn réttidæmisins.

5. Skurðgod sin heiðnir héldu  
hafandi' i mestu akt,  
forgefins hug sinn hreldu,  
hræddir við þeirra makt.  
Ó, hversu framar ætti  
einn sérhver krístiinn mann  
óttast Drottins almætti  
með ást og blygðunarhætti,  
sem stoltum steypa kann.

6. Af stórri makt sig réð stjera  
stoltur Pilatus hér,  
rétt mál til rangs að fára  
reiknaði keyfilegt sét;  
kann vera mægan megi  
meining sú villa þrátt  
þó lögini brjóti og þeygli  
bannað sé heim það eigi,  
fyrst vald þeir hafa hatt,

7. Guð er sá völding gefur þróu  
gæti þess æðri stétt;  
sitt léni hver sinn hefur  
hér af Drotni til sett;  
hann lét þig heiður hljóta,  
heiðrast því af þér vilji.

virðingar vel mætt njóta,  
varast drambsemi ljóta,  
róg og rangindin ill.

8. Yfirvaldeinn Guð sendi,  
(undirmenn gái þar að),  
sverð Drottins hefir i hendí  
heiðra skulum vér það,  
hlýðugi friði haldar,  
hlífð og forsvari ná;  
þverlyndis-þrjózkan kalda  
þunglegi heßndargjalda  
að vísu sér vænta má.

9. Eins og hver einn misbrytur,  
eftir því straffast hann,  
harðari hefndir hlýtur  
himn sá meira til varn;  
þeim mun ei piagan þverra,  
sem þrjózkast í ilskurót;  
sá þjón á von hins verra,  
sem vilja pekkir síns herra,  
þó gjörir þvert á móti.

10. Varðveiti valdsmenn alla  
vor Guð i sinni stétt;  
svo varist i vonzku að falla,  
vel stundi lög og rétt;  
hinit i hlýðni standi,  
hver svo seiði skyldugt er.  
Hrein trú og helgur andi  
haldist í voru lándi.  
Amen, þess óskum véri Amen.

2010 sköldit eru og þær segundum

349. m. Vei heimini

(XXVII.) Pilatí, samtal við Gyðinga á dómstólinum.

Lagið Skaparinn stjarna, herra! Kreinn;  
eða; "Old Hundred,"

PILATUS heyrði hótað var honum keisarans reiði þar út leiddi Jesum annað sinn uppsæt þegar á dómstólinu,

2. Gyðingum síðan sagði hér: Sjáið, þar lýðar kóngut er. Þeir báðu: Tak pennan burt frá oss, bráðlega lát hann deyja á kross.

3. Skal eg krossfesta kóng yðvarn? kallað Pilatus, heðnisgrarn. Engan kóng, segja þeir aftur hér utan keisgrann höfum vér.

4. Guðspjallshistorian hermir frá, heiti sá staður Gabbathá; náið se háa steinstreiti, þýðir það. Þar máttu, salmín, geta að.

5. Vei heim dómara, er veit og sér, víst hvað um málid reftast er, vinnur það bó fyrir vinskap manns, að vikja af götu sannleikans.

6. Pilatus keisarans hræddist heift ef honum yrði úr völdum steypt Petta, sem helzt að arfst vann, varð þó að koma yfir hann.

7. Vei heim, sem með jörátt lög umgangast og þau tíðka mjög,

sannleiknum meta sitt gagn meir  
svívirðingi Drottni gjöra þeir.

8. Huga sny eg og málí min,  
minn góði Jesú, enn til þín:  
Pilatus kóng þigekallar hér,  
krossfesting Júðar óska hér.

9. Vist ertu, Jesú, kóngur klár,  
kóngur dýrðar um eilif ás,  
kóngur englanna, kóngur vor,  
kóngur almættis tignarstórt.

10. Þó stopstu bundinn þar fyrir  
þó leiðstu bróp og kvala róm, í dóm,  
afsegja gjörðu allir þig,  
undrar stárlega betta mig.

11. Ó Jesú það er játning min:  
Jeg mun um síðir njóta þín,  
þegar hú dýrðar Drotunn minn  
dóm, tól i skýjum setur þin.

12. Frelsadur kem eg þá fyrin þinn  
fagnaðarsælan heyrí eg róm, í dóm,  
í þinu nafni útvalder  
útvalim kalla mig hjá sér.

13. Kóng minn Jesú, eg kalla þig,  
kalla þú það þinn astur mig;  
herratign enga að heimsins síð  
held eg þar megi jafnast við.

14. Hás steinstrætið heimsins steipt,  
hefir mér öftir vanda steypt; ó  
þangað két Jesús leiða osig;  
svo líkam hán kærni yfir mig.

15. Jesú þín kristni kys þig nú,

kóngur hengar eina heitir þú;  
stjórn þátt kenni svo haldigvið; ná  
himneskum nái dýrðar frið. — Amen.

annan himni go 29 vnd 30. 31. 32. 33. 34.

350. þóf lit með að fyrri himni  
þóf til 350. 351. 352. 353. 354.

(XXVIII.) Um Pilati rangan dóm.

Lag: Nu bíð eg, Guð, þú næstir mig.

PILATUS sá að sönnu þar,  
sín ráð móttu ei gilda þar;  
upphlaup sér búið hræddist hann,  
hugð að stíllt vanda þann,  
fullnægja vildi fólksins bón,  
fá skyldi Jesús dauðans tjón,  
sannleika engum sínti meir,  
svo dæmidit alt, sem beiddu þeit!

2. Héndur i vatni þá nam það,  
þar næst við Þóða mælti svo:  
Sjálfir um ýtur Sjáðs þér,  
saklaus við réstótt blöð eg er.

Allur almúginn upp til það  
andsvarar grælit s' þessum stað  
Hans blöð (þó nú hanh kvelji kross)  
komil yfir bærnáip vor og óss.

3. Pilatus hafði þrófað þarfis  
pislarsök i Drottins engin vatninn  
fyrir og ekki einingréð hann blod  
vítskurða: Jesum saklansan, er  
þó mótt samvisku sínta þyrti mi  
sjálfur viljandi dæmadi hertugn  
Guð gefit, að myfitvöldin voril o  
varist þau dæmin glæpa stóra:

4. Hvað margur nú í heiminum  
hér fyrir lastar Pílatum,  
sem þó elskar og iðkar mest  
athæfið hans og dæmin verst.  
Óttinn í domi oft fær sess,  
yfirherrarnir njóta bess;  
almúgans hrösun olli, því  
illgjarnir skálkar hlaupa fri.

5. Ábatayon og vinahót  
verkin dýja, þó séu ljót,  
lika kemur sú fordild fram,  
sem forsvarað getur Barrabam;  
gefst þá raunin, hvað gilda skal  
gulltungan sú, sem Achan stal;  
má ske og biggi mútur hinn  
meir en Pilatus betta sinn.

6. Eg spyr! Hvað veldur, ódyggð flest  
eykst hér daglega' og fjölgar mest?  
Umsjónarleysi' er orsök hæst,  
eigin gagnsmunair bessu næst;  
miskunn, sem heitir skálka-skjól,  
skygnist eftir um fánýtt hól;  
óttinn lögini seo þvingar þrátt;  
þora þau ekki að líta hátt.

7. Fyrir fólkini þegar þar  
þvoði Píatus heimurnar,  
fyrir Quði sér þann gjörði grun,  
gilda mundi sú afsökun.  
Varastu, maður, heimsku hans,  
hér þó bu villir sjónir manns,  
almáttugs Drottins augsyn skæt  
alt bitt hjarta rannsakað fær.

8. Viltu þig þvo, það þvo þú hrein  
þel hjartans, bæði lífost og leyrit;  
ein laug er þar til eðlisgöð, me-  
iðrunártár og Jesú blóð,  
grát þíná synd; en set þitt traust  
á sonar Guðs þínu efalaust;  
lát af illu, en elská gott,  
allan varastu hræsnispott.

9. Blóðhefnd á sig og bört sín með  
blindaður lýður hrópa réð; eflidist svö pessi óskin Röld, ennd  
enn í dag bera heit hennar gjöld.  
Athugagjarn og orðvar sért, telou  
einkum þegar þú reiður eft, formæling illan finnur stað;  
fást mega dæmni upp á þá.

10. Drottinn Jesú, sem dæmdur vart,  
dómari kemur þú astur, snart  
dómsmenin láttu til dýrðar þér  
dómana vanda, i rétt sem ber  
þvo; þú vor hjörður og kendur með,  
hrein trú varðveiti, rósamt geð;  
þitt blóð flekklaust, sem flóði á kross,  
frelsi þáð dörnins vor og oss. — Amen.

351

(XXIX.) Um Barrabas frósl.

Lag: Eins og sitt barn, fáfir ástgjarn.  
**SELÐI Pilatus saklausan**  
son Guðs til krossins daubá;

•) Sjá Jonas Jónasson: Passiusalmar.

upphlaupsmaður, sá vigeistlúvana,  
þá frelsinfann, móbrinl 19071000  
fókk líf, en misti nauða.

2. I myrkvarastofu sá bundinn bajð,  
Barrabas frá egi hann heiti,  
Má hér finnast ein merking greid  
um magnkyns neyði i því insi um  
mjög skýr að öllu leyti.

3. Barrabas frá egi að "föður" og  
flestir karðir menn þvíði; nánast ["nið"]  
Adam likist þar eflaust við  
og alt hans líð, ósins tveg misgundun  
sem áfell dauðans kyði.

4. Upphlaupsmaður henn orðinn var,  
þá eplið í munni set leiddi, 19071000  
sjálfs Guðs bodordi sinti ei þar  
og síðan bar sig og alt mankyn deyddi.

5. I dýrfals fjórum fastar lá,  
fanginn til ellisí dauða;  
allir hánis miðjar út í tra  
með eymd og brá með eniamóð go  
áttu von kvala og nauða.

6. Hér pa Jesú var heito kall  
af heiðnu dæmi yfirvaldi, 19071000  
fókk Adam spálfur frelsis enjalti  
og fólk hans alt, móti níuði að  
sem fagnarit því faðmargjaldi.

7. Þá fyrst regði Adams miðji eftir,  
nær mér gengið það dæmi með í sál  
mínus seti skilti fyrir sjónin þen,

og sjáðu hér sannferðugt lærdoms næmi.

8. Ó, hvað oft hef eg aumur gert  
uppreisn móti Drottins anda,  
daglega því hans boðorð bert  
svo bræut eg þvert,  
mér bar þó i hlýðni að stända.

9. Mun eg ekki við manndrap fri,  
mína sál þrátt eg deyddi,  
ill dæmin gáfust af mér ny,  
og nauðir fannist með jafn málby  
náungann þar með leiddi.

10. Ófrægður er eg orðinn mest,  
allar skepnur það sanna,  
faráðum ekkert forsvar sést,  
fangelsið verst  
fyrir því hlýt eg að kanna.

11. Í myrkyastofu eg bundinn bið,  
bölvan lögmaðs mig hræðir,  
dapurt nálegist dauðans stríð  
og dómsins tið,  
daglega sorgin mæðir.

12. Heyri eg nú þann hjálpar róm,  
að hafir þú Jesú mildi,  
fyrir mig liðid líflats dóm,  
þín líknin fróm  
lausan mig kaupa vildi.

13. Sú heilaga aflaus hrygð og sút  
af hjarta minna greiðir, og tóm tóm  
syndanniaðleysir hlekkja hnút,

og hér með út úr hördum fangelsi leiðir.

14. Hvað dauða saknæmt sást á  
(svoddan miskunn, eg þekki), [mér  
til dauða alt var dæmt á þér,  
minn Drottinn, hér dominum kvíði' eg því ekki.

15. Líf mitt og sál þig lofar nú,  
leyst frá dauðans fangelsi;  
eg lifi' eða dey, það er minn trú  
óbrigðul sú, i þínu, Jesú, frelsi.

16. Himneskri páskahátið á  
hefi' eg nú þess að bíða;  
myrkvastofunni frelstur frá  
eg fagna þá i flokki' útvaldra lýða.

17. Svo er nú Barrabas orðinn frí,  
Adam og eg, hans niðji;  
hver kristin sála heimi i  
vorn herra því heiðri, lofi, tilbiðji. — Amer.

352. Um Kristi krossburrum (XXX.)

Tungu með að hýrta hljóði.

TRÖÐSMENN. Kriistún hápummi  
farðu og klæddu ham sinum búning sín  
sollnar undir sárt við hrastðu, en ðó  
þær svíðu og bleddu upp án y;

á blessuðu sínu baki særðu  
hann bar sinn kross og mæddist því.

2. Skeði svo á samri sturidu,  
Símon nokkurn bar þar að,   
framandi maður, er gekk um grundu,  
gripu Júðar þann í stað,   
krossinum á hans herðar hrundi;  
en hann gekst nauðugur undir það.

3. Þeit sem, sál míni, syndir hrygja  
samvirkunni þvert á móti,  
undir Drottins endurnýja,   
ef ekki gjöra' á löstum bót;   
við skulum frá heim flokki flýja  
og fyrirgefningar biðja' af rót.

4. Upp á Heinisins óbakklæfi  
er hér dæmi ljóst til sahns;  
margan læknadí son Guðs sæti  
sjúkan meðal almiugans;   
nú var ei neinn sa bölið bæti.  
og bæri með honum krossinn hans!

5. Símon bædi og syni hans báða  
sjálf hér nefnir historian,  
því guðhræddur skal njóta náða  
og niðjar margir settir hann;  
miskunnsemd við menn fáráða  
minnast Guð og láuna kaín.

6. Framandi maður nætti Kristi,  
með honum bæt hans þunga kross.  
Hér má finna, hvern það lysti  
hreiná þyðing uppá osa;  
Gyðingafolk pá Guðs náð misti  
gafst heidningum gyðræknoss.

7. Synda undir, ýfast minar  
oft á hverri stundu næri,  
samvirkunnar sár eindvinar,  
svíðameinið illa grær,  
blessaðar. Jesu, ber ar þínar  
bið eg myki og lækni þær.

8. Þessi krossins þunga byrði  
þér var, Drottinn, lögð á bak  
svo fyrirmyndan syldu y.  
þá fórnarviðin bat ísak;  
sá þinn gangu sorga tilði  
af sálu minni tók enna.

9. Minnist eg ó þjálin þina,  
þig sú mæddi bverðin stríð  
sannlega fyrir a. i mína  
svoddan leid þín gæzka uppi  
vegna þess mér virzti yna  
vorkumseimi, næri eg

10. Noll r treyst, miði herra mildi,  
hörmagnum fyl ja þér;  
ó er segm. fet vildi ótspo.  
þín, son skyldugt er,  
viljinn min e í veitu gildi,  
bú verður óvi að h. sparmér.

11. Elskuged svo bitt eg bekki,  
þráðuni viltu sýna lið;  
lattu mig, Drottinn, einan ekki  
i hnað minni og þess eg bið,  
na fnið mitt, þó nauðir hækki,  
en min blessuð kannist við.

12. Komin þú undir krossinn  
tranga, órógi olding ræd transla

kristin sála, gæt þess hér,  
ef holdið tekur að mögla og mangá,  
minstu, hver þín skylda er,  
láttu sem þú sjáir gangá  
sjálfan Jesum undan þér!

13. Undir krössi illvirkjanna  
aldréi hér þig finna lát;  
varastu glæpi vondra manna,  
á verkum þínum hafðu gát;  
iðka bæn og iðrun sanná,  
elska gjarnan hóf og mat.

14. Hafðu, Jesú, mig í minni,  
mæðu og dauðans hrelling stytt;  
börn míن hjá þér forsjón finni,  
frá þeim öllum vanda hritt,  
láttu standa á lífsbók þinni  
líka þeirra nafn semi mitt. — Amen.

## 353.

(XXXI.) Prédikum Kristi syðr kvinnunum.

Lag: Sa frjals við lögmal fæddur er.  
FÓLKID, sem fylgdi Drötni út,  
fyltist margt angri hördöu;  
kvinnurnar grétu sert með sút,  
sem hans kvöl dumka gforðu.

2. Sneri til þeirra son Guðs sér,  
sagði þá herrann mætur:  
Gráti hér ekki yfir mér,  
ó, Jerúsalems dætur.

3. Þóso yðar og eigin eynd  
eflaust þér gráta megið;

nálgast sú tið, sem nú er geymt, nærpér harmoníð segið.

4. Sæl nú óþyrjan børnlaus er og brjóst þau eð sagin vóru, hrynnji yfir oss hólsarnir, hædir og björgin stóru.

5. Ef gjört ierisvo því grænatré, (geta hver til þess næði), hvað hið hornaða þá man ske; það frá eg Jesús gæði.

6. Ó, hvað veráldar virðing er, völt og svikul að reyna, gæt þess, míni sál, og sjáðu hér sannprófað dæmið eina.

7. Á pálmusunnudagisjálfurinn son Guðs í borg nam ríða; ástvinir hans það sama sinn sungu lof, án alls kvíða.

8. Fám dögum síðan sjálfurinn særður með kross, nam ganga; það hlutu' hans vinir að sjá með sút, sorg hjartans báru stranga.

9. Hafi svo verið völt og fláð veröldin, herra sínum, hvers má sér vænta þrællinn þá? þess gæti hugsi þinum,

10. Þeim, sem hún byðun blíðileik búin er sorgin mestari, hirtu því aldrei huga þinn við hana, nán sál, að festa.

11. Samlega skyldugt segið eg mér

sára þá kyölkad gráta, sem Drottinn Jesú þungt að hén, þrengdi í allan máta,

12. Samt er þér ekki þent með því, þó eg þig atinka vildi; eilifa hátni. eftu jum upp hafinn, Jesú mildi.

13. Þar má nú heldur aukast af angur samvízku minnar, orsök eg til og efni gaf allrar hörmungar þinna.

14. Erfiði Hefi eg aukið þér of þungt með syndum minnum, gjæpanna, sem eg gjörði hér galzu ái holdimþinu.

15. Hræðist eg mér sé hulin geymd sú hefndar þínan strángar, því eg vann til að eilif eymd yfirumig skyldin ganga.

16. En þe gleð eg mig aftur svöxtinn kvala þinna, þar af öðlast eg frelsi, frið og forlát synda minna.

17. Angistin sár og sorgarlát, er sál heilt þjáði minna, snýst í fögnuð og fegingrát fyrir þá miskunum þina.

18. Bið eg nú Jesú biki, þig, sem bót mér gjörðir vinna! Lát engan gjalda eftir mig ilskug né synda minnas. Amen.

354. Um þáð viðanada og græna tréð.

(XXXII.) Um þáð viðanada og græna tréð.

Lag: Næstum oss líkamann grafa.

**GREINIR** Jesúsum græna tréð,  
getur hins viðna einnig með.  
Við skulutin, sál minn, skóða að ný  
skíran lærdom i málí því.

2. Frjóvgunareikin vökvuð væn,  
vel blómguð stóð með latusin græn,  
þegar á jörðu sást til samis frigjöld  
son Guðs iklæddur holdi magni.

3. Lífsins ávöxtu ljúfa var,  
læknaði Jesússótarnar  
frá djöfli leysti og daudans pín,  
daufum gaf heyrar en blindau sýn.

4. Af hverri grein drap Dunangisætt,  
hjálpræðiskenning fékk hann rætt,  
öll hans umgengni ástuðleg  
angraðar salir gladdi mjög.

5. Guði var þeckt þáð græna tréð,  
glöddust himnar og jörðin með;  
í hans fæding þáð vitpast vann,  
og við Jórdan, þa skrifist hann.

Réttlætis allan bar  
inn til krossdáða nýðinn var  
saklausa lambið, son Guðs einn,  
af synd og lýtum klár og krefinn.

7. Þó mætti ei þáð eðla tré angurlaust vera á jörðuhne,  
Guðs reiðistomur geysavitann,  
gekk því refsingin syfir hana.

8. Ef þú spyr að: hvað valda vann,  
vildi Guð láta saklausán  
sóninn komast í sorgir þær,  
sem honum var þó hjartakær.

9. Þú skalt vita, að visnað tré  
var mankyn alt á jarðrike,  
ofan að rótum upphornað,  
ávoxt ranglætis færði það.

10. Skabðsemðartréð, sem skemdi jörð,  
skipaði Drottins reiði hörd  
upp höggya, svo það ekki þar  
akrinum, sé til hindrunar.

11. Vor Jesús mönnum vægðar það,  
vinnast mátti ei að fengist það,  
utan hann taki upp á sig  
illvirkja gjöldin hryggiligr.

12. Herrann íklæddist holdi þá,  
hingað kom til vor jörðu á;  
visnaðri eik gafst vökvani góð,  
þá varð úthelt hans dýra blóð.

13. Saklaus því leið hann sorg og háð,  
syndugt mankyn svo fengi náð;  
hið grænatréð var hrakið og hrist,  
hér af það viðurblómgaðist.

14. Guðs dýrðar sati sitt hold  
sonurinn, mátti ei hefja því,  
fyr en í heimi harða neyd  
hafði þolað og krossins deyð.

15. Ó, hvað manns hold er heimsku  
hræðilegari út máta vilti alor [fylt,

viljandi' i löstum liggur það,  
leikur sér alls kyns glæpum að.

16. Margir ætla, fyrst ekki strax  
á fellur hefndin sama dags,  
Drottinn þá aldrei muni meir  
minnast á það, sem gjörðu þeir.

17. Því góða trúnu þýrmt var sízt,  
þurrum fausk mun þá hálið vist;  
hafi fadírinn hirtusinn son,  
hefndar mun þrálliinn eiga von.

18. Ef nú Guðs mildin ástsamlig  
óhegnda, sál min; i líður þig,  
hans þolinuði haltu hér tilbaði  
hjálpærðismeðal gefið þér.

19. Visnað tré eg að visu er,  
vægðu, réttlætis herrann, mér;  
gækunnar eikin græn og fin,  
geymdu mig undir skugga þín.

20. Von er að mér sé mótkast vist,  
mun eg umflyja daudann sízt;  
holdið má ei fyrir utan kross  
eignast á himnum dýrðar hnoss.

21. Tæpti eg minum trúarstaf  
á tréð, sem drýpur hunang af;  
sjón hjartans öllu angri  
upplýsist, nær eg smakka' á hvíl.

22. Negar mér ganga brautir nær,  
þér snú þú til min, Jesú kær,  
hjartað hressi og huga míum  
himneskur náðarvökyi þínn. Amen.

(355.) Um Kristi krossfesting..  
 (XXXIII.) Um Kristi krossfesting..

Lag: Konung Davis, sem kendt er.

KOM loks med krossins býrði  
 Kristur i hæðastagi; og miðoð  
 örþjáður trúi' eg hann yrðif;  
 edik galli blandad; og í sín  
 honum þeir hældu óðin; um tund  
 Drottinn vonadýrðanumildi; Run  
 drekkaspó ekki voldi; um miðoð  
 þá hunn smakkaði hæð.

2. Þáls undir bögru máligeð  
 fordildar i hræsmi über, til of enni  
 vináttu tempruð talið; og spjald  
 trúaglaus iðrun hér; og  
 edik galliblandad er; svodðan  
 svodðan surðreggjar vini;  
 (þó; sjáust glyslega skini) vñmseg  
 herrann hrindir fra sér.

3. Það tek eg yist til bakka,  
 þá bu vilt, Drottian kær.  
 siúrt með þer sjaltum smakka;  
 sé þin miskunnið skær  
 f'hverri neyd mér haet; og  
 gallbeiskju bólwaningar; og  
 og bikáinn heftar þintaf; nöða  
 burt seifu frá mér fær, taisvíqqu

4. Nakinn Jesum býrðu  
 Júðas krossfestu; þariq ùas röð  
 með heftar sinai hördul ðarsíða  
 hendur og fæturhar; þin minneskr

teygt alt og togað var;  
gekk svo jáengaddur, nistur  
gegnum láfa, og ristur,  
skinn og bein sundur skar.

5. Tveggja mörðingja á milli  
miskunugs herrunnar hékk,  
spádóminn frá eg og fylli,  
sem fyr meir um það gekk,  
ræðir sva ritning bekk;  
Þjónn minn, sá einu útvalinn,  
er með spilzirkjum talinn;  
forsmán mjög þunga fékk,

6. Nú eg uminnist á næsta  
nakinni þá Adam stóð  
við tréð með hórmung hæsta,  
hjartasorg, ból og móð,  
því verk hans voru ei góð,  
innvortis angríð kvaldi,  
undir trjánum sig faldri;  
þess galt öll heimsins hjóð.

7. Nú afstúr Jesús nakinn  
negldug á trénu stóð,  
píndur, húðstrýktur, hnakinn,  
hjartans bar sáran móð,  
þó voru verk hans góð,  
einn fyrir engum faldist,  
opinberlega kvaldist;  
þess naðt öll heimsins hjóð,

8. Hottí egeá hefur lípar,  
herra minn Jesú kær,  
fyrir misgiðir manar

meinin' slík líðu þær;  
blöðdreyrinn dundi skær,  
saurgum sálar og handa,  
sem mér oft kom i vanda,  
af hreint með öllu þvær.

9. Þús var eg fram að halda  
feril glæpanna hér,  
þess fætur þínar gjalda,  
það var til líknat mér,  
Drottini, eg þakka þér,  
fram á fridarsins leiðir  
fotspor míni jafnan greidir  
héðan af hvar eg fer.

10. Gud gæfir að mitt hold mætt  
með þér krossfestasé nū  
frá öllum ilskuhætti,  
ósk mímin er dagleg sú,  
minn herra, það veiðt þú  
upp á það önd míni kynniun  
óhindið gæzku þínri  
þjóna með þýðri trú.

11. Einn með illræðishönum  
állir þig heldu þá,  
sem heilagleik sönnunum  
sjálfur komst himnum frá;  
nú eg þess nýða má,  
af því eg er útvallm,  
einn með Guðs börnum talin;  
þar tróysti eg eftaust á.

12. Eg minn meðan eg lyjari,  
minnast á krossins þín,

heimsins ljúfi lausnari,  
lifgar það huga minn,  
hvort eg geng út eða inn,  
af instum ástar gríttini  
ætið með huga' og munni  
segjandi hvert eitt sinn:

13. Jesú · Ktistí kvöll eina,  
á krossinum fyrir mig sken,  
sé min sáttargjörð hreiná  
og synta kvittunen,  
af sjálfsum Guði sén;  
upp á það önd min vonar  
í nafni föður og sonar!  
og heilags anda', amen. — Amen.

356,

(XXXIV.) Þau fyrsta orð Kristi &amp; krossinum.

Lag: Lifsandi Guð, þú lit bar a:\*) eða  
Hver, sem at reisst hæga bygð.

ÞEGAR kvalatar krossinn á  
keyra vorn herra gjörðu,  
flatur með trúnu lagður lá  
lausnarinn niður á jörðu;  
andlitið hórfot i þeim stað  
og augun hans blesstuð himnum að;  
hann stundið af angri hörðu.

2. Sinn faðm alt eins og barnið blitt  
breiddi mótt föðurnum kæra,  
blöðið dundit og tárin til;  
titraði holdið skæra.  
Hér skoda, maður, huga þínang.

\*) Sjá Jónas Jónasson: Passiusálmur.

hvað kunni meira nokkurt sinn  
Drottinn til hefndar hræra.

3. Óvinum friðar bliður bað  
brunnur miskunnarinnar;  
hann vill þeir njóti einnig að  
ávaxtar þinu sinnar;  
*sagði: Faðir, þeim fyrirgef þú,  
forblindaðir ei vita nú  
sjálfir hvað vont þeir vinna.*

4. Lausnara þinum lærdu af,  
lundernið þitt að stilla,  
(hógværðar dæmið gott hann gaf),  
nær gjöra menn þér til illa;  
blót og formæling varast vel,  
á vald Guðs allar hefndir fel,  
heift lát ei hug þinn villa.

5. Þótt þú við aðra saklaus sért,  
sannlega skalt þess gæta,  
samt fyrir Guði sekur ert,  
sá þig á frjálst að græta;  
illir menn eru' i hendi hans  
hirtingarvöndur syndugs manns;  
enginn kann þess að þræta.

6. Óvinum ills þó óskir hér,  
ei minkar heiftin þeirra,  
ópolinmæði eykur þér,  
a frækir hoð þins herra;  
þú styggir Guð með svoddan síð,  
samvízkan mjög þar sturlast við,  
böl þitt verður því verra.

7. Upplýstu hug og hjarta mitt,

herra minn Jesú sæti,  
 svo að eg dýrðardæmið þitt  
 daglega stundað gæti;  
 þeir, sem óforþént angra mig,  
 óska eg helzt að betri sig,  
 svo hjá þér miskunn mæti.

8. Heimsins og djöfuls hrekka vél  
 holdið þrálega villa,  
 þess vegna ekki þekki' eg vel,  
 þó nú margt gjöri illa;  
 heri svo til eg blindist hér,  
 bið þú þá, Jesú, fyrir mér,  
 það mun hefnd harða stilla.

9. Eg má vel reikna auman mig  
 einn i flokk þeirra manna,  
 sem i kvölinni þjáðu þig,  
 það voru gjöld syndanna;  
 en þú, sem bættir brot míni hér,  
 bið þú nú lika fyrir mér,  
 svo fái' eg frelsun sanna.

10. Fyrst þú baðst friðar fyrir þá,  
 er forsmán þér sýndu mesta,  
 vissulega eg vita má,  
 viltu mér alt hið bezta;  
 því eg er Guðs barn og bróðir þinn,  
 blesstaði Jesú, herra minn,  
 náð kann mig nú ei hresta.

11. Allra síðast þá á eg hér  
 andláti minu' að gegna,  
 sé þá, minn Guð, fyrir sjónum þér  
 sonar þíns pínan megna,  
 þegar hann lagður lágt á tré

leit til þin augum grátande;  
vægðu mér því hans vegna. — Amen.

## 357.

(XXXV.) Um yfirakristina yfir krossinum.

Lag: Náttúran öll og eðll manns; \*) eða:  
Hæasett fyrir herrans er.

**ÚTSKRIFT** Pilatus eina lét  
yfir krossinum standa:  
Jesús nefundur af Nasaréthi,  
nýr kóngur Gyðingalandi.  
Drotni með sann  
dómarinn fann  
ðauðasök enga stærri.  
Margur las það  
í þessum stað,  
því hann var borg svo nærri.

2. Það var ritað og þannig sett  
i prenslags tungumáli.  
Valdsmenn Júða það vissu rétt,  
vilja því Pilatus brjáli.  
Hann anzor greitt,  
ei skyldi neitt.  
um breytt, og framar tjáði:  
Hvað skrifð er,  
skal standa hér.  
Svo skeði af Dröttins ráði.

3. Þar nú á krossi herrann hékk,  
hér að, mín sala, gætum,  
virðingartitil fagrán fékk,  
með forpris sakleysis mætum;

\*) Sjá Jónas Jónasson: Passfusálmar.

að hjálpatfús  
heiti Jesús  
heimsins lausnarinn góði,  
hver djöfli frá  
oss frelsa má  
flekklaus með sínu blóði.

4. Nazarenus hann nefnist þar;  
náttúru-spilling manna  
fráskilinn einn að visu var,  
velþekta hlýðni sanna  
sýndi hann hreint.  
ljóst bæði' og leynt,  
lifandi Guði einum,  
hans tignar son,  
trúr, försjáll, þjón,  
úggur í öllum greinum.

5. Kóngur Gyðinga klár og hreinn  
í krafti guðlegum drotnar;  
sá Davíðs stól skal erfa einn,  
aldrei hans ríki þrotnar;  
Ísraels hrós,  
heidinna ljós,  
heitinn forfedrum lengi,  
svoddan titel; sá  
sóndi rétt vel,  
sál min, þinn herra fengi.

6. Svoddan virðingu vildu hann  
vondir Gyðingar snéyða,  
heiftar-öfundin i þeim bránn;  
af því Pilatum beiða;  
ordtak það brátt  
á allan hátt.

úr færa settum máta.  
 Hann kvað við nei,  
 því það vill ei  
 þeim Drottinn veitast láta.

7. Dramblátum setur Drottinn skamt  
 með djörfung þeirra' og hrekki;  
 þeim liðst svo sem hann lofar framt,  
 lengra komast þeir ekki;  
 alt skal mitt traust  
 efunarlaust  
 á hans makt jafnan standa,  
 hvað munu mér  
 þá mennirner  
 mega í nokkru granda.

8. Í þrenslags tungum var þetta  
 því að vor herriann mildi [skráð,  
 vildi sín elska, ást og náð  
 allri þjóð boðast skyldi;  
 hvert tungumál  
 með huga' og sál  
 heiðri þig, Jesú góði,  
 sem kvölin þín  
 og krossins pín  
 keypti frá syndamóði.

9. Gefðu að móðurmálið mitt,  
 minn Jesú, þess eg beiði,  
 frá allri villu klárt og kvitt  
 krossins orð þitt út breiði  
 um landið hér  
 til heiðurs þér,  
 helzt mun það blessun valda,  
 meðan þín náð

lætur vort láð  
lýði og bygðum halda.

10. Handskrift var ein yfir höfði  
hver mína sálu grætti, [mér,  
önnur stóð, Jesú, yfir þér,  
sem angrið míns hjarta hætti.  
Jesú, þú ert  
útvalinn bert; ..  
undir kóngsstjórnan þinni  
árla og síð  
um alla tíð  
óhætt er sálu minni. — Amen.

## 358.

(XXXVI.) Um skiftin & klæðunum Kristi.

Lag: Hvað myndi vera hjartarð mitt.

**S**TŘÍDSMENN þá höfðu krossfest  
klæðnað hans tóku snart, [Krist,  
skiftu í staði fjóra fyrst,  
fá skyldi hver sinn part  
á kyrtiþrjónaðan ljóst með list  
lögðu þeir hlutfall djarft;  
fólskuverk meðan fullgjörðist,  
fólkis á horfði margt.

2. Ritning sú eina uppfylld er,  
áður var þar um skráð:  
Skrúða mínum þeir skiftu sér,  
skýrlega svo er tjáð:  
Hlutfallið yfir far mitt fer,  
fæ eg þess einnig gáð.  
Set, maður, slikt fyrir sjónir þér,  
sjá Drottins miklu náð.

3. Nú máttu skilja, nakinn var;  
negldur Drottinn á kross,  
opinbert sáu allir þar  
út runninn dreyra foss;  
svoddan forspnán Guðs sonur bar  
sannlega fyrir oss,  
hér bauðst öllum án hylmingar  
himneskt miskunnarhnoß.

4. Kalla eg merki klæðin háns  
kristnina' í heimi hér,  
um fjórar álfur foldarranns  
flokkur sá dreifði sér;  
lífkyrtill þessi lausnarans  
líknarorð blessað ér;  
vilji því skifta skynsemid manns,  
skilning sannleiksins þver.

5. Ei, lét vor Drottinn auðlegð há  
eistir í þessum heim,  
klæðin, sem hann bar holdi á,  
en hvorki gull né seim,  
þó mátti ei hans móðir fá  
hið minsta' af öllum þeim,  
illir menn hendi yfir þan slá;  
aldrei því dæmi gleym.

6. Safna hóflega heimsins auð,  
hugsýkin sturlar ged; .  
þigg af Drötni þitt daglegt brauð,  
duga lát þér þat með; .  
holdið þá jörðini hylur rauð,  
hlotnast má ýmsum féð; .  
svo þig ei ginni girndin snauð,  
gæt vel, hvað hér er skeð.

7. Stríðsmanna heift og harðýðge  
herrans kvöl gat ei mykt,  
þó viti nóg hann særður sé,  
sinnið var ilskurikt.

Þeir, sem fátékan fletta fé,  
fólskuverk drýgja slikt.  
Guð láti þig ei glæp þann ske,  
að gjörir annað þvílikt.

8. Nakinn á krossi hékstu hér,  
herra minn Guð og mann,  
fullnaðar-borgun fengin er  
fyrir mig syndugan;  
þá fórn Drottinn og sál min sér,  
sú gleðst, en bliðkast hann;  
brullaups-klæðnað til bjóstu mér  
þann bezta eg gírnast kann.

9. Hentuglega féll hlutur sá,  
herra minn Jesú kær;  
þá lézt mig auman, finna og fá  
fagnaðarord þín skær;  
heim klæðafaldi breifa' eg á,  
þegar mig hrygðin slær,  
straumur eyðanátt stöðvast, þá  
styrk nýjan hjartað fær.

10. Hér hómu skifti heimurinn  
hlægjandi auði sín,  
endar sá glaumur eithvert sinn;  
þá æfin lífsins dvin  
láttu mér hilotnast, herra minn,  
hlutfall næst krossi þín,  
svo dýrðar fugursti dreyri þinn  
drjúpi á sálu míni. — Amen.

## 359.

(XXXVII.) Annað orð Kristi á krossinum.

Lag: Ef Guð er oss ei sjálfur hjá:\*)  
eða: Af djúpri hrygð akalla' eg þig.

**UPPREISTÚM** krossi herrans hjá  
hans móðir standa náði;  
sverðið, sem fyr nam Simeon spá,  
sál og líf hennar þjáði;  
Jóhannes einnig Jesú kær  
jafnt var þar líka staddur nær;  
glögt sá að öllu gáði.

2. Sinni móður hann segja réð :  
Son þinn littu þar, kvinná.  
Við lærisveininn líka með  
lausnarinn blítt nam inna:  
Sjá þú og móður þina þar.  
Þaðan í frá (sem skyldugt var)  
sá tók hana til sinna.

3. Sá, sem hlýðninnar setti boð  
sinni blessun réð heita  
þeim, er foreldrum styrk og stoð  
stunda með elsku' að veita;  
svoddan dygðanna dæmið hér  
Drottinn vor sjálfur gaf af sér,  
börnunum eftir að breyta.

4. Girnist þú, barn mitt, blessun fá,  
björg lífs og gæfu fína,  
foreldrum skaltu þínum þá  
þóknun og hlýðni sýna;  
ungdómsþverlyndið oftast nær

\*) Sjá Jónas Jónsson: Passíusálmar.

ólukku' og slys að launum fær,  
hrekkvisa hefndir pína.

5. Ekkjurnar hafa einnig hér  
ágætishuggun bliða;  
Jesús alt þeirra angur sér,  
aðstoð þeim veitir fríða,  
ef þær með hreinum hug og sið  
halda sér Drottins pínu við,  
og hans hjálpræðis bíða.

6. María, Drottins móðir kær,  
merkir Guðs kristni sanna,  
undir krossinum oftast nær  
angur og sorg má kanna,  
til hennar lítur þar herrann hýrt,  
huggunarorðið sendir dýrt  
og forsjón frómra manna.

7. Það reynist oft í heimi hér  
hlutfall Drottins ástvina,  
hörmungar sverðið sárt þá sker,  
sæld lífsins gleður hina,  
hverjir þó Kristum hæða mest,  
hefir svo löngum yiðgengest;  
litt vill því angri lina.

8. En þeir, sem Jesúm elská' af rót,  
undir krossinum standa,  
herrans blóðfaðmi horfa á mótt,  
hvern þeir líta í anda;  
trúar og vonar sjónin sett  
sár hans og benjar skoða. rétt;  
það mykji mein og vanda.

9. Jesús einnig með ást og náð

aftur til þeirra lítur,  
gefur hugsvölun, hjálp og ráð,  
harmabönd af heim slítur,  
aðgætin föður aúgun klár  
öll reikna sinna barna tár,  
aðstoð þau aldrei hrýtur.

10. Jeg lit beint á þig, Jesú minn,  
jafnan þá hrygðin særir;  
í mínum krossi króssinn þinn  
kröftuglega mig nærir;  
sérhvert einasta sárið hitt  
sannlega græðir hjartað mitt  
og nýjan fögnuð færir.

11. Þá eg andvarpa, óska' og við,  
augunum trúar minnar,  
lit eg hvert einasta orðið við  
upp til krossþínu þinnar,  
strax sýna mér hín signuð sár,  
syndugum manni opiní stár  
brunnur blessunarinnar.

12. Gleðistund holds þá gefur mér  
Guð minn að vjlja sinum,  
upp á þig, Jesú, horfi' eg hér  
hjartans augunum mínum;  
auðlegðar-gæðin likamlig  
láttu þó aldrei villa mig  
frá krossins faðmi hínum!

13. Jónas sat undir einum lund,  
engra meina því kendli,  
hádegissólar hitastund  
hann ei til skaða brendi;  
Jesú kross-skugga skjólið hér!

skýlir þó langtum betur mér  
fyrir Guðs heiftar hendi.

14. Hvort eg sef, vaki sit eður stá,  
í sælu og hættum nauða,  
krossi þínunum. eg held mig hjá,  
horfandi á blöð þitt rauða;  
lát mig einnig, þá æfin þver,  
út af sofna á fótum bér,  
svo kvíði' eg sízt við dauða.—*Amen.*

## 360.

(XXXVIII.) Um háðung og brigzl, sem Kristur  
leiði á krossinum.

Lag: Jesus, sem að oss frelsatí;\*) eða:  
Sælt eru, þeim sjálfur Guð.

**P**EIR, sem að Kristi krossi senn  
komu og fram hjá gengu,  
hristu með háðung höfuðen,  
honum til brigzlis fengu,  
heitorð sin hefði hann haldið lítt,  
herrans musterí að brjóta,  
á þremur dögum annað nýtt  
efna með bygging fljóta.

2. Tveir lugu svoddan falsmenn fyrst  
fyrir Kaifas dómi,  
af því hafði það út borist  
eftir fjölmennis rómi;  
þessir þó hafi heyrt og séð  
herrans jartejkur fríðar,  
lygin þeim betur gafst um geð;  
gengur svo enn til viðar

3. Öldungar landsins. fólkid flest

og flokkur heiðinn striðsmanna  
herrann vorn Jesúm hæddu mest  
með höfðingjum prestanna,  
sögðu: Ef ertu son Guðs kær,  
sá þig með krafti styður,  
kom þú hér, svo það sjáum vær,  
sjálfur af krossi niður.

4. Hann, så er öðrum hefir hér  
hjálpað og læknað marga,  
megnar nú ekki að sönnu sér  
sjálfum úr neyð að bjarga.  
Svoddan háðyrði, hróp og dár  
hlaut þá Jesús að liða;  
stóð það yfir um stundir þrjár,  
